


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
MIÐVIKUDAGUR
1. september 2010 — 204. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

# Strætó yfirgefur Hlemm

**Litlir vagnar sem aka á fimm mínútna fresti koma í stað stórra strætisvagna í miðbæ Reykjavíkur samkvæmt nýjum tillögum Strætós bs. sem kynntar voru í gær. BSÍ tekur við af Hlemmi sem strætómiðstöð.**

**SAMGÖNGUR** BSÍ tekur við hlutverki Hlemms sem skipti- og endastöð Strætós bs. verði hugmyndir fyrirtækisins að veruleika. Þá verður hætt akstri stórra strætisvagna um miðborg Reykjavíkur og við taka tíðari ferðir minni vagna.

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Strætós, kynnti hugmyndir fyrirtækisins á fundi umhverfis- og samgönguráðs borgarinnar í gær ásamt fulltrúa VSÓ ráðgjafar, en verkfræðistofan kannaði hagkvæmni þess að færa starfsemi Strætós við Hlemm á BSÍ. Einar segir tillögunum hafa verið fagnað á fundinum, enda séu þær í góðum samhljómi við nýja samgöngustefnu Reykjavíkurborgar þar sem unnið sé að því að gera miðborgina æ vistvænni.

„Í umhverfis- og samgönguráði var líka fjallað um að gera Lækjargötu að sameiginlegu svæði, þar sem gatan verði lögð undir sameiginlega umferð gangandi, hjólandi og akandi, án gangstétta. Það var samþykkt að vinna áfram með þær tillögur og þá passar ákaflega illa að vera með tólf metra ferlíki akandi þarna um. Eins og er fara um miðbæinn rúmlega fjórutíu vagnar á klukkustund,“ segir Einar.

Í tillögu Strætós er gert ráð fyrir átta nýjum miðbæjarvögnum sem aki á fimm mínútna fresti, fjórir í hvora átt. „Mjög líklegt er að vagnar verði betur nýttir en í núverandi skipulagi auk þess sem fjölga má vistvænum átta metra rafmagnsvögnum á hringleiðunum í Vesturbænum og á háskólasvæðinu,“ segir í glærum með kynningu fyrirtækisins í gær.

Einar segir að verði hugmyndunum hrint í framkvæmd verði allt annað leiðakerfi en miðborgarinnar óbreytt. Af þessu sé hins vegar verulegur rekstrarlegur ávinningur, enda minnki dýr óþarfa akstur með fáa farþega.

Enn hefur þó ekki verið samið við Kynnisferðir, eigendur BSÍ, um mögulega aðkomu Strætós, en lóðin er ekki í eigu borgarinnar.

Hagkvæmnisskýrslunni var skilað í janúar og hugmyndirnar þá kynntar fyrir meirihlutanum í borginni. Afráðið var að bíða með ákvörðun um málið til að trufla ekki yfirvofandi sveitarstjórnarkosningar. **- óká**



## Eigum mikið inni

*Spaugstofan snýr aftur á Stöð 2.*

**fólk 26**

## Ærin verkefni fram undan

*Kolbrún Halldórsdóttir er nýkjörinn formaður Leikminjasafns Íslands.*

**tímamót 20**



## Tók á sig launalækkun

*Eiður Smári er genginn til liðs við Stoke City.*

**sport 32**

## veðrið í dag




**HLÝINDI** Í dag verða suðaustan 8-13 m/s SV-til, annars mun hægari. Skýjað og úrkomulítið S- og V-lands en léttir til fyrir norðan og austan. Hiti 12-20 stig.

**VEÐUR 4**



**Á ÚTLEIÐ** Kristján L. Möller samgönguráðherra er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, á útleið úr ríkisstjórinni eins og þrír aðrir ráðherrar. Forsætisráðherra fundaði með Kristjáni og öllum öðrum þingmönnum flokksins í Stjórnarráðshúsinu í gær og leitaði álits þeirra á fyrirhuguðum breytingum á ráðherraliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heimildarmynd um Laxness:

## Pólitíkin og heimsviðburðir í lífi Laxness

**FÓLK** **Ný íslensk heimildarmynd um Halldór Laxness er að fara í tökur á næstu vikum. RÚV, sænska ríkissjónvarpið og Kvikmyndamiðstöð Íslands koma að fjármögnun hennar en tengdasonur Halldórs, Halldór Þorgeirsson, leikstýrir henni og skrifar handritið ásamt Sigurði Valgeirssyni. Halldór segir þetta ekki eiga að vera dæmigerð heimildarmynd um Nóbelsskáldið þar sem hann sést á röltinu hjá Gljúfrasteini.**

**„Þetta á að fjalla um pólitíkina og þá heimssögulegu viðburði sem Halldór hafði einstakt lag á að vera einhvers staðar nærri,“ segir Halldór.**



HALLDÓR LAXNESS

**- fgg /** **sjá síðu 38**

Ögmundur Jónasson verður innanríkisráðherra og Árni Páll velferðarráðherra:

# Hrókeringar í ríkisstjórn í dag

**STJÓRNMÁL** Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, munu víkja úr ríkisstjórninni í vikunni. Allar líkur eru á að Kristján L. Möller samgönguráðherra og Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hverfi einnig á braut. Tilkynnt verður um breytingar á ríkisstjórninni áður en þing kemur saman á morgun.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður Ögmundur Jónasson nýr innanríkisráðherra og mun hafa með höndum verkefni sem áður voru á könnu samgöngu- og dómsmálaráðherra. Ekki liggur fyrir hver verður nýr ráðherra Samfylkingarinnar, en Oddný G. Harðardóttir, oddviti flokksins í Suðurkjördæmi, er helst nefnd í því samhengi.

Allt útlit er fyrir að Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, bæti á sig verkefnum heilbrigðisráðuneytisins í nýju velferðarráðuneyti.

Jón Bjarnason mun áfram sitja í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Katrín Júlíusdóttir í iðnaðarráðuneytinu, að minnsta kosti fram að áramótum þegar ráðuneytin verða sameinuð í atvinnuvegaráðuneyti. Það mun þá falla í skaut Vinstri grænna.

Þingflokkar stjórnarflokkanna munu funda frá morgni og fram eftir degi í dag, meðal annars um fyrirhugaðar breytingar á ráðherraliðinu. **- sh, kh**

Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.




SKYLDUEIGN FYRIR SKÓLAFÓLK




www.forlagid.is

## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er ekki hætta á að þú hlaupir aftur í spik?*

„Nei. Það þýðir ekkert hangs, ekkert hik, áfram áfram Breiðablik.“

Útvarpsmaðurinn Kristján Ingi Gunnarsson stendur í ströngu þessa dagana. Hann hefur einsett sér að missa 42,2 kíló og hlaupa síðan 42,2 kílómetra maraþon. Hann er harður stuðningsmaður Breiðabliks og hleypur undir merkjum félagsins.

Foreldrar nemenda í 2. bekk í Álftanesskóla ósáttir við fækkun bekkja:

# Kennurum fækkar um átta á tveimur árum

**SKÓLI** Stöðugildum í Álftanesskóla hefur fækkað um átta á síðustu tveimur árum. Nú eru 39 stöðugildi í skólanum en voru 47 skólaárið 2008 til 2009, sem er 20 prósenta fækkun. Nemendafjöldinn er sá sami, eða um 460 börn. Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri segir ástæðuna kröfu um niðurskurð í öllu skólakerfinu. Gjaldþrot sveitarfélagsins bæti hins vegar ekki úr skák. „En þó svo að það hefði ekki orðið gjaldþrota þá hefði samt verið farið í þennan niðurskurð, öll sveitarfélög eru að draga til baka aukafjárveitingar sem þau hafa sett í skólana,“ segir Sveinbjörn.

Meðal þess sem fækkun kennara hefur í för með sér er að nemendur í 2. bekk eru í tveimur bekkjum í stað þriggja í fyrra. 45 krakkar eru í árgangnum og 22 og 23 því í bekkjunum. Foreldrar í árganginum voru mjög ósáttir við þessa breytingu, enda hefur verið venjan í Álftanesskóla að hafa ekki tvo bekki fyrr en í 3. bekk, nema árgangurinn sé stærri en 50 börn. Fjallað var um áskorun þeirra til skólayfirvalda um að halda bekkjunum þremur í bæjarstjórn en bæjarstjórn bókaði stuðning við þá ákvörðun skólanefndar að fækka bekkjum.

Ingólfur Sveinsson er eitt þeirra foreldra sem voru ósátt við breytinguna. „Mér finnst afleitt að hafa svona stóra bekki á meðan börnin eru enn í öðrum bekk,“ segir Ingólfur sem meðal annars stakk upp á því við foreldra í árganginum að þeir myndu sjálfir borga fyrir þriðja kennarann, en sú hugmynd hlaut ekki undirtektir foreldra.

Sveinbjörn segir eðlilegt að foreldrar láti í sér heyra en bendir á að þrátt fyrir fækkun kennara sé meðalstærð bekkja í Álftanesi ekki nema 20 börn. **- sbt**



**ÁLFTANESSKÓLI** Fækkun bekkja í öðrum bekk hefur valdið óánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hæstiréttur staðfesti úrskurð:

## Grunaður morðingi áfram inni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær fjögurra vikna gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir manninum sem grunaður er um að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana á heimili hans í Hafnarfirði aðfaranótt 15. ágúst síðastliðinn.**

**Héraðsdómur úrskurðaði hann daginn eftir í gæsluvarðhald til 24. september. Verjandi mannsins kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem hefur nú staðfest úrskurð héraðsdóms.**

**Rannsókn er enn í fullum gangi, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. - jss**

Meint vanhæfi í dómnefnd:

## Starfaði með verðlaunahafa

**STJÓRNSÝSLA** Kærunefnd útboðsmála hefur stöðvað gerð samninga við arkitektastofuna sem varð hlutskörpust í samkeppni um hönnun hjúkrunarheimilis í Fjarðabyggð. Annar þátttakandi í útboðinu kærði niðurstöðuna á þeim grundvelli að einn dómnefndarmanna,

Einar Ólafsson, hefði í gegnum sína arkitektastofu áður átt í samstarfi við vinningshafann. Það var um gerð tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um leikskóla í Garðabæ. Kærunefndin segir að verulegur vafi leiki á hæfi Einars og því séu samningar við verðlaunahafana stöðvaðir þar til endanlegur botn fáist í málið. **- gar**

## ÖRYGGISMÁL

### Fótbrotinn við Norðlingafljót

Björgunarsveitin Ok í Borgarfirði var kölluð út á tíunda tímanum í gær þegar tilkynning barst um fótbrotinn ferðalang í gljúfri við Norðlingafljót. Sveitarmeðlimir brugðust skjótt við og voru búnir að koma hinum slasaða í bíl innan við klukkustund síðar.

# Eigendur vilja selja borginni Skáldastíg

**Listamaður og arkitekt sem eiga lóðir undir göngustíg að Unuhúsi vilja að borgin kaupi stíginn. Menningarsögulegt gildi segir Minjasafn. Sagan lifir þótt stígurinn hverfi, segir framkvæmda- og eignasvið og vill ekki eyða fé í málið.**

**MENNINGARMÁL** „Það yrði menningarsögulegt slys ef Skáldastígur hyrfi,“ segir Kristinn E. Hrafnsson, myndlistarmaður og eigandi Mjóstrætis 4, sem vill að borgin kaupi fornfrægan göngustíg á lóð hans.

Skáldastígur liggur um lóð Kristins að hinu sögufræga Unuhúsi í Garðastræti 15 þar sem löngum var afdrep skálda á borð við Halldór Laxnes og Þórberg Þórðarson. Húsið þar og lóðina á Gestur Ólafsson arkitekt. Hann hefur í áratugi reynt að fá borgina til samstarfs um Skáldastíg, meðal annars á árinu 1987 með bréfi til þáverandi borgarstjóra, Davíðs Oddssonar, og eftirmanna hans í ráðhúsinu.

„Þetta mál hefur farið marga hringi hjá borginni,“ útskýrir Kristinn, sem sjálfur kom ekki að málinu fyrr en árið 2002 þegar hann eignaðist Mjóstræti 4.



**KRISTINN E. HRAFNSSON**

Kristinn og Gestur hafa sjálfir annast Skáldastíg og ávallt haldið honum opnum, jafnt fyrir þá sem leið eiga í gegn og þá sem gagngert koma til að skoða stíginn og Unuhús. En þeim finnst ósanngjarnt að greiða fasteignagjöld af lóðinni undir stígnum. Þvert á móti telja þeir að borgin ætti að kaupa landið undir stígnum eða þá leigja það af þeim.

Í augnablikinu er málið á leið til umfjöllunar hjá menningar- og ferðamálaráði borgarinnar eftir að hafa verið tekið fyrir í skipulagsráði í síðustu viku þar sem lagðar voru fram umsagnir frá Minjasafni Reykjavíkur og skipulags- og byggingarsviði borgarinnar. Niðurstöður þessara tveggja aðila eru ósamhljóma.

Skipulagsráð mælir ekki með því að svo stöddu að eyða fé í að tryggja tilvist Skáldastígs „enda lifir sagan áfram þótt stígurinn hverfi,“ eins og segir í umsögn Ágústar Jónssonar skrifstofustjóra.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. þjóðháttafræðingur hjá Minjasafni Reykjavíkur, minnir hins vegar á að Reykjavík hafi sótt um útnefningu sem bókmenntaborg UNESCO. „Hægt er að færa rök fyrir að þar sem stígurinn tengist sögu bókmennta og rithöfunda í borginnu hafi hann mikið menningarsögulegt gildi,“ segir Guðný í sinni umsögn.

Kristinn E. Hrafnsson kveðst undrandi á því hversu illa gangi hjá borginni að taka ákvörðun. „Það er furðulegt að það skuli ekki vera hægt að taka á svona einföldum hlutum. Hvernig gengur þá með allt hitt?“ **gar@frettabladid.is**



**SKÁLDASTÍGUR** Áratugir hafa liðið án þess að borgaryfirvöld hafi tekið endanlega afstöðu til þess hvaða stöðu Skáldastígur eigi að hafa í skipulagi borgarinnar. Hér er séð frá Unuhúsi og niður stíginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Laxness um Skáldastíg

*Upp þetta dimma sund þar lá mín leið*
*mart liðið kvöld*
*og sæi eg ljós, þá var sem vanda og neyð*
*væri nú lyft af heilli öld.*

HÖFUNDUR HALLDÓR LAXNESS.



**FRÁ HVALFIRÐI** Ef allt gengur að óskum nást 150 langreyðar á vertíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvalveiðarnar í fullum gangi:

## Langreyðarnar eru orðnar 109

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalstöðin í Hvalfirði tók á móti sinni 109. langreyði í gærmorgun, að því er Skessuhorn greinir frá.

Það var Hvalur 8 sem þá kom til hafnar. Hvalur 9 kom með tvo hvali í land á sunnudaginn. Í viðtali við Skessuhorn segir Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson skipin skiptast á um að koma inn sinn hvern daginn. Veiðarnar gangi eins og í sögu, þrátt fyrir að þoka hafi legið svolítið við ströndina að undanförnu og skipin því þurft að sigla lengra eða allt upp í 200 mílur út.

Hvalur hf. hefur leyfi til veiða 150 landreyðar í sumar og önnur 25 dýr frá síðustu vertíð. Góðar horfur eru á að takist að veiða kvótann á þessari vertíð. **- shá**

Afli fyrstu fimm mánuðina:

## Verðmætið upp um 14 milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 57 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins 2010 samanborið við 43,1 milljarð á sama tímabili 2009. Aflaverðmæti hefur því aukist um tæpa 14 milljarða eða 32,4 prósent á milli ára.**

**Aflaverðmæti botnfisks var í lok maí orðið 43,7 milljarðar og jókst um 29,5 prósent frá sama tíma í fyrra þegar aflaverðmætið nam 33,8 milljörðum. - shá**

Reynitrén eru að sligast undan berjum eftir einstaka sumarblíðu:

# Galdurinn liggur í frostinu

**NÁTTÚRA** „Það er óvenjulega mikið af reyniberjum í ár eins og af öðrum jarðargróðri. Reyniberin eru stórkostlegt haustskraut en líka góð til átu með réttri meðhöndlun,“ segir Hildur Hákonardóttir, höfundur bókarinnar Ætigarðurinn – handbók grasnytjungsins.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að greinar reynitrjánna eru að sligast undan berjum. Svo verður aðeins um stuttan tíma því haustvindar munu senn slíta berjaklasana af trjánum sem verða þá engum til gagns. Margir líta þó ekki við berjunum þar sem þau eru römm og fara ekki vel í maga þess vegna.

Hildur segir hins vegar að berin megi nota bæði í hlaup, til víngerðar og einnig í skreytingar. „Það er hægt að vinna á beiskjunni í berjunum með því að láta þau frjósa fyrst í einn sólarhring og liggja síðan í vatni í þrjá sólarhringa. Þá er nauðsynlegt að skipta um vatn oft á dag eða láta renna á þau.“

Hildur segir að frysting sé ævaforn aðferð til að ná remmu og jafnvel eitri úr plöntum. Suður-Ameríkubúar nýttu þessa aðferð til að ná remmu úr villtum kartöflum.

Hildur segir að reyniberin gerjist gjarnan á trjánum þegar þau eldast. „Ég hef heyrt að það megi sjá á flugi þrasta á haustin þegar þeir fljúga gjarnan á gluggarúður að þeir séu þrælhífaðir.“ **- shá**



**BRAGÐVONT LOSTÆTI** Þeir Hákon og Snorri eru ekki hrifnir af bragðinu af reyniberjunum. Þau eru reyndar óæt fyrr en eftir rétta meðhöndlun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Aðeins í dag!

# Tilboð!

## Verð frá: 10.900 kr.*

**Rödd skynseminnar hér.**
Það er nauðsynlegt að vera á tánum þegar góð tilboð detta inn...



**Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta til Evrópu á frábæru tilboðsverði, frá 10.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.**

**Bókunartímabil:** Í dag, 1. september frá 12:00–23:59
**Ferðatímabil:** 1. september–30. nóvember 2010
**Áfangastaðir:** London Gatwick, Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá
**Þú bókar á www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

Fíton/SÍA

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 31.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,53 | 121,11 |
| Sterlingspund | 185,8 | 186,7 |
| Evra | 152,92 | 153,78 |
| Dönsk króna | 20,538 | 20,658 |
| Norsk króna | 19,073 | 19,185 |
| Sænsk króna | 16,318 | 16,414 |
| Japanskt jen | 1,4261 | 1,4345 |
| SDR | 181,83 | 182,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 197,0312

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar vill frekar að Framtakssjóður Íslands kaupi í HS Orku en skuldabréf:

# Leitað að kaupendum að Magma-bréfinu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur grennslast fyrir um áhuga mögulegra innlendra kaupenda að skuldabréfi á Geysi Green Energy vegna kaupanna á HS Orku. Uppreiknað virði bréfsins er um sjö milljarðar og er langstærsta peningalega eign bæjarfélagsins, sem á í töluverðum fjárhagskröggum og hefur ekki getað greitt af 1,8 milljarða erlendu láni sem fallið er í gjalddaga. Nú er unnið að færslu skuldabréfsins frá Geysi til Magma Energy.

Böðvar Jónsson, formaður bæjarráðs, vill ekki tjá sig um til hvaða aðila hefur verið leitað um hugsanleg kaup. Slíkar þreifingar séu þó ekki komnar á viðræðustig. Spurður hvort haft hafi verið samband við Framtakssjóð Íslands segir Böðvar: „Þeir hafa verið að skoða hugsanlega aðkomu að HS Orku og við höfum látið það ganga fyrir áður en við ræðum um hvort þeir vilja hugsanlega kaupa þetta skuldabréf.“

Böðvar segir þó að engin sérstök óvissa ríki um verðmæti bréfsins, þrátt fyrir mögulegt inngrip stjórnvalda í kaup Magma á HS Orku. „Bréfið og skilmálar þess standa í sjálfu sér óhaggaðir,“ segir hann. Verði hins vegar komið í veg fyrir kaupin og Geysir ráði ekki við að greiða af bréfinu muni Reykjanesbær einfaldlega eignast sinn hlut í HS orku að nýju. „Það getur auðvitað gerst, ef menn velta fyrir sér hinu versta.“

Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga sendir líklega bréf á verst stöddu sveitarfélög landsins í dag þar sem óskað er skýringa á stöðunni. - sh



**BÖÐVAR JÓNSSON** Hefur ekki gefið upp alla von um að 1,8 milljarða lánið gjaldfallna fáist endurfjármagnað. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Bandaríkjaher frá Írak:

## Forseti Íraks fagnar fullveldi

**ÍRAK, AP Nouri al-Maliki, forseti Íraks, fagnaði því í gær að Írak væri orðið sjálfstætt og fullvalda ríki, nú þegar Bandaríkjaher er horfinn á braut.**



NOURI AL-MALIKI

**„Samskipti okkar við Bandaríkin eru komin á nýtt stig milli tveggja fullvalda ríkja, sem jafnræði er með.“**

**Frá og með deginum í dag taka bandarískir hermenn ekki lengur þátt í bardögum í Írak. Allar bardagasveitir þeirra eru farnar, þótt enn séu fimmtíu þúsund bandarískir hermenn eftir í landinu. Þeir eiga að sjá um þjálfun og og ráðgjöf. - gb**

Rekstur HS Orku:

## Tapaði tveimur milljörðum

**ORKUMÁL** HS Orka tapaði tæplega tveimur milljörðum króna á fyrri hluta ársins. Á sama tíma á síðasta ári skilaði HS Orka 612 milljóna króna hagnaði.

Meðal ástæðna fyrir tapinu nú, og eru tíundaðar á heimasíðu fyrirtækisins, er talsverð lækkun á álverði og þar með hafi framtíðarvirði álsölusamninga lækkað um rétt rúma fjóra milljarða á tímabilinu.

Þá hefur gengi krónunnar einnig haft áhrif. Hækkun krónunnar hefur valdið gengishagnaði sem nemur tæplega 600 milljónum króna samanborið við tæplegan milljarð á sama tíma á síðasta ári.

# Efast um rekstrargrundvöll

**Ríkisendurskoðun efast um rekstrargrundvöll menntasetursins Keilis og átelur notkun ríkisframlaga. Framkvæmdastjóri segir skýrsluna illa fram setta og fulla af dylgjum um reksturinn og faglegt starf.**





**FRÁ MIÐNESHEIÐI** Keilir er hluti af nýju samfélagi á gamla varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll þar sem eitt stærsta frumkvöðlasetur landsins er staðsett, orkurannsóknasetur, heilsuþorp og alþjóðlegt gagnaver. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MENNTAMÁL** Ríkisendurskoðun efast um að rekstrargrundvöllur sé fyrir Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Stofnunin segir að Keilir hafi varið hluta af ríkisframlagi til annarra námsgreina en um var samið. Framkvæmdastjóri Keilis er ósáttur við efni skýrslunnar og ekki síst framsetningu hennar.

Ríkisendurskoðun segir í skýrslu sinni að erfitt sé að meta faglegan árangur Keilis enda reynslan af starfsemi menntasetursins lítil. Óumdeilt sé þó að Keilir hafi hleypt lífi í menntamál á Suðurnesjum og samfélagið á gamla flugvallarsvæðinu. Ríkisendurskoðun beinir tilmælum til Keilis í þremur liðum. Að Keili beri að tryggja eigið rekstraröryggi þar sem stjórnvöld séu ekki skuldbundin til að veita einkaskólum framlög af almannafé. Að tryggja að framlög ríkisins renni til umsaminna verkefna og efla þurfi gæðastarf skólans. Sérstaklega er nefnt að efla þurfi stærðfræðikennslu og draga úr brottfalli nemenda.



HJÁLMAR ÁRNASON

Á árunum 2007 til 2010 veitti ríkið Keili alls 685,7 milljónir króna í beinum og óbeinum framlögum. Í árslok 2009 nam uppsafnaður halli af rekstri Keilis 136 milljónum króna en heildarskuldir voru um 463 milljónir. Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, segir að Ríkisendurskoðun kveði fastar að orði en ástæða sé til. „Það er látið í það skína að við séum að misfara með fé. Öfugt við það sem má skilja af lestri skýrslunnar þá hefur allt það fé sem Keilir hefur fengið runnið til námsbrauta. Þær námsbrautir eru allar viðurkenndar af opinberum aðilum, ýmist menntamálaráðuneyti eða flugmálastjórn. Allt sem við höfum gert er uppi á borðum og ráðuneytið hefur hælt okkur fyrir frumkvæði. Á þeim nótum skrifaði ráðherra undir samning við Keili í maí og rammaði þar inn það starf sem hér er unnið.“

> Auðvitað eigum við að tryggja okkar rekstur. Það er skylda stjórnenda hvort sem um einka- eða ríkisskóla er að ræða.
>
> **HJÁLMAR ÁRNASON**
> FRAMVÆMDASTJÓRI KEILIS

Hjálmar segir að margt í skýrslunni veki furðu. Ekki síst framsetning skýrslunnar sem sé full af dylgjum. „Fyrirsagnir eru leiðandi og villandi. Setningar eins og „mikilvægt er að minna á að lögum samkvæmt eru stjórnvöld ekki skuldbundin til að veita einkaskólum framlög af almannafé.“ Hjálmar langar að vita hverju Ríkisendurskoðun er að koma á framfæri eða gefa í skyn. „Við gerðum sérstaklega athugasemd við þetta. Auðvitað eigum við að tryggja okkar rekstur. Það er skylda stjórnenda hvort sem um einka- eða ríkisskóla er að ræða. Þetta eru dylgjur og ekkert annað.“

Mikil umræða hefur verið um fjölda menntastofnana og mögulega þörf fyrir fækkun þeirra. Hjálmar segir Keili vettvang fyrir fjölda fólks sem ekki hefur fundið sig í skólakerfinu, enda sé námið bæði á framhalds- og háskólastigi. Í því liggi sérstaða skólans auk þess sem skólanum er ætlað að hafa samstarf við frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu.

svavar@frettabladid.is


## Söngfólk óskast!

**Kammerkór Mosfellsbæjar getur bætt við söngfólki í vetur.**

Fjölbreytt og áhugavert verkefnaval, m.a. Flamenco messa og þekktar söngperlur.

**Nánari upplýsingar í síma**
895 7634 (Símon)
og 899 6447 (María)

**Netfang:**
simoni@simnet.is

http://www.simnet.is/kammerkormos/


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**BONGÓBLÍÐA**
Þrátt fyrir að haustið sé gengið í garð þá verður sannkölluð sumarblíða um norðan- og austanvert landið næstu dagana og horfur á allt að 22°C. Á suðvesturhorninu verður hins vegar frekar leiðinlegt veður, strekkingur um tíma og væta.



**Á MORGUN**
Strekkingur SV-til, annars mun hægari vindur.

**FIMMTUDAGUR**
5-13 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 35° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 17° |
| París | 22° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




# 3G tekur við af NMT

**Frá og með deginum í dag hættir Síminn rekstri NMT-kerfisins sem hefur í áratugi þjónað öryggishlutverki bæði til sjós og lands.**

**Við hlutverki NMT tekur stærsta 3G farsímakerfi landsins sem rekið er af Símanum.**

Í samstarfi við Radíómiðun býður Síminn þann búnað sem til þarf, ásamt því að bjóða mikið úrval síma sem styðja 3G, 3G langdrægt og hefðbundna GSM farsímaþjónustu.

Nánari upplýsingar veita verslanir Símans og þjónustuver í síma 8007000. Einnig veitir Radíómiðun ráðgjöf um búnað í síma 511 1010.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM43367

## KJÖRKASSINN



*Var rétt af Arion banka að reka Jóhannes Jónsson frá Högum?*

| | |
|---|---|
| Já | 75,4% |
| Nei | 24,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu ánægð(ur) með endurkomu Spaugstofunnar á Stöð 2?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Neytendasamtökin segja niðurstöðu Neytendastofu í Berlínarmáli ekki bindandi:

# Boltinn er núna hjá Expressferðum

**NEYTENDUR** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Neytendasamtakanna, segir samtökin nú bíða viðbragða Expressferða við þeirri niðurstöðu Neytendastofu að ferðaskrifstofan hafi átt að endurgreiða að fullu pakkaferð til Berlínar.



**HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR**

Ferðin, sem fara átti 16. apríl í vor, var felld niður þar sem flugvöllurinn í Berlín var lokaður vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Expressferðir gáfu farþegunum kost á nýrri ferð gegn 25 þúsund króna viðbótarframlagi eða að fá endurgreiddan þann helming kostnaðarins, um 40 þúsund krónur, sem var vegna flugsins sjálfs. Hótelgistingin var hins vegar ekki endurgreidd. Sjö farþeganna leituðu til Neytendasamtakanna sem kærðu ákvörðun Expressferða fyrir hönd eins þeirra.

Hildigunnur bendir á að Neytendastofa úrskurði ekki um fjárhagslegar kröfur einstaklinga og geti því ekki lagt fyrir Expressferðir að endurgreiða alla ferðina heldur geti aðeins sagt til um hvað ferðaskrifstofan hafi átt að gera.

„Þó að þessi úrskurður sé kominn er ekki víst að þessi aðili eða aðrir í sömu sporum fái peningana sína. Nú erum við í raun að bíða eftir því hvort Expressferðir ætli að bregðast við með því að endurgreiða þeim sem leitað hafa til okkar eða áfrýja,“ segir Hildigunnur.

Lilja Hilmarsdóttir, rekstrarstjóri Expressferða, segir lögmenn ferðaskrifstofunnar enn fara yfir stöðuna. „Málið er enn þá í skoðun,“ segir Lilja. **- gar**



### Endurgreiði ferð sem aflýst var í eldgosinu

**Neytendastofa segir að Expressferðum beri að endurgreiða gistingu en ekki aðeins flug í pakkaferð til Berlínar sem féll niður vegna gossins í Eyjafjallajökli. Aflýst var á síðustu stundu og hótelið neitaði að endurgreiða Expressferðum.**

**NEYTENDUR** Ferðalangur sem keypti pakkaferð til Berlínar í apríl í vor á að fá alla ferðina endurgreidda en ekki aðeins flugið eins og Expressferðir vildu. Þetta er niðurstaða Neytendastofu.

Lilja Hilmarsdóttir, rekstrarstjóri hjá Expressferðum, sem er í eigu Iceland Express, segir ekki tímabært að tjá sig um niðurstöðu Neytendastofu. Farið verði yfir málið með lögfræðingum í dag.

Umrædd ferð átti að vera til Berlínar 16. apríl. Þar var ætlunin að gista á hóteli í þrjár nætur. Lilja segir að allt fram á síðustu stundu hafi verið vonast til að hægt yrði að lenda í Berlín. Reyndin hafi þó orðið sú að lokað var fyrir flugumferð í Berlín og úti um allt í Evrópu þennan dag.

Expressferðir buðu farþegunum að fá flughlutann endurgreiddan eða að fá sams konar ferð og greiða 25 þúsund krónur til viðbótar. Einn farþeginn sætti sig við hvorugan kostinn og leitaði til Neytendasamtakanna sem kærðu málið til Neytendastofu. Að sögn Lilju kostaði umrædd ferð um 83 þúsund krónur. Um helmingurinn hafi verið vegna gistingarinnar.

LILJA HILMARSDÓTTIR

**BERLÍN** Aflýsa þurfti flugi Expressferða til Berlínar hinn 16. apríl því flugvöllurinn var lokaður vegna gossins í Evrópu.

[…] við sátum uppi með allan kostnað við ferðina.

LILJA HILMARSDÓTTIR REKSTRARSTJÓRI HJÁ EXPRESSFERÐUM

með allan kostnað við ferðina,“ útskýrir Lilja sem kveður langflesta viðskiptavinina hafa verið sátta við það hvernig Expressferðir tóku á málinu. „Fólk skildi þetta mjög vel.“

urstaða þess verði fordæmisgefandi.

„Spurningin er hvort allur kostnaður eigi eingöngu að falla á ferðaskrifstofuna eða flugfélögin,“ segir hún. Í umfjöllun Neytendastofu kemur fram það sjónarmið Expressferða að þar sem fluginu hafi verið aflýst vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna – svokallaðs „force majeure“ bæri ferðaskrifstofunni ekki að endurgreiða ferðina alla. Var þar meðal annars vísað í greinargerð laga um alferðir.

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Neytendastofa segir það ekki samrýmast lögum að endurgreiða ekki í heild þriggja daga pakkaferð til Berlínar.

Jákvæð vöruskipti í júlí:

## Flutt út fyrir 44 milljarða króna

**EFNAHAGSMÁL** Í júlímánuði voru fluttar út vörur fyrir tæpa 44 milljarða króna og inn fyrir rúma 39 milljarða. Vöruskiptin voru jákvæð um 4,6 milljarða. Í júlí í fyrra voru vöruskiptin hagstæð um tæpa 0,4 milljarða á sama gengi.

Fyrstu sjö mánuðina 2010 voru fluttar út vörur fyrir rúman 321 milljarð en inn fyrir tæpa 253 milljarða. Rúmlega 68 milljarða afgangur var því á vöruskiptum við útlönd, miðað við 41,3 milljarða afgang á sama tíma í fyrra.

Sem áður er langmest flutt út af áli og sjávarafurðum en mest inn af hrávöru, eldsneyti og fjárfestingarvörum. **- sh**

Semja við Skyggni um UT:

## Efla öryggi hjá Landsbjörg

**VIÐSKIPTI Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur samið við Skyggni um rekstur á upplýsingatækniumhverfi félagsins. Í þjónustunni felst meðal annars rekstur lykilkerfa, vöktun á búnaði og neti og afritun á tölvugögnum.**

**„Um er að ræða viðbót við fyrri samning,“ segir í tilkynningu Landsbjargar. Stefnt er að því að efla öryggi og auka hagræðingu í rekstrarumhverfi félagsins, „svo sem með sýndarvæðingu í upplýsingatækniumhverfi sem felur í sér lækkun á rekstrarkostnaði tölvukerfa og dregur úr fjárbindingu í vélbúnaði“. - óká**

**MÝRDALSHREPPUR**

### Slökkviliðsstjórar í mat

Gestum á komandi ársfundi slökkviliðsstjóra í Vík verður boðið í hátíðarkvöldverð og rútuferð um svæðið á kostnað sveitarfélaga á svæðinu eins og venjan hefur verið alls staðar þar sem ársfundurinn hefur verið haldinn.

# Flóahreppur braut lög með brottrekstri

**Brottvikning formanns umhverfisnefndar Flóahrepps og skipan nýs formanns í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í vor var ólögmæt samkvæmt úrskurði ráðuneytis. Sýnir vinnubrögð fyrrverandi meirihluta segir formaðurinn fyrrverandi.**

**STJÓRNSÝSLA** Flóahreppur braut ítrekað lög þegar sveitarstjórn hreppsins vék formanni umhverfisnefndar hreppsins frá og skipaði nýjan formann stuttu fyrir aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í vor, samkvæmt úrskurði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Sveitarstjórnin ákvað á fundi sínum 17. mars síðastliðinn að víkja Almari Sigurðssyni úr embætti formanns umhverfisnefndar, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu á þeim tíma. Almar kærði brottvikninguna til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

„Þetta er bara eitt dæmi um vinnubrögðin sem viðgengust hjá þáverandi sveitarstjórn,“ segir Almar. Hann segir málinu lokið af sinni hálfu, en það sé ágæt áminning fyrir sveitarstjórnarfólk um að vanda sig í sínum mikilvægu störfum.



**ALMAR SIGURÐSSON**

Í úrskurði ráðuneytisins kemur fram að ekki sé neitt athugavert við að sveitarstjórn skipti um fulltrúa í nefndum verði trúnaðarbrestur. Framkvæmdin var hins vegar ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög.

Í aðdraganda kosninga kom fram nýtt framboð í Flóahreppi. Að því stóð hópur fólks sem var andsnúinn Urriðafossvirkjun. Hart var tekist á um virkjanamál fyrir kosningarnar, og virðist brottrekstur Almars hafa verið hluti af þeim deilum.



**DEILUR** Hart var deilt um fyrirhugaða Urriðafossvirkjun í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Nýtt framboð sem var andsnúið virkjuninni varð undir í kosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákveðið var að víkja Almari frá kemur fram að hann hafi tilkynnt um framboð gegn sitjandi sveitarstjórn. Var vísað í tvö viðtöl við Almar í Fréttablaðinu, þar sem hann var titlaður „einn aðstandenda“ nýs framboðs.

Almar mótmælti því að hafa lýst yfir framboði, og var hvergi á lista í sveitarstjórnarkosningunum. Eiginkona hans leiddi hins vegar lista fólks sem fór fram gegn sitjandi sveitarstjórn.

Í úrskurði ráðuneytisins kemur fram að sveitarstjórnin virðist hafa byggt ákvörðun sína á túlkun sinni á fréttum Fréttablaðsins, í stað þess að sannreyna þann skilning sinn að Almar væri sjálfur á leið í framboð. Samkvæmt úrskurðinum var sveitarstjórninni ekki heimilt að víkja honum frá án þess að staðreyna upplýsingarnar.

Í kjölfar brottvikningar Almars kaus sveitarstjórnin nýjan formann umhverfisnefndar. Þar braut sveitarstjórnin aftur lög, þar sem þau kveða á um að þurfi að kjósa fulltrúa í ráð eða nefnd skuli kjósa í nefndina alla að nýju. Vegna þessa var skipan í nefndina ólögmæt. **brjann@frettabladid.is**



**EINN NÁMUMANNANNA** Hafa nú þurft að bíða í 27 daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boranir hefjast í Chile:

## Biðin orðin sú lengsta til þessa

**CHILE, AP Námumennirnir 33, sem setið hafa fastir í lokuðum námugöngum í Chile síðan 5. ágúst, hafa nú verið fastir lifandi niðri í námugöngum lengur en áður hefur þekkst.**

**Á síðasta ári voru þrír námumenn í Kína fastir niðri í námugöngum í 25 daga áður en þeim var bjargað.**

**Í gær hófust fyrstu boranir með 31 tonns bor, sem á að nota til að bora mjóa holu niður til mannanna. Að því búnu verður stærri bor notaður til að útvíkka holuna þar til hún verður nógu víð til að mennirnir komist upp.**

**Búist er við að sú vinna taki þrjá til fjóra mánuði. - gb**

Landhelgisgæslan:

## Leit að neyðarsendi í tvo daga

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan gerði umfangsmikla leit að neyðarsendi frá sunnudegi til mánudags sem sendi frá sér ítrekuð skeyti.

Við eftirgrennslan kom í ljós að neyðarsendinum hafði verið komið fyrir í ruslagámi hjá Sorpu.

Sendirinn hafði þá sent fjölda neyðarskeyta sem bárust með reglulegu millibili til björgunarmiðstöðva beggja vegna Norður-Atlantshafsins. **- shá**



# Fjögur ár ein tölva

Faster. Smarter.
★★★☆☆ Processor Rating

**Inspiron N5010**
Intel® Core™ i3-330M Processor
2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
Intel HD skjástýring
250GB 5.400rpm harður diskur




Bjóðum upp á **12 mánaða** vaxtalaus lán

Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði
VERÐ
**109.900 kr. – 169.900 kr.**

**Þriggja ára ábyrgð**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



## Dell fartölvubakpoki

5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjá.

VERÐ
**9.850 kr.**



## Dell þráðlaus mús

3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERÐ
**5.450 kr.**



## Dell ferðahátalarar

Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERÐ
**8.950 kr.**



## Kingston USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERÐ frá
**2.450 kr.**




## Internet Security PRO 2010

Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERÐ
**5.950 kr.**



## Office Home and Student 2010

Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERÐ
**19.950 kr.**

# Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf

EJS 1939 70 2009

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða verðlaun komu í hlut Bjarkar Guðmundsdóttur á mánudag?*

**2.** *Hvað fær Jóhannes Jónsson greitt fyrir að afsala sér kauprétti á hlutabréfum í Högum og fara ekki í samkeppni við fyrirtækið?*

**3.** *Hvað telur LÍÚ óþarft?*

Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar kemur áfram í veg fyrir hljóðritanir á fundum:

# Enn verið að vinna í hljóðritunarmálinu

**MOSFELLSBÆR** Hljóðritanir eru óheimilar á bæjarstjórnarfundum Mosfellsbæjar. Birta Jóhannesdóttir, þriðji maður á lista Íbúahreyfingarinnar, bað Karl Tómasson, forseta bæjarstjórnar, um leyfi til þess að hafa hljóðnema á bæjarstjórnarfundi 25. ágúst síðastliðinn, en var neitað.

Karl segir að verið sé að vinna að áætlun varðandi uppsetningu hljóðkerfis í fundarsal bæjarstjórnar. Varðandi þetta einstaka mál segir hann að fundirnir séu að sjálfsögðu opnir öllum en vildi ekki færa rök fyrir því hvers vegna Birtu var bannað að taka upp á síðasta fundi, sem var sá fyrsti eftir sumarfrí. Hann segir nauðsynlegt að draga einhvers konar mörk í þessum málum. „Ef fimm aðilar vilja allir koma með upptökutæki og skella á borðið hjá bæjarstjórn … einhvers staðar verða mörkin að vera,“ segir Karl. Hann segir að lögð hafi verið fram hugmynd að uppsetningu á hljóðritunarkerfi í salina á síðasta kjörtímabili. Verið sé að bíða eftir tilboði í verkið.



KARL TÓMASSON

Fréttablaðið fjallaði um málið í byrjun júlí, en þá hafði verið tekið fyrir hljóðritun á öðrum fundi nýrrar bæjarstjórnar af hálfu forseta. Kom þá einnig fram að verið væri að vinna í málinu. **- sv**



**MOSFELLSBÆR** Beðið er eftir tilboði í hljóðkerfi fyrir fundarsali bæjarstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill ekki kosningaeftirlit:

## Segir hugdettuna fráleita

**SVÍÞJÓÐ** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, segir fráleitt að Evrópuráðið þurfi að senda kosningaeftirlitsmenn til Svíþjóðar, til að fylgjast með þingkosningum eftir þrjár vikur. Danir hafa gagnrýnt framkvæmd kosninga í Svíþjóð, meðal annars að á kjörstað geti viðstaddir séð hvaða flokk kjósendur kjósa.



FREDRIK REINFELDT

Danskir stjórnmálamenn úr þremur flokkum, Venstre, Íhaldsflokknum og Danska þjóðarflokknum, vilja því senda eftirlitsmenn til Svíþjóðar til þess að fylgjast með kosningunum. **- gb**

Ekki samið um undanþágur frá reglum ESB:

# Eigum að fylgja fordæmum sem til eru

**UTANRÍKISMÁL** Ísland semur ekki um undanþágur frá meginreglum Evrópusambandsins, heldur verður farið fram á sérlausnir, líkt og fordæmi eru fyrir. Þetta sagði Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum ráðherra og sendiherra, í viðtali við Morgunútvarp Rásar 2 í gær.

„Samningsstaða Íslands í sjávarútvegsmálum er mjög einföld. Efnahagslögsaga Íslands er algjörlega aðskilin efnahagslögsögu landanna við Norðursjóinn. Fiskveiðistofnarnir sem við nýtum eru að 85 prósentum algjörlega aðskildir og staðbundnir.“ Hann kveður aðeins farið fram á að íslenska efnahagslögsagan verði gerð að sérstöku fiskveiðistjórnunarsvæði. „Það er út af fyrir sig engin undanþága frá fiskveiðistjórnunaraðferðunum, sem eru að verða mjög svipaðar hjá báðum aðilum. Við segjum bara að út frá fordæmum sem eru til, bæði frá Miðjarðarhafinu og Eystrasalti, að Ísland verði með sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði.“



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Það sama segir Jón uppi um landbúnað. „Þar verður örugglega lögð höfuðáhersla á að fá svipaða niðurstöðu og Svíar og Norðmenn sem stunda landbúnað við erfiðar aðstæður.“ **- óká**



**BJÖRN LOMBORG** Vill nú að skattur á losun gróðurhúsalofttegunda verði notaður til að standa straum af frekari rannsóknum og tækniþróun. NORDICPHOTOS/AFP

# Efasemdarmaður snýr við blaðinu

**Björn Lomborg hvetur nú til alþjóðlegra aðgerða gegn hlýnun jarðar. Hann hefur hingað til einkum verið þekktur fyrir efasemdir sínar um tilgang slíkrar baráttu. Segist samt ekki hafa skipt um skoðun.**

**DANMÖRK** Danski hagfræðingurinn Björn Lomborg, sem er þekktur fyrir efasemdir sínar um tilgang þess að berjast gegn hlýnun jarðar, hefur nú snúið blaðinu við og leggur til að ríki heims verji jafnvirði tólf þúsund milljarða króna á ári hverju til þeirrar baráttu.

Þessi upphæð eigi að duga til þess að í lok aldarinnar verði mannkynið laust við þennan vanda. Peningana eigi að nota meðal annars til frekari rannsókna og tækniþróunar. Þetta telur hann hægt að fjármagna með því að leggja skatt á losun kolefna út í andrúmsloftið.

Þessa tillögu kemur Lomborg með í nýrri bók, Smart Solutions to Climate Change, eða Sniðugar lausnir á loftslagsvandanum, sem kemur út innan fárra vikna. Þar skoðar hann, ásamt fleiri hagfræðingum, átta mismunandi leiðir til þess að draga úr eða stöðva hlýnun jarðar.

Í bókinni segir hann að loftslagsbreytingar séu „eitt helsta áhyggjuefnið, sem heimurinn stendur frammi fyrir nú um stundir“ og jafnframt séu þær „áskorun sem mannkynið þarf að takast á við“.

**12** þúsund milljörðum króna vill hagfræðingurinn Björn Lomborg að ríki heims verji á ári hverju í baráttunni við hlýnun jarðar.

Í viðtali við breska dagblaðið Guardian neitar Lomborg því að hann hafi skipt um skoðun á hlýnun jarðar. Hann hafi strax í fyrstu bók sinni lýst því yfir að hann trúi því, sem fjöldi loftslagsvísindamanna hefur lengi haldið fram, að orsaka hlýnunarinnar sé að leita í gjörðum mannanna. Efasemdirnar hafi einungis snúist um það, hvort það borgaði sig fyrir mannkynið að leggja út í þann gríðarlega kostnað sem það hafi í för með sér að hægja á eða stöðva hlýnunina.

„Það sem ég hef alltaf verið að segja er að þetta sé enginn heimsendir,“ segir Lomborg. „Þess vegna ættum við að miða við það sem allir aðrir eru að segja, sem er að við ættum að nota peningana okkar vel.“

Þessi breytta afstaða Lomborgs gæti haft áhrif á alþjóðlegar viðræður um aðgerðir gegn hlýnun jarðar, sem siglt hafa í strand meðal annars vegna efasemda sumra þátttakendanna um áreiðanleika þeirra vísinda, sem eru að baki hugmyndum um að hlýnun jarðar sé af mannavöldum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

// NAESTAKYNSLOD.IS




// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDUR
Miðvikudaginn 1. sept.
Kl.19 fyrir 13 -15 ára
Kl. 20 fyrir 16-20 ára og 21-25 ára
Ármúli 11, 3. hæð.

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13-15 ÁRA
Mánudaginn 13. sept. kl. 17-21
Þriðjudaginn 28. sept. kl. 17-21

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16-20 ÁRA
Þriðjudaginn 14. sept. kl. 18-22
Miðvikudaginn 29. sept. kl. 18-22

// NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA
Miðvikudaginn 15. sept. kl. 18-22
Fimmtudaginn 30. sept. kl. 18-22

VILT ÞÚ...
...verða einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...vera sáttari við sjálfan þig?

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

// SÍMI 555-7080




Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER SICHER UNGS KAMMER BAYERN

Finanzgruppe



**MYNDASTYTTULEIKUR** Um helgina var haldin í Arnhem í Hollandi heimsmeistarakeppni í þeirri íþrótt að þykjast vera myndastytta. Sumir þátttakendanna unnu saman. NORDICPHOTOS/AFP

Kjaradeilu Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna lokið:

# Einungis munaði níu atkvæðum

**KJARAMÁL** Kjarasamningur Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og launanefndar sveitarfélaga (LN) var samþykktur í almennri atvæðagreiðslu í fyrradag. Einungis munaði níu atvæðum, en 100 manns voru ósamþykkir samningum og 109 samþykkir. Talningu lauk laust fyrir hádegi í gær.

Undirritun samningsins fór fram þann 20. ágúst síðastliðinn og byggði hann á tillögu frá ríkissáttasemjara. „Það er ástæða til að fagna þessari góðu kjörsókn en að sama skapi ber að túlka þennan nauma mun sem skýr skilaboð til forsvarsmanna LSS um að grípa miklu fyrr til aðgerða,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri LSS.

„Þá er ljóst í mínum huga að andstaða félagsmanna við nýgerðan kjarasamning skýrist meðal annars af því að samningurinn er ekki afturvirkur en eldri samnningur rann út 31. ágúst 2009 eða fyrir réttu ári,“ segir hann.

Samningurinn gildir til 30. nóvember þessa árs og hefst undirbúningur fyrir gerð nýs kjarasamnings á næstu dögum. Öllum frekari verkfallsaðgerðum hefur nú verið aflýst af hálfu LSS, en allsherjarverkfall hafði verið boðað þann 3. september næstkomandi, hefðu samningar ekki náðst. - sv



**SLÖKKVILIÐSMENN** Frekari verkfallsaðgerðum hefur nú verið aflýst eftir að samið var. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SALTFISKVERKUN** IFS bendir á að þótt verð á saltfiski hafi hækkað lítillega sé viðkvæmt efnahagsástand á mikilvægum mörkuðum í S-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjávarafurðaverð hækkar enn:

## Árshækkunin er 6,6 prósent

**SJÁVARÚTVEGUR** Verð á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt hækkaði um 1,5 prósent í júlí, samkvæmt útreikningi IFS Greiningar.

„Afurðaverð á erlendum mörkuðum hefur verið í hægu hækkunarferli síðustu mánuðina. Nú hefur verðið hækkað um 6,6 prósent síðustu 12 mánuði,“ segir í umfjöllun IFS. „Tölurnar undanfarna mánuði sýna að aðstæður á mörkuðum erlendis hafa náð ágætu jafnvægi. Þó er ástandið innan einstakra afurðaflokka misjafnt.“

Bent er á að mjölverð sé hátt í sögulegu samhengi, sem og verð á sjófrystum botnfiskafurðum. - óká

**UMHVERFISMÁL**

### Hávaði frá Players

Íbúar í nágrenni skemmtistaðarins Players í Kópavogi vilja að reynt verði að stemma stigu við hávaða frá staðnum. Bæjarráð Kópavogs vísaði málinu til umsagnar framkvæmda- og tæknisviðs bæjarins. Ónæði mun hafa magnast eftir að bannað var að reykja innandyra auk þess sem meira er um að vera á virkum kvöldum en áður.

# Kaffi gæti hækkað um allt að 30 prósent

**Gífurleg hækkun á heimsmarkaðsverði á kaffi mun fyrr eða síðar skila sér í innkaupakörfu Íslendinga. Uppskerubrestur og breytingar á markaðnum orsök. Ekki lengur hægt að sitja á sér með hækkanir, segja kaffiframleiðendur.**

**NEYTENDUR** Heimsmarkaðsverð á kaffi hefur hækkað um 33 prósent frá því í júní sökum uppskerubrests og breytinga á kaupháttum. Kaffiverð hefur ekki verið hærra í 13 ár og segja íslenskir kaffiframleiðendur að verðhækkanir séu óhjákvæmilegar hér á landi.

„Síðastliðin tvö og hálft ár hefur hráefnisverð til okkar hækkað um 123 prósent,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, stofnandi og eigandi Kaffitárs. „Við höfum frá ársbyrjun 2008 hækkað verð um 39 prósent, sem þýðir að verulega er gengið á framlegð fyrirtækisins.“ Aðalheiður gerir ráð fyrir enn frekari hækkunum í september, en þó aldrei meira en tíu prósent. Hún segir ekki koma til greina að skipta um birgja og kaupa ódýrara kaffi. „Um 70 prósent af okkar kaffi eru keypt frá bændum sem við höfum verslað við í mörg ár. Þeirra afkoma er háð okkar kaupum.“



**KAFFIBOLLAR** Kaffi gæti hækkað um allt að 30 prósent, að sögn framkvæmdastjóra Ó. Johnson og Kaaber ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ólafur Ó. Johnson, framkvæmdastjóri Ó. Johnson & Kaaber ehf., tekur undir með Aðalheiði og segir áframhaldandi verðhækkanir óumflýjanlegar og möguleiki sé á allt að 30 prósenta hækkun. Mest sé hækkunin á kaffi frá Kólumbíu sökum uppskerubrests þar í landi en einnig hefur áhrif aukin sala á hráefni umfram hlutabréf í fyrirtækjum, sem gerir það að verkum að skortur er á hrávöru.

Sigmundur Dýrfjörð, framkvæmdastjóri hjá Te og kaffi, segir hækkanirnar vera mismiklar eftir löndum og fyrirtækið hafi þurft að draga gífurlega úr sölu á ýmsum gæðategundum. Þá tekur hann undir með Ólafi að ein ástæðan fyrir hækkunum sé sala hráefnis umfram hlutabréf á markaðnum, ofan á uppskerubrest.

„Við erum búin að rýna í þetta og vonast til þess að sterkara gengi komi til móts við okkur, en það er því miður ekki raunin.“

Verðhækkanir á innkaupum hjá Te og kaffi nema allt að 50 prósentum og hafa sumar tegundir alveg dottið út. Sigmundur segist þó ekki sjá fram á að hækkanirnar muni skila sér inn á kaffihúsin í bráð.

„Kaffið er ódýrasti hlutinn af kaffibollanum. Vélabúnaðurinn, húsaleigan og laun starfsmanna spila þar stærstan hlut,“ segir hann. „Þó svo að kaffið hækki verulega í verði hefur það ekki gríðarleg áhrif á bollann sem slíkan.“ sunna@frettabladid.is



**HANDTEKINN** Þriðji fíkniefnabaróninn sem tekinn er úr umferð á tíu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fíkneifnaleiðtogi handtekinn:

## Mexíkóstjórn hrósar sigri

**MEXÍKÓ, AP Edgar Valdez Villarreal, jafnan nefndur Barbie, hefur verið handtekinn í Mexíkó. Hann er þriðji fíkniefnabaróninn sem handtekinn er eða felldur á tíu mánuðum í allsherjarstríði Mexíkóstjórnar við voldugustu fíkniefnahringi landsins.**

**Valdez er talinn hafa reynt að ná völdum í öðrum fíkniefnahring eftir að leiðtogi hans, Arturo Beltran Leyva, lést í desember síðastliðnum í átökum við lögreglu og her.**

**Valdez er sakaður um stórfellt fíkniefnasmygl og margvísleg ofbeldisbrot.** - gb

**MÝRDALSHREPPUR**

### Urðunarsvæði í ólestri

Umhverfisstofnun hefur kvartað undan því við sveitarstjórn Mýrdalshrepps að urðunarsvæði við Uxafótarlæk sé enn ógirt og að umgengni þar sé ábótavant. Sveitarstjórn hyggst setja girðingu umhverfis svæðið á næstu fjárhagsáætlun.




Óvissa um framtíð fjármögnunarfyrirtækisins Avant:

# Öllu starfsfólki Avant var sagt upp störfum

**FYRIRTÆKI** Bráðabirgðastjórn fjármögnunarfyrirtækisins Avant sagði í fyrradag upp öllum starfsmönnum fyrirtækisins, 29 að tölu. Þeir vinna allir á þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Friðjón Örn Friðjónsson, formaður bráðabirgðastjórnar Avant, sem tók við félaginu um miðjan júlí, segir enga breytingu hafa orðið á starfsemi fyrirtækisins. Framtíð þess sé þó sveipað mikilli óvissu, sem hafi valdið því að ákveðið hafi verið að segja starfsfólkinu upp. Friðjón vinnur nú að drögum að nauðasamningum sem lagðir verða fyrir kröfuhafa félagsins. Reiknað er með að þeir verði lagðir fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur innan þriggja vikna. Friðjón reiknar með að hluti starfsfólks verði ráðinn aftur.

Á meðal helstu óvissuþátta í rekstri Avant er væntanlegur dómur Hæstaréttar hvað varðar vaxtaviðmið gengistryggðra lána.



**BÍLAR** Formaður bráðabirgðastjórnar Avant segir óvíst með framtíðarhorfur félagsins. Ákveðið hafi verið að segja upp öllu starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verði ákveðið að miða útreikninga lána við samningsvexti horfi til betri vegar. Ekki er reiknað með að málin skýrist fyrr en dómur Hæstaréttar liggur fyrir, hugsanlega innan mánaðar. „Við treystum okkur ekki til annars en að segja öllum upp,“ segir Friðjón. - jab


LJÓSASPRENGJA
í fullum gangi
TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!
25% AFSLÁTTUR AF SPARPERUM
LJÓSAKRÓNA
Verð 49.900 kr.
TILBOÐ 30.000 kr.
LJÓSAKRÓNA
Verð 74.900 kr.
TILBOÐ 55.000 kr.
ÚTILJÓS
Verð 8.990 kr.
TILBOÐ 6.000 kr.
ÚTILJÓS
Verð 13.900 kr.
TILBOÐ 8.000 kr.
ÚTILJÓS
Verð 9.900 kr.
TILBOÐ 7.000 kr.
ÚTILJÓS
Verð 13.900 kr.
TILBOÐ 8.000 kr.
ÚTILJÓSASTAUR
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 16.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 17.900 kr.
TILBOÐ 12.000 kr.
LÝSINGARRÁÐGJÖF
Pfaff býður viðskiptavinum sínum lýsingarráðgjöf.
Lýsingarhönnuðir Pfaff koma með tillögur að því hvernig lýsingu er best háttað t.d. með tilliti til orkusparnaðar.
PFAFF
Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



**VITI Í SKUGGA SKIPS** Það verður lítið úr þessum snotra vita í Bremerhaven í Þýskalandi þegar skipsferlíkið Atlantic Hotel Sail City siglir fram hjá. NORDICPHOTOS/AFP



**SJÓNVÖRP SKOÐUÐ** Kaupmáttur launa hefur aukist eftir bankahrunið. Það eykur bjartsýni neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjartsýni ekki meiri frá hruni:

## Horfir til betri vegar frá hruni

**EFNAHAGSMÁL** Væntingavísitala Gallup mælist nú 69,9 stig og hefur hún ekki verið hærri frá bankahruni. Það er ekki þar með sagt að neytendur séu sérlega bjartsýnir enda miðast vísitalan við hundrað stig. Fari hún undir hundrað stig eru fleiri neytendur svartsýnir en bjartsýnir. Frá bankahruni hefur vísitalan staðið í kringum fjórutíu stig.

Greining Íslandsbanka bendir á að bjartara sé yfir landanum en áður. Það komi ekki á óvart enda bendi margt til þess að botni kreppunnar sé náð. Til betri vegar horfi á vinnumarkaði, verðbólga hafi hjaðnað, krónan styrkst og kaupmáttur aukist. **- jab**

Framtakssjóðurinn réði fyrrverandi starfsmenn Landsbankans við kaup á Vestia:

# Segir ráðgjafana ekki vera eitraða

**VIÐSKIPTI** „Þeir gerðu verðmat út frá gögnum sem við fengum í hendur. Aðkoma þeirra var ekki meiri en það,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, sem fékk ráðgjafafyrirtækið Arctica Finance og fjárfestingarbankann Saga Capital til ráðgjafar um kaup sjóðsins á eignarhaldsfélaginu Vestia fyrir 19,5 milljarða króna á dögunum.

Vestia var áður í eigu Landsbankans. Starfsmenn Arctica Finance störfuðu allir hjá fyrirtækjaráðgjöf bankans fyrir fall hans haustið 2008. Landsbankinn tók fyrirtækin yfir vegna skulda eigenda og fyrirtækjanna sjálfra við bankann.

Finnbogi segir Framtakssjóðinn hafa vitað að starfsmenn Arctica Finance hafi áður starfað hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans. Kostur sé að þeir hafi þekkt fyrirtækin áður en þeir gerðu verðmatið. „Þeir eru ekki eitraðir þótt þeir hafi unnið í bankanum,“ segir Finnbogi.

Ekki liggur fyrir hvað fyrirtækin fengu fyrir ráðgjöfina. Finnbogi segir upphæðina ekki hafa verið háa.

Arctica Finance var ráðgjafi Orkuveitu Reykjavíkur við sölu á þrjátíu prósenta hlut í HS Orku í fyrra til Magma Energy. Þóknun fyrirtækisins þá nam 0,85 prósentum af verðmæti samningsins.

Sé miðað við sama hlutfall nú má ætla að þóknunin hafi numið tæpum 166 milljónum króna, sem fyrirtækin tvö skiptu á milli sín. **- jab**



**LANDSBANKINN** Fyrrverandi starfsmenn Landsbankans voru Framtakssjóðnum innan handar við kaup á yfirteknum eignum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# BHM leggst gegn frekari framlögum í Framtakssjóð

**BHM leggst alfarið gegn frekari framlögum til Framtakssjóðs Íslands. Kallar eftir því að sjóðurinn sýni fram á að tilgangi og skilmálum sjóðsins sé fylgt. Fimm prósent af fé sjóðsins fara í kaupin á Vestia.**

**LÍFEYRISMÁL** Miðstjórn Bandalags háskólamanna (BHM) kallar eftir því í ályktun að Framtakssjóður Íslands sýni fram á með óyggjandi hætti að fjárfestingar sjóðsins fylgi tilgangi og skilmálum sjóðsins og leggst gegn frekari framlögum í sjóðinn.

„Við erum að hvetja til þess að hlutirnir séu gegnsæir,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM. Hún segir að upp hafi komið efasemdir um ákvæði sjóðsins um hlutfall einstakra fjárfestinga af heildarfjárfestingum.

Gagnrýnt hefur verið að sjóðurinn hafi samið um kaup á Vestia af Landsbankanum fyrir 19,5 milljarða þegar sjóðurinn mun hafa um 30 milljarða til að fjárfesta næstu þrjú árin.

„Við viljum að þetta sé alveg skýrt og ekki þurfi að vakna spurningar um það, þegar verið er að sýsla með fjármuni úr sjóðum launamanna,“ segir Guðlaug. „Við viljum að það sé sýnt með óyggjandi hætti fram á að fjárfestingarnar fylgi þessum tilgangi og skilmálum.“

Í ályktun miðstjórnar BHM er lagst alfarið gegn frekari framlögum lífeyrissjóða félagsmanna til Framtakssjóðsins. Guðlaug segir að með þessu sé ekki verið að leggja til að framlög verði dregin til baka. Hún segir að BHM hafi lagst gegn stofnun Framtakssjóðsins, og með þessu sé sú andstaða ítrekuð.

„Þessi ályktun kemur mjög á óvart, við höfum ekki fengið neina fyrirspurn frá BHM,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands. Hann segir erfitt að átta sig á því hvað miðstjórnin eigi við þegar talað sé um að gegnsæi þurfi að vera hjá sjóðnum, enda sé þar nú þegar algert gegnsæi í fjárfestingum.

Finnbogi segir stjórn Framtakssjóðsins taka ákvarðanir í samræmi við skilmála sjóðsins. Fyrirtæki séu ekki keypt nema stjórn sjóðsins telji þau lífvænleg og góða fjárfestingu.

Finnbogi segir sjóðinn hafa lagt út 1,5 milljarða í fjárfestinguna í Vestia, um fimm prósent af þeim 30 milljörðum sem sjóðurinn fær frá lífeyrissjóðunum á þremur árum. Hann segir að átján milljarðar króna til viðbótar séu greiddir með hlutabréfum í sjóðnum.

Finnbogi segir skýrt að sjóðirnir geti ekki hætt við þessi fjárframlög hvað svo sem miðstjórn BHM álykti. Stjórnin hafi í raun ekki aðkomu að sjóðnum öðruvísi en í gegnum stjórnarmenn í lífeyrissjóðum sinna félagsmanna.

Finnbogi segir BHM ekki hafa óskað eftir neinum upplýsingum frá sjóðnum, og því sé einkennilegt að fara fram á með þessum hætti að sjóðurinn sýni fram á að skilmálar sjóðsins séu ekki brotnir.

Framtakssjóður Íslands var stofnaður af sextán lífeyrissjóðum í desember 2009. Sjóðurinn á að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. **brjann@frettabladid.is**



**HANDSALAÐ** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands (til vinstri), og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, handsöluðu nýverið kaup Framtakssjóðsins á Vestia. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


100.000.000
+470.000.000
570.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
570 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 470 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 1. SEPTEMBER 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

## Glænýjar vörur beint frá London

ódýrt



Kápa st. 38-42
verð 7990

Dömubuxur st. 36-42
verð 4999

Dömu jogging st.s/m-m/l
verð 2499

Stelpu jogging st. 4-12ára
Verð 2499

Army buxur st.4-14ára
Verð 2499

Hattur verð 1999
Herragallabuxur st 30-38
Verð 5999

Stelpugallabuxur s.1-6ára
verð 1499

Stráka jogging st.4-12ára
Verð 2499

Stráka jogging st 4-12ára
verð 1999

Hettupeysa st 4-12ára
verð 2999

Dömu hlýri st.8-16
verð aðeins 1499

Herra skyrta st.s-xl
verð 3999

Derhúfur
verð 1999



Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali

# Opið frá kl. 11 - 19

Birt með fyrirvara um prentvillur

**FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI**
**OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19 - ALLA DAGA VIKUNNAR**

# ÚTSALA

# HEFST Í

## RAFTÆKI
**15-50% AFSLÁTTUR**



Frigor
**5 ára ábyrgð**

**69.900,-**
~~85.900,-~~

**Frystiskápur**
Orkunýting A
Stærð: 142x58x55 cm
165 ltr.
Stilling á hitastigi
Hraðfrystitakki
6 skúffur
1805493

## HANDVERKFÆRI
**25-35% AFSLÁTTUR**



**1.599,-**
~~2.499,-~~

**Tangarsett Toolux**
4 stk
5052765



**4.495,-**
~~5.995,-~~

**Áltrappa**
4 þrep
5079090

## RÝMINGAR SALA
**í timbursölum um land allt**



## SKJÓLGIRÐINGAR TRÖPPUKJÁLKAR & BLÓMAKASSAR
**25% AFSLÁTTUR**





**Salerni**
Cersanit Scandinavia
með setu. Veggstútur
8077532

**19.900,-**
~~22.900,-~~



cersanit

**Sturtusett**
Daly Top
8016104



**5.490,-**
~~14.995,-~~

## ALLAR VATNSKLÆÐNINGAR
**25% AFSLÁTTUR**



**2.190 kr/m²**
~~2.990 kr/m²~~

**Vatnsklæðning**
Kúpt 21x110mm
50900

## ALLUR PANILL
**25% AFSLÁTTUR**



**1.590 kr/m²**
~~2.135 kr/m²~~

**Grenipanill**
12 x 87 mm
55600




## Útsölublaðið kemur til þín í dag!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# ÁRSINS!

# DAG

## RÝMINGARSALA
## FLÍSAR aðeins 4 verð

**VERÐFLOKKUR 1**
**990 kr/m²**



Veggflís
Negro Azarbache,
23,5x33 sm
8613060

**VERÐFLOKKUR 2**
**1.990 kr/m²**



Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079

**VERÐFLOKKUR 3**
**2.990 kr/m²**



Veggflís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356
frostþolnar á svalirnar

**VERÐFLOKKUR 4**
**3.990 kr/m²**



Veggflís
Ethic Brown,
45x45 sm
8630025
frostþolnar, gegnheilar
hornréttar, hágæðaflísar

**ÖLL LJÓS 20-50% AFSLÁTTUR**






**3.995,-** ~~4.995,-~~

**ÖLL WORX, BLACK & DECKER OG POWERLINE VERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR**

Tvær rafhlöður

Borvél Power Plus
14.4V, 2 rafhlöður.
5245309

**ÖLL VIÐARVÖRN ÖLL ÚTIMÁLNING 25% AFSLÁTTUR**

**1.990,-** ~~2.990,-~~




Sparaðu 1.000,-

Jotun Treolje 3 ltr.
7049123

**1.995,-** ~~2.995,-~~




Innimálning
3 ltr. gljástig 10
7119960

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillögur í mótun um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu:

## Grillir í sátt?

Mögulega grillir nú í útlínur sáttar um fiskveiðistjórnunina í starfshópi sjávarútvegsráðherra. Þar mun yfirgnæfandi meirihluti vera fyrir svokallaðri samningaleið, eins og Fréttablaðið hefur sagt frá. Hún felur í sér fráhvarf frá fyrningarleiðinni, sem ríkisstjórnin lagði upp með, en gerir ráð fyrir að veiðiheimildum verði að stærstum hluta endurúthlutað til útgerðarinnar í sömu hlutföllum og nú, en á grundvelli samninga og komi gjald fyrir. Þannig verði undirstrikað að veiðiheimildirnar séu þjóðareign en ekki í einkaeigu og að kvótinn sé afnotaréttur, ekki eignarréttur.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Sömuleiðis er þorri nefndarmanna á því að nauðsynlegt sé að setja skýrt ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrána. Þar eru fulltrúar Landssambands íslenzkra útgerðarmanna þó undantekningin.

Gagnrýnin á fiskveiðistjórnunarkerfið hefur einkum verið af tvennum toga. Annars vegar er gagnrýnt að útgerðarmenn hafi í upphafi fengið kvótann gefins og farið síðan með hann sem sína einkaeign, margir selt hann aftur og farið út úr greininni með milljarða í vasanum. Hins vegar hafa menn gagnrýnt frjálsa framsalið á kvótanum, aðallega út frá hagsmunum einstakra byggðarlaga, sem hafa misst frá sér kvóta.

Nú er rætt um það að hluti af samningaleiðinni verði að fimm til tuttugu prósent kvótans fari í pott, sem úthlutað verði úr samkvæmt byggðasjónarmiðum eða öðrum félagslegum sjónarmiðum. Þá verði framsalið takmarkað með einhverjum hætti.

Verði auðlindagjald hækkað með samningaleiðinni kemur það til móts við þá gagnrýni að útgerðin hafi fengið kvótann endurgjaldslaust. Slík gjaldtaka, sem yrði ekki aðallega til málamynda, eins og verið hefur undanfarin ár, yrði þó að vera hluti af stærra samkomulagi um að allar atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir, þar á meðal orkugeirinn, greiði gjald fyrir afnotaréttinn. Auðlindaákvæði í stjórnarskrá gengi í sömu átt. Um það ríkir í raun býsna breið samstaða meðal stjórnmálaflokkanna, sem hafa verið sammála um þörfina á slíku ákvæði þótt deilt hafi verið um orðalagið.

Hinu verða menn að átta sig á að með því að takmarka framsal og taka stærri hluta kvótans frá til úthlutunar á grundvelli byggða- og félagslegra sjónarmiða, er dregið úr skilvirkni og hagkvæmni sjávarútvegsins í heild. Þannig er gengið erinda sérhagsmuna einstakra byggðarlaga á kostnað heildarhagsmuna og sjávarútvegurinn gerður líkari þeirri ríkisstyrktu og félagslega reknu atvinnugrein, sem hann er í mörgum nágrannalöndum okkar.

Út frá sjónarmiði útgerðarinnar ætti að vera skynsamlegt að fallast á hækkun auðlindagjaldsins og stjórnarskrárákvæðið, ef það mætti verða til þess að hagkvæmni fiskveiðistjórnarkerfisins yrði betur tryggð.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Menntun til sjálfbærni – ánægja og vellíðan barna**

MENNTAVÍSINDASVIÐ

**Sören Breiting** frá Danska menntavísindasviðinu (áður DPU) fjallar um hvernig samþætta megi menntun til sjálfbærrar þróunar í námskrána án þess að börnin fyllist sektarkennd og angist, t.d. vegna loftslagsbreytinga. Menntun til sjálfbærni er svið þróunar og nýbreytni í skólastarfi þar sem margt er prófað. Reynslan hefur kennt að sumar aðferðir virka betur en aðrar.



Sören Breiting

**Sören Breiting** er á Íslandi á vegum rannsóknarhópsins **GETU til sjálfbærni – menntun til aðgerða**. Sjá skrif.hi.is/geta.

Fyrirlesturinn verður haldinn **fimmtudaginn 2. september kl. 14–15** í **Bratta**, húsnæði Háskóla Íslands við Stakkahlíð, gengið inn frá Háteigsvegi.

**Ókeypis aðgangur – allir velkomnir**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Genginn af trúnni

Það fréttist í gær að Björn Lomborg, tölfræðiprófessor og heimsþekktur talsmaður efasemdarmanna um alvarleika veðurfarsbreytinga af mannavöldum, sé genginn af trúnni. Breska blaðið Guardian sagði frá því að Lomborg vilji nú láta náttúruna njóta vafans í loftslagsmálum og setja stórfé í að finna leiðir til að draga úr hlýnun jarðar. Hún sé eitt alvarlegasta vandamál samtímans. Er þá fokið í flest skjól þeirra sem hafa viljað rökstyðja efasemdir um hlýnun jarðar með vísindalegum rökum.



### Hið sanna ástand heimsins

Oft hefur verið vitnað í Lomborg í umræðum um loftslagsmál og náttúruvernd hér á landi af hálfu þeirra sem töldu ekki ástæðu til að hlusta á viðvaranir um loftslagsmál og umhverfismál.

Það var Fiskifélag Íslands sem tók að sér fyrir nokkrum árum að gefa efasemdir Lomborgs um hlýnun af mannavöldum út á íslensku. Bók hans hét því kotroskna nafni: „Hið sanna ástand heimsins“.



### Ólíklegir bókaútgefendur

Stjórnendur Fiskifélagsútgáfunnar voru þekktir fyrir flest annað en bókaútgáfu. Þar tóku sig saman Einar K. Guðfinnsson, síðar sjávarútvegsráðherra, Kristján Loftsson í Hval, Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, Kristján Þórarinsson, stofnvistfræðingur LÍÚ, Gunnar Tómasson, útvegsmaður í Grindavík, að ógleymdum helstu forsvarsmönnum samtaka íslenskra sjómanna, eins og Helga Laxdal og Sævari Gunnarssyni.

**peturg@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Góðan daginn!


Borgarmál



Jón Gnarr
borgarstjóri


Daginn eftir frækilegan kosningasigur Besta flokksins fór ég í sund. Ég synti úr mér kosningastressið. Það er óneitanlega gaman að sveifla handleggjunum stjórnlaust svo klórblandað vatnið skvettist í allar áttir. Þegar ég var orðinn uppgefinn stökk ég fimlega upp úr lauginni og settist í heita pottinn. Potturinn var fullur af fólki. Allir voru búnir að heyra úrslitin og óskuðu mér til hamingju. Ég reyndi að sýnast hógvær og sagði að þetta væri nú bara heppni, flest atkvæðin hefðu verið svokölluð „óánægjuatkvæði“. Þá stóð upp gamall maður. Allir þögnuðu og horfðu á hann. Hann horfði skömmustulegur niður fyrir sig. Hann byrjaði að tala. Í fyrstu muldraði hann. Það sem hann sagði var samhengislaust og ruglingslegt. Á milli komu langar þagnir. Hann var greinilega óvanur að tala í margmenni. Einhverjir byrjuðu að ræskja sig óþolinmóðir. Mér varð hugsað til Bandaríkjamannsins Dale Carnegie og hvort hann hefði ekki getað kennt þessum manni eitthvað. Ég hef ekki farið á námskeið hjá honum en er svo heppinn að fyrrverandi samstarfsmaður minn fór á slíkt námskeið og stóð sig svo vel að hann var heiðraður með pennagjöf. Það var eins og gamli maðurinn læsi um þessa minningu í fjarrænu augnaráði mínu því skyndilega hætti hann að stama og muldra ofan í bringu sér. Hann leit upp og horfði nú ákveðið í augu mér og sagði hátt og snjallt: „Ég kaus Besta flokkinn!“

Undrunarkliður fór um pottinn. Einn af öðrum stóðu svo aðrir gestir pottsins upp og sögðu hið sama. Ég var orðlaus. Gamli maðurinn tók í hönd mér, hallaði sér upp að mér og hvíslaði í eyra mér. Í fyrstu átti ég erfitt með að greina orðaskil en svo áttaði ég mig á því að hann var að segja mér frá bernsku sinni. Hann sagði frá því að foreldrar hans hefðu lagt mikla áherslu á að þau byðu hvert öðru góðan dag. Eftir að hafa sagt mér þetta settist hann aftur niður. En hann hafði haft áhrif á mig. Ég fór að velta því fyrir mér hvort við Reykvíkingar værum hættir að kunna að bjóða hver öðrum góðan daginn. Þykir það kannski ekki lengur „kúl“? Ég veit það ekki. En ég veit að ef fátæk en lífsglöð bóndahjón sem búa á afskekktum bæ ásamt syni sínum, þar sem ekkert internet er eða 3G samband, geta verið kurteis við hvort annað og son sinn þá getum við það líka. Þess vegna ákvað ég að efna til „Góðan daginn“-dagsins í dag, 1. september. Á „Góðan daginn“-daginn segjum við góðan daginn við alla sem við hittum og eflum þannig náungakærleikann í Reykjavík!

Gleðilegan „Góðan daginn“-dag.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þjófar sakleysisins

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Sá sem gengur inn á heimili vinar, sér þar dýrgrip sem hann ágirnist, stingur honum inn á sig þegar hann er einn í stofunni og fer með hann heim, er þjófur.

Hann réttlætir það með sjálfum sér með því að hann sé svo veikur fyrir listaverkum, og enginn hafi séð til hans. Sá sem beitir barn kynferðislegri áreitni og ofbeldi, er líka þjófur. Hann rænir barnið sakleysi bernskunnar. Brýtur niður sjálfsöryggi þess og brenglar sjálfsmat sem er í mótun. Hægt er að endurheimta dýrgrip sem var stolið, en ekki heiðríkju bernskunnar. Þegar þjófurinn er foreldri eða náinn ættingi lokast öll sund í vitund barnsins. Hverjum er treystandi? Hvert getur það snúið sér?

Sama gildir um unglinga sem verða fyrir slíkri reynslu á þröskuldi fullorðinsáranna. Heimurinn hrynur. Með árunum geta þeir byggt sig upp aftur með stuðningi ástvina og fagmanna, en þetta fyrnist ekki. Algengt mun vera að börn og unglingar gangi með þessa sáru reynslu í brjóstinu árum saman án þess að tala um hana við nokkurn mann. Vita ekki hvaða afleiðingar það gæti haft, ekki síst þegar þjófurinn er á heimilinu. Snúa þessu jafnvel að sjálfum sér og fyllast sjálfsfyrirlitningu.

Glöggir kennarar og aðstandendur taka kannski eftir breytingu á þeim, og átta sig á að ekki er allt með felldu. Foreldrar eru hins vegar oft grandalausir. Góð og glöggskyn kona fékk áfall þegar hún komst að því að maðurinn hennar hafði misnotað dóttur þeirra. Hún fór frá honum samdægurs. Sagðist eiga erfitt með að fyrirgefa sjálfri sér að hafa ekki áttað sig á því sem fram fór á heimilinu. Hún yrði að lifa með því, en það myndi hvíla á henni það sem eftir væri.

Vinur minn sem ólst upp úti á landi man glöggt eftir fjölskyldu sem skar sig úr í byggðarlaginu. Faðirinn var stæðilegur maður og stundum ræðinn, en fjölskylda hans blandaði ekki geði við fólk í þorpinu. Börnin tóku ekki þátt í leikjum með öðrum krökkum. Stóðu oft álengdar álút og feimnisleg, gjarnan með krosslagðar hendur á brjóstinu. Konan var uppburðarlítil og forðaðist að líta á fólk á förnum vegi þegar hún fór hjá.

Þetta var dálítil ráðgáta fyrir vin minn á meðan hann var að vaxa úr grasi, en áratugum síðar fékk hann skýringu. Í ljós kom að faðirinn hafi kúgað alla fjölskylduna og misnotað börn sín miskunnarlaust árum saman.

**Sannleikurinn gerir mann frjálsan**

Breyskur kirkjuleiðtogi sem lengst af naut óskoraðrar virðingar og vinsælda varpar nú rýrð á þjóðkirkjuna og margir segja sig úr henni vegna málsins. Konurnar sem kröfðust viðurkenningar á breyskleika biskupsins eiga heiður skilinn, að ekki sé talað um dóttur hans. Það er tilfinningalegt afrek, sem mun gera öðrum fórnarlömbum auðveldara að stíga fram. Enda boðar kirkjan að sannleikurinn geri mann frjálsan, og það er mikið til í því.

Það er hins vegar misskilningur að viðhafnarumbúðir geri menn almennt að heiðursmönnum á þessu sviði. Um það vitnar sagan. Biskupinn er ekkert einsdæmi.

Hvorki löng skólaganga né gott uppeldi tryggir virðingu fyrir persónuhelgi annarrar manneskju. Því miður. Einstaklingar úr þeim stéttum sem við treystum á, prestar, læknar, kennarar og lögregla geta brugðist í þessum efnum, eins og hverjir aðrir. Hempa, einkennisbúningur og læknasloppur eru aðeins umbúðir. Þau eru bara manneskjur eins og við hin. En það breytir ekki því að það er áfall fyrir einstakling þegar þessar stoðir samfélagsins bregðast alvarlega trausti. En sárast af öllu er auðvitað þegar fjölskyldan bregst.

**Breyttir tímar**

Ekki eru margir mannsaldrar síðan stór hluti þjóðarinnar bjó á afskekktum bæjum þar sem bóndinn átti kannski bæði börn með húsfreyjunni og vinnustúlkunum.

Sjálfsagt að nota kvenmannskroppana úr því þeir voru þarna. Minnisstæð er unglingstúlkan sem var uppi í hlíð á ferð milli bæja þegar karl kom gangandi eftir veginum. Um leið og hann kom auga á hana, tók hann á rás upp hlíðina. Hún vissi hvað vakti fyrir honum og hljóp hann af sér. Sagðist aldrei ganga ein á veginum, því að körlum hefði þótt sjálfsagt að grípa til kvenna og nota þær, rétt eins og þær væru húsdýr.

Nú eru aðrir tímar. Réttindabarátta kvenna og almenn þátttaka í atvinnulífi hefur styrkt sjálfsmynd þeirra. Þær geta verið eigin herrar í sínum málum og standa jafnt körlum í hvaða stöðu sem er. Þegar brotið er alvarlega á þeim verður því mætt.

# Samfélag fyrir alla

Samfélagsmál
Steinunn Þóra Árnadóttir
formaður undirbúningsnefndar Hvatningarverðlauna ÖBÍ



Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt í fjórða sinn 3. desember nk. Þá verðlaunar Öryrkjabandalag Íslands þá sem þykja hafa skarað fram úr og endurspeglað nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Megintilgangur verðlaunanna er að varpa ljósi á þá sem hafa með jákvæðum hætti stuðlað að einu helsta baráttumáli Öryrkjabandalags Íslands: einu samfélagi fyrir alla.

Það er grundvallaratriði að fatlað fólk standi að því að veita verðlaun sem þessi. Það er okkar, sem á einhvern hátt erum fötluð, að gefa tóninn, leggja línurnar og vera í fararbroddi við að meta það sem vel er gert í okkar málaflokki. Verðlaunin eru í senn hrós fyrir vel unnin störf og hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Til þess að gefa sem flestum færi á því að taka þátt í að velja verðlaunahafana leitar undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ til allra sem þekkja til og áhuga hafa á þessum vettvangi og hvetur þá til að stinga upp á verðugum fulltrúum.

Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum: flokki einstaklinga, flokki fyrirtækis/stofnunar og flokki umfjöllunar/kynningar. Þekkir þú einhvern sem þér finnst hafa staðið sig sérstaklega vel þegar kemur að málefnum fatlaðs fólks? Manstu eftir einhverju fyrirtæki eða stofnun þar sem aðgengismál eru til fyrirmyndar eða starfsmannastefnan tekur mið af því að fólk er margbreytilegt? Varð einhver bók, tímaritsgrein eða kvikmynd til þess að þú öðlaðist betri skilning og þekkingu á málefnum fatlaðs fólks? Þessi atriði og ótal mörg önnur gætu legið tilnefningum til grundvallar.

Allar upplýsingar um hvernig skila skal inn tilnefningum má finna á vef Öryrkjabandalagsins, www.obi.is, en skilafrestur er til 15. september. Taktu þátt í því með okkur að veita þeim viðurkenningu sem lagt hafa sitt af mörkum til þess að hér verði eitt samfélag fyrir alla.

Allt að 60% afsláttur
Úlpur 50% afsláttur
Krakkaúlpur 50% afsláttur
Útivistarjakkar 30% til 60% afsláttur
og fleira og fleira...
Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!
Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

innovit
Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur
Haustfundur Innovit 2010
Nýsköpun | Tengslanet | Athafnasemi
Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, býður þér til haustfundar miðvikudaginn 1. september kl. 12:00 – 13:30 í Háskólanum í Reykjavík, Nauthólsvík.
Á fundinum verða haldin nokkur stutt og skemmtileg erindi þar sem fjallað verður um það sem efst er á baugi í nýsköpun í dag.
Dagskrá:
**12:00:** Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, flytur stutt ávarp.
**12:10:** Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, fjallar um frumkvöðlaumhverfið í Kísildalnum í Bandaríkjunum og samanburð við umhverfið á Íslandi.
**12:30:** Kristján Freyr Kristjánsson, verkefnastjóri hjá Innovit, fjallar um niðurstöður meistararitgerðar sinnar sem bar yfirskriftina „Einkenni árangursríkra frumkvöðla“.
**12:50:** Andri Heiðar Kristinsson birtir nýsköpunarvísitölu Innovit í fyrsta sinn og kynnir viðburðarríkan vetur sem framundan er.
**13:15:** Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins flytur stutt ávarp og slítur fundi.
Fundarstjóri er Þórhildur Birgisdóttir, verkefnastjóri hjá Innovit.
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins býður fundargestum upp á léttar veitingar.
Aðgangur ókeypis en vinsamlegast tilkynnið mætingu á skraning@innovit.is eða á Facebook.
Meginsamstarfsaðilar Innovit
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
HÁSKÓLI ÍSLANDS
SI

# Hve lengi tekur Ölfusá við?

Umhverfismál



Benedikt Jóhannsson
frá Stóru-Sandvík



Opið bréf til Elvu Daggar Þórðardóttur, formanns framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar.

Sæl Elva

Sem gamall Sunnlendingur og unnandi Ölfusár hrökk ég við þegar þú kynntir nýlega áform bæjarstjórnar Árborgar um virkjun í Ölfusá rétt við Selfoss. Líklega eru fá dæmi um að stjórn sveitarfélags taki sjálf frumkvæði að því að höggva í sína stærstu náttúruperlu, en fá bæjarfélög hér á landi geta státað af slíkri náttúrufegurð í hjarta bæjarins, sem Ölfusá er. Tignarleg streymir hún undir brúna, sveipast í hringiðum fram hjá kirkjunni, veltur niður Selfossinn og rennur út í Sandvíkina.

Í þessu sambandi velti ég fyrir mér afstöðu Selfyssinga til árinnar, en bærinn heitir jú eftir fossi eða flúðum í ánni og sveitarfélagið Árborg er beinlínis kennt við ána. Lengi vel fór allt skólp á Selfossi og frárennsli frá iðnaði beint í ána innan bæjarmarka Selfoss. Eftir stofnun hins nýja sveitarfélags Árborgar, var hins vegar allt frárennsli leitt í einu stóru ræsi niður fyrir þéttbýlið á Selfossi út í Sandvíkina, sem er fyrir landi fyrrum Sandvíkurhrepps. Þessi framkvæmd var styrkt með tugum milljóna frá umhverfisráðuneytinu, sem vissi ekki betur en að frárennslið yrði hreinsað með viðeigandi hætti. Árborg fékk hins vegar undanþágu og frest að mig minnir til ársins 2009 til að fara að reglum og koma hreinsibúnaði á hina stóru skolplögn. Því hefur til skamms tíma mikil mengun verið í ánni við ræsið og fyrir neðan það. Áin lyktar jafnvel af skolpi vel yfir kílómetra fyrir neðan ræsið og klósettpappír, smokkar og dömubindi fljóta með straumnum.

Því spyr ég þig Elín. Finnst þér þessi meðferð á Ölfusá sæmandi fyrir Árborgarbúa og þá einkum Selfyssinga, sem hafa lagt metnað í að byggja upp fallegan og hreinlegan bæ? Hver er staðan nú varðandi hreinsibúnað fyrir skólpið og hvað hyggst Árborg gera á næstunni til að hreinsa frárennsli í ána með viðunandi hætti?

Fyrst bæjarstjórn Árborgar hefur áhuga á að framleiða orku langar mig einnig að benda á þann möguleika að framleiða rafmagn úr metani frá skólpinu sem nú rennur í ána, en fréttir hafa borist frá Hollandi um að þar sé verið að byggja orkuver sem framleiða rafmagn úr skít frá dýrum og fólki. Með slíkri orkuframleiðslu mætti með umhverfisvænum hætti afla tekna fyrir sveitarfélagið um leið og ánni er hlíft. Árborgarbúar gætu þannig vísað veginn fyrir önnur sveitarfélög í landinu. Reyndar er þegar hafin framleiðsla á metangasi úr kúamykju á sveitabæ skammt fyrir ofan Selfoss og geri ég ráð fyrir að sú mykja sé í grunninn ekki ólík þeirri mykju sem Selfyssingar gefa nú frá sér beint út í Ölfusá.

Kiktu á Námuna á Facebook

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.




Sara Snædís Ólafsdóttir, Námufélagi og nemi í lögfræði

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM43369

# Sátt um eignarhald á orkufyrirtækjum – norræna leiðin

Orkumál

Þórður Friðjónsson
forstjóri NASDAQ OMX Iceland



Umræða um orkumál hefur verið fyrirferðarmikil í þjóðmálaumræðunni að undanförnu, ekki síst um eignarhald á orkufyrirtækjum. Sitt sýnist hverjum um þetta efni. Sumir eru þeirrar skoðunar að eignarhaldið eigi alfarið að vera í höndum opinberra aðila. Aðrir telja sjálfsagt að einkaaðilar eigi orkufyrirtækin – ríkið eigi hvergi að koma þar nærri. Minna hefur farið fyrir sáttasjónarmiðum, málamiðlunum, vangaveltum um skynsamlegar leiðir sem annars staðar hefur náðst ágætt samkomulag um.

**Umræður um Magma**

Þessi umræða hefur kristallast í átökunum um kanadíska fyrirtækið Magma. Sú umræða hefur ekki verið þjóðinni til framdráttar eða sóma, hvorki á innlendum vettvangi né erlendum. Enginn vafi er á því að umfjöllunin hefur dregið úr áhuga erlendra fjárfesta á Íslandi. Stjórnvöld þurfa að sýna fagmennsku og vera sjálfum sér samkvæm við afgreiðslu og frágang mála af þessu tagi. En nóg um Magma.

Umræðan um eignarhaldið hefur verið erfið hér á landi og einkennst af öfgum til hvorrar áttar. Aðrar þjóðir sem við lítum til hafa leyst þetta mál í ágætri sátt með eignarhaldsstefnu sem er árangursrík og í raun nær óumdeild. Nærtækast er að líta til Norðurlandanna sem hafa komið þessum málum í farsælan farveg.

Noregur stendur okkur nærri í þessu efni enda þáttur orkunnar í efnahagslífinu um margt áþekkur því sem gerist hér. Norðmenn hafa í aðalatriðum valið þá leið að láta opinbera aðila vera ráðandi í helstu orkufyrirtækjum landsins. Þannig á norska ríkið og tengdir aðilar í stærsta orkufyrirtæki landsins, Statoil, en fyrirtækið er þó alfarið rekið á markaðssjónarmiðum, er skráð á hlutabréfamarkað í Noregi og í New York. Ríkið hefur hins vegar tögl og haldir í eignarhaldi fyrirtækisins. Alþjóðlegir fjárfestar, sem og norskir, hafa því greiðan aðgang að fyrirtækinu á hlutabréfamörkuðum.

Sama gildir um ýmis önnur mikilvæg orkufyrirtæki í Noregi. Þannig á norska ríkið (og lífeyrissjóður ríkisins) tæplega helmingshlut í Hydro en það sem eftir stendur dreifist á margar hendur og enginn annar hluthafi á stærri en 5% hlut.

Í Finnlandi á ríkið ríflega helmingshlut í Fortum, stærsta orkufyrirtæki landsins. Fortum rekur m.a. fjölmörg vatnsorkuver í Svíþjóð og Finnlandi. Félagið er skráð í NASDAQ OMX kauphöllina í Helsinki og hluthafar eru nærri hundrað þúsund talsins. Þá hefur fjárfesting útlendinga í sænska orkugeiranum vaxið hröðum skrefum undanfarin 15 ár.

Við þurfum því ekki að leita langt yfir skammt að eigendastefnu sem ætti að geta náðst viðunandi sátt um. Eins og sjá má frá reynslu nágranna okkar er hún hvorki flókin né krefst sérlausna af ýmsu tagi. Stefnan felur einfaldlega í sér að ríkið ræður í höfuðatriðum ferðinni en einkaaðilum – hvaðan sem þeir koma – er velkomið að fjárfesta í umræddum fyrirtækjum að því marki að eignarhald hins opinbera þynnist ekki svo mikið að stefnu hins opinbera verði teflt í tvísýnu.

Fyrirtæki í orkugeiranum og opinberir aðilar standa nú frammi fyrir fjármögnunarvanda sem m.a. má rekja til mikillar erlendrar skuldsetningar á undanförnum árum. Framangreind eigendastefna um sameiginlegt eignarhald ríkis og einkaaðila hefur það í för með sér að þörfin fyrir erlent lánsfé verður mun minni en ella og þar með er dregið úr þeirri áhættu sem óhjákvæmilega fylgir lánsfjármögnun. Erlent áhættufjármagn á þeim forsendum sem að framan eru nefndar gæti jafnframt greitt götu orkuframkvæmda sem að öðrum kosti gæti þurft að fresta enn frekar en orðið er.

**Gæti hentað vel á Íslandi**

Enginn vafi er á því í mínum huga að norræna leiðin gæti hentað vel á Íslandi. Ef á henni yrði byggt yrði til að mynda stærsta orkufyrirtæki landsins, Landsvirkjun, breytt í hlutafélag og það skráð á hlutabréfamarkað hér á landi og t.d. á NASDAQ OMX í New York. Ríkið eða opinberir aðilar ættu helming til tvo þriðju í fyrirtækinu og réðu fyrir vikið för (Statoil fyrirmyndin). Fjárfestum um allan heim yrði boðið að koma að eignarhaldinu að þeim mörkum sem sátt næðist um að miða við. Í þessu fælist að opinberir aðilar þyrftu ekki að binda jafn gríðarlega mikið fjármagn í áhættusömum rekstri og nú er raunin. Þetta viðskiptalíkan tel ég vera eftirsóknarvert fyrir Landsvirkjun og verðskuldi gaumgæfilega skoðun. Það gæti einnig átt vel við fyrir ýmis önnur orkufyrirtæki í landinu.

**Eignarhald norrænna ríkja í þremur orkufyrirtækjum**

| Fyrirtæki | Land | Eignarhlutur ríkisins |
|---|---|---|
| Statoil | Noregur | 67% |
| Hydro | Noregur | 49,94% |
| Fortum | Finnland | 50,76% |

## AF NETINU

### Starfslok óreiðumanns

Sé ekki heila brú í að afhenda Jóhannesi í Bónus níutíu milljónir og tólf mánaða laun fyrir að fara. Gjaldþrota menn verða bara gjaldþrota án slíks. Hef bara aldrei heyrt um slíkt áður. Satt að segja er þetta glórulaust og sýnir, að stjórnendur Arion-banka eru tossar. Allt er athugavert við meðferð bankans. Fyrri eigendur fyrirtækja fá ekki starfslokasamning. Þeir eru ekki manna færastir til að reka fyrirtæki, þeir hafa sannað hið þveröfuga. Banki skuldar óreiðumönnum ekki eina krónu umfram það, sem þeir hafa áður haft af bankanum. Stjórnendur Arion eiga að vera á fjalli með hinum bjöllusauðunum.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

### Harðvítug hagsmunagæsla

Merkilegt hefur verið að fylgjast með harðvítugri hagsmunagæslu útvegsmanna en þrátt fyrir fróm og sumpart fríð fyrirheit í sykursætum stefnuskrám og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna virðast handhafar kvótans enn hafa tögl og hagldir í sjávarútvegsráðuneyti Jóns Bjarnasonar. Fyrir einhverjum árum hefði það kannski komið einhverjum á óvart að enginn munur yrði á VG-liðanum Jóni Bjarnasyni og erkisjálfstæðismanninum Einari K. Guðfinnssyni. En þannig er það nú samt.

pressan.is

Eiríkur Bergmann

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

miðvikudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

BE WILD! FOOTWEAR · DreamTeam · bullboxer · ecco
aze · STUDIO London · FILANTO · Barbie · VIKING Guaranteed waterproof footwear
true · Reebok · LATIBÆR · DORA
melania · grisport · Waterland · SPIDERMAN

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 5. september 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Björnsdóttir,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést 27. ágúst s.l. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju, föstudaginn 3. september, kl. 14:00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

**Skarphéðinn Árnason**
**Sigurbjörn Skarphéðinsson** **María Karlsdóttir**
**Sigrún Birna Skarphéðinsdóttir** **Pétur Örn Jónsson**
**Aðalheiður Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**PHILLIP CALVIN MCGRAW ER SEXTUGUR Í DAG.**

*„Ég fyllist skömm í hvert skipti sem ég lít í augu kennara því þeir gera svo mikið fyrir svo lítið.“*

***Phillip Calvin McGraw, betur þekktur sem Dr. Phil, er bandarískur sjónvarpssálfræðingur og rithöfundur. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið hjá Opruh Winfrey í lok 10. áratugarins og byrjaði svo með eigin sálfræðiþætti í sjónvarpi árið 2002.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. SEPTEMBER ÁRIÐ 1984

## *Verkmenntaskólinn settur*



Þennan dag árið 1984 var Verkmenntaskólinn á Akureyri settur í fyrsta skipti. Fyrsta skólaárið voru nemendur 780 talsins en nú eru þeir á fjórtánda hundrað. Auk þess stunda rúmlega sjö hundruð nemendur fjarnám við skólann. Bygging skólahúsnæðisins hófst árið 1984 en hús skólans standa við Hringteig á Eyrarlandsholti. Verkmenntaskólinn á Akureyri er stærsti framhaldsskólinn utan Reykjavíkur sem býður upp á nám á bæði bók- og verknámsbrautum. Skólameistari skólans er Hjalti Jón Sveinsson en hann var áður skólameistari Framhaldsskólans á Laugum. Einungis tveir menn hafa gegnt starfi skólameistara frá upphafi en fyrirrennari Hjalta var Bernharð Haraldsson.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Fanney Guðmundsdóttir**

frá Lýtingsstöðum,
Vættagili 27, Akureyri,

lést 29. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 7. september kl. 13.30.

**Guðmundur Ingi Baldursson**
**Guðrún Halldóra Baldursdóttir** **Hjálmar Þorlákur Ólafsson**
**Elínborg Baldursdóttir** **Elvar Þór Sigurðsson**
**Ingibjörg Baldursdóttir** **Ingi Sigurbjörn Hilmarsson**
**Björn Stefán Baldursson** **Eydís Hrönn Gunnlaugsdóttir**
**Jónas Helgi Baldursson**
**og ömmubörn.**



*Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur kærleik og hlýju vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Jóns Einarssonar**

frá Siglufirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Sjúkrahúsi Akraness og dvalarheimilinu Höfða fyrir alla umhyggju og góðvild honum og okkur öllum til handa.

**Svana Jónsdóttir** **Örn Ó. Helgason**
**Halldór Fr. Jónsson** **Kristín G. Jónsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Páll Jónatan Pálsson**
**Þórelfur Jónsdóttir**
**Gunnar Þór Jónsson** **Ingunn Sveinsdóttir**
**Lovísa Jónsdóttir** **Gísli Þorsteinsson**
**Ólöf Jónsdóttir** **Gylfi Lárusson**
**Einar Jónsson** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Svanborg R. Jónsdóttir** **Valdimar Jóhannsson**
**Svanfríður Jónsdóttir** **Kristófer Oliversson**
**og fjölskyldur.**



**HAFA AUGASTAÐ Á IÐNÓ** Safnkosturinn sem hefur borist safninu í gegnum árin er að mestu í geymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR: FORMAÐUR STJÓRNAR LEIKMINJASAFNS ÍSLANDS

# ÞURFUM ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

Kolbrún Halldórsdóttir var nýverið kjörin formaður stjórnar Leikminjasafns Íslands en hún tekur við af Sveini Einarssyni, fyrrverandi þjóðleikhússtjóra, sem hefur gegnt formennsku frá stofnun, eða frá árinu 2001.

„Verkefni okkar í stjórn safnisns að koma á fót leikminjasafni sem í framtíðinni myndi þróast út í sviðslistasafn enda eigum við fleiri sviðslistir en leiklistina. Í slíku safni væru stundaðar rannsóknir og þar færi fram miðlun á þeim hluta menningararfsins sem tengist sviðslistum,“ segir Kolbrún. Hún segir safnið enn sem komið er ekki hafa fengið fastan lið á fjárlögum og sé því enn þá háð velvilja stjórnvalda. „Við urðum illa úti á niðurskurði í ár en höfum enga ástæðu til að ætla annað en að safnið njóti velvilja. Við erum í viðræðum við Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið og vonumst eftir þríhliða samningi til að geta komið safninu á fastan kjöl til framtíðar.“

Safnið hefur enn sem komið er ekki fengið þak yfir höfuðið. „Safnkosturinn sem hefur borist safninu í gegnum árin er að mestu geymslu og brýnasta verkefnið er því að fá varanlegt húsnæði,“ segir Kolbrún. Hún segir það ekkert launungarmál að stjórn safnsins hafi augastað á Iðnó. „Við viljum að aðsetur safnsins séu í Reykjavík og finnst Iðnó liggja beinast við.“ Kolbrún segir að uppbygging safnsins hafi verið í höndum fólks úr öllum geirum leiklistarinnar og nefnir leikara, leikstjóra, leikmyndahönnuði, búningahönnuði og leikskáld. Hún segir vonir standa til þess að innan tíðar verði hægt að taka næsta skref og gera safnkostinn lifandi fyrir almenning. „Allt brúðusafnið hans Jóns Guðmundssonar er til að mynda komið til safnsins og er synd að pakka því bara niður í geymslu,“ segir Kolbrún.

Hluti safnkostsins er þó aðgengilegur með reglulegu millibili og hefur safnið sett upp þónokkrar sýningar. „Við settum upp sýninguna Leiklistin og hafið í Víkinni í Sjóminjasafni Reykjavíkur í vetur og nú stendur yfir sýningin Leiklistin í Hafnarfirði í Gúttó í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar.“

**vera@frettabladid.is**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

***Ágústa Jónasdóttir* Bergmann**

áður til heimilis að Ljósvallagötu 24,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 2. september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á líknarstofnanir.

**Jón G. Bergmann**
**Andreas Bergmann** **Guðrún Gísladóttir Bergmann**
**Ingibjörg Bergmann** **Þorbergur Halldórsson**
**Halldór Bergmann** **Anna Lára Kolbeins**
**Guðrún Bergmann** **Gísli G. Sveinbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku*

**Vigfúsínu Guðbjargar Daneliúsdóttur, Viggu,**

frá Hellissandi,

síðast til heimilis á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Seljahlíðar fyrir umhyggju og hlýju í Viggu garð.

**Sjöfn Bergmann Daneliusdóttir** **Hermann Ragnarsson**
**Erla Bergmann Daneliusdóttir**
**Cýrus Daneliusson** **Guðríður Þorkelsdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján J. Gunnarsson,**

fyrrv. fræðslustjóri,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 30. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún Kristjánsdóttir** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**
**Kristján Sigurður Kristjánsson** **Margrét Steinarsdóttir**
**Hörður Kristjánsson** **María Hrönn Gunnarsdóttir**
**Elín Kristjánsdóttir** **Baldur Viðar Hannesson**
**Ásdís Kristjánsdóttir** **Ársæll Kristjánsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

***Jónína Jóhanna* Kristjánsdóttir (Adda Massa),**

Hlíf II – Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. september kl. 14.

**Helga Sveinbjarnardóttir** **Kristján Kristjánsson**
**Kristján Sveinbjörnsson**
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** **Selma Antonsdóttir**
**Berta Sveinbjarnardóttir** **Auðunn Hálfdanarson**
**Halldór Sveinbjörnsson** **Helga Einarsdóttir**
**Marzellíus Sveinbjörnsson** **Margrét Geirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Fanný Eggertsdóttir**

áður til heimilis að Karlagötu 17, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 22. ágúst, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 2. september kl. 15.00. Prestur: Hjörtur Magni Jóhannsson.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðmundur J. Júlíusson.**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR
Frí áletrun
Fallegir legsteinar á einstöku verði
Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com



**FERÐAFÉLAGIÐ NORÐURSLÓÐ** stendur fyrir göngu laugardaginn 4. september, þar sem farið verður um fáfarnar slóðir í umhverfi Jökulsárgljúfra. Nánar á ganga.is.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447














„Eitt lag er ávallt sungið svona fimmtíu sinnum í okkar ferðum, það er Ég er kominn heim,“ segir Hilmar Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Tekið eins og kóngum

**Margir sem skipulögðu langferðir á hestum í sumar urðu að hætta við vegna flensu sem herjaði á hestastofninn. Hilmar Magnússon flugumferðarstjóri og ferðahópur sem hann er í sá við þeim vanda.**

„Þetta varð svona hestaferð þar sem allt var gert annað en að vera á hestunum,“ segir Hilmar Magnússon hlæjandi þegar hann er spurður út í ferðalag sem hann fór í í sumar með konu sinni og gömlum vinahópi úr Fáki.

Hann segir þá hefð hafa skapast að fara í tvo langa útreiðartúra á sumri með vinahópum. Annan á vorin sem börnin eru með í og hinn seinna að sumrinu, barnlausan. „Þetta sumarið ætluðum við að ríða um Holt, Landsveit og Rangárvelli, 25 til 35 kílómetra dagleiðir,“ lýsir Hilmar. „Þegar til kom voru hrossin ekki í neinni þjálfun til að fara í langferð þótt þau væru orðin hraust af pestinni. Því varð að búa til plan B og niðurstaðan varð sú að dvelja bara í bústað í Klettholti í Holtum. Þar vorum við svo með hrossin í fimm daga og fórum í þriggja til tuttugu kílómetra útreiðartúra.“

Hilmar segir veðrið hafa leikið við hópinn allan tímann og ferðina verið vel heppnaða. „Mesta fjörið var þegar við riðum að Hestheimum. Þar var okkur tekið eins og kóngafólki, hestarnir settir á hús og gefin tugga meðan við pöntuðum mat og drykk og skemmtum okkur. Eitt lag er ávallt sungið svona fimmtíu sinnum í okkar ferðum, það er „Ég er kominn heim“ sem Óðinn Valdimarsson gerði frægt á sínum tíma. Við tókum það að sjálfsögðu fyrir útlendingana. Í framhaldinu var efnt til söngkeppni þar sem lagið María María var sungið á mörgum tungumálum upp úr sönghefti á staðnum. Að sjálfsögðu unnum við af því dómararnir voru okkur hliðhollir.“ *gun@frettabladid.is*




**VEFSÍÐAN FERDALANGUR.NET** hefur að geyma gagnlegar upplýsingar, ábendingar og ráð fyrir þá sem ætla að ferðast einir. Þar eru líka tenglar inn á fleiri síður af svipuðum toga.



Sæluhúsið í Hvítarnesi var byggt árið 1930 og því hafa fylgt draugasögur frá upphafi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Hópurinn sem fór í ferðina á síðasta ári hvílir lúin bein á Beinhóli.



Páll Ásgeir Ásgeirsson fararstjóri við minnisvarða um Reynistaðarbræður.

# Frekar sótt að körlum

**Draugaferð verður farin á vegum Ferðafélags Íslands 11. og 12. september og gist í skála félagsins í Hvítárnesi. Sagt er að sótt sé að þeim sem gista í tiltekinni koju í húsinu, sérstaklega ef þeir eru karlar.**

Ferðafélag Íslands stendur fyrir draugaferð í Hvítárnes 11. til 12. september. Fararstjórar eru hjónin Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir en þetta er í þriðja sinn sem þau fara með hóp í svona ferð að haustlagi.

„Þátttakendur hittast við Geysi í Haukadal klukkan 10 á laugardagsmorguninn og við byrjum á því að aka með hópinn í rútu inn á Kjöl, inn undir Beinhól þar sem við göngum síðasta spölinn að Beinhóli og rifjum upp söguna af feigðarför Reynistaðarbræðra sem urðu þarna úti árið 1780. Þaðan verður haldið í skála Ferðafélagsins í Hvítárnesi sem er elsta sæluhús félagsins, byggt 1930. En frá því að húsið var byggt hafa alltaf fylgt því miklar reimleikasögur,“ segir Páll Ásgeir.

Sagt er að það sé kona sem sæki á næturgesti í tiltekinni koju í sæluhúsinu. „Það snúa nefnilega allar kojur í húsinu eins nema ein og það er sagt að húsið sé í raun og veru byggt þvert yfir bæjargötuna í Tjarnarkoti, sem var bær sem fór í eyði í Heklugosinu 1104, og þegar húsfreyjan fari að sækja vatn þurfi hún að ganga í gegnum húsið og þessi koja liggi þvert yfir gönguleiðina. Ef það liggur einhver þar, sérstaklega ef það er karlmaður, þá tekur hún því mjög illa og ef hann er einhleypur verður hún bálill og gerir aðsókn að honum. Ferðamenn hafa gist þarna í 80 ár og þessar sögur hafa fylgt húsinu alveg til þessa dags. Dregið verður um það hvaða karlmaður á að sofa í kojunni. Það verður nú kannski ekki gengið mjög hart eftir því ef viðkomandi hefur ekki áhuga en ef einhver býður sig fram þá er það meira en sjálfsagt. Það er kannski rétt að taka það fram að í síðustu ferð þá svaf ég í þessari koju og ég svaf alveg eins og barn,“ segir Páll Ásgeir og hlær.

Stefnt er að því að hafa kvöldvöku áður en gengið er til náða þar sem sagðar verða draugasögur. „Við sækjumst eftir þessari stemningu þegar er orðið dimmt á haustin og kominn svona hálfgerður vetur í vindinn. Í síðustu svona ferð fannst mér mjög magnað að verða vitni að því þegar þátttakendur voru að segja sögur sem þeir annaðhvort höfðu heyrt eða jafnvel upplifað. Í þeirri ferð gerðust líka atburðir sem verða ekki alveg skýrðir. Það voru þátttakendur sem töldu sig verða vara við óútskýrðan umgang í húsinu og heyrðu samræður manna inni í herberginu þegar allir sváfu,“ segir Páll Ásgeir.

*emilia@frettabladid.is*

Sími 772-2345
Pole Fitness Studio
www.polefitness.is

www.magadans.is
s. 772-2345
September!

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
„Yoga fyrir alla“©
Yoga • prana yoga • hugleiðsla
Byrjendanámskeið 4.-5. september
Morgun-, hádegis-, síðdegis- og kvöldtímar
Vetrardagskráin hefst 6. september
Síðumúli 15
yogastodinheilsubot.is
sími: 5885711 / 6918565

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur
white og warm white
Dugguvogi 23 · rafstilling@rafstilling.is · 581-4991

RE/MAX
Viltu vita hvers virði eignin þín er í dag?
Pantaðu frítt söluverðmat án skuldbindinga.
Hringdu núna
699 5008
Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008
Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali

Geymsluhillur – fyrir alla muni
Hilludagar í september
Hillur fyrir lagera, fiskvinnslur, iðnfyrirtæki, skjalageymslur, dekkjageymslur, bílageymslur og „dóta“-geymslur
• auðvelt að smella saman
• þola mikið álag
20% afsláttur
RÝMI
Skemmuvegur 6 • Blá gata • Kópavogur
Sími 511 1100
Skoðaðu nánar á – www.rymi.is

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
ALLT Á AÐ SELJAST
Tvö verð:
990 • 1990
ALLIR ÚTSÖLUSKOKKAR
4990
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR
MINDX
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

ÞESSIR ERU STÓRGÓÐIR!
teg. 7273 - léttfylltur og flottur í BC skálum á kr. 4.350,-
buxur í stíl á kr. 1.990,-
teg. 3451 - mjúkur og yndislegur í CD skálum á kr. 4.350,-
buxur í stíl á kr. 1.990,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lau. 10-14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Mikil vinna hefur verið lögð í Dalakofann. Stærra húsið hefur verið tekið alveg í gegn en aðeins fjórar sperrur standa eftir af upprunalega húsinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Leggja lokahönd á Dalakofann

**Útivist stefnir á vinnuferð í Dalakofann 10. til 12. september. Þar leggja sjálfboðaliðar hönd á plóg við endurgerð veglegs fjallaskála sem mun nýtast ferðalöngum á hálendi Íslands.**

Ferðafélagið Útivist hefur síðustu þrjú árin unnið að uppbyggingu skála á Syðra-Fjallabaki sem kallast Dalakofinn. „Þessi skáli var byggður í kringum 1971 af Rudolf Stolzenwald,“ segir Þórhallur Másson, í stjórn jeppadeildar Útivistar. „Einn veturinn varð hann bráðkvaddur á leið heim úr skálanum og skálarnir komu í eigu afkomenda hans,“ útskýrir Þórhallur en fyrir nokkrum árum kom upp sú hugmynd að Útivist fengi afnot af skálanum gegn því að gera þá upp. „Ástæðan var sú að fáa skála er að finna þarna megin á Fjallabaki,“ segir Þórhallur en Dalakofinn er staðsettur norðan við Laufafell á Fjallabaksleið syðri, um tíu kílómetra suðvestan við Hrafntinnusker.

„Þegar hafist var handa kom í ljós að húsin, sem eru tvö, voru mun verr farin en talið var í upphafi,“ segir Þórhallur, en í stað þess að gefast upp var ákveðið að gera enn betur og byggja millibyggingu milli húsanna.



„Við fengum byggingarleyfi og höfumst handa árið 2007.“

Félagsmenn Útivistar hafa unnið að endurbyggingu Dalakofans smátt og smátt enda allt unnið í sjálfboðastarfi. „Mjög margt er komið, búið er að byggja millibygginguna og setja upp rotþró en enn er nokkur frágangur eftir á gólffenum auk þess sem við erum ekkert byrjaðir á minna húsinu.“ Helgina 10. til 12. september verður farin vinnuferð í Dalakofann en þá er ætlunin að ganga frá öllum vatnslögnum í skálann. Menn eru stórhuga og er stefnt á að koma hitaveitu í húsið enda eru hverir rétt neðan við skálann.

Stefnt er að því að Dalakofinn verði kominn í fulla notkun næsta sumar. „Meiningin hjá Útivist er síðan að búa til nýjar gönguleiðir út frá skálanum,“ segir Þórhallur og bendir á að fáir hafi gengið á þessu svæði og því eigi fólk margt eftir ókannað.

Öllum áhugasömum er velkomið að taka þátt í vinnuferðinni 10. til 12. september en Útivist býður sjálfboðaliðum í mat auk þess sem hópurinn mun gera sér glaðan dag í lok góðs vinnudags. Nánar á www.utivist.is. *- sg*



„Ég vil að hjólreiðamenn séu sem öruggastir,“ segir Steingrímur, sem sjálfur er vel sýnilegur á hjólinu þótt tekið sé að dimma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sést vel í myrkri

**Reiðhjól eru mikið notuð samgöngutæki og nauðsynlegt er að huga vel að ljósabúnaði þeirra nú þegar skuggsýnt er orðið á kvöldin.**

Steingrímur Sigurjónsson byggingafræðingur er á nýju hjóli og hefur búið það endurskinsmerkjum og glitaugum í bak og fyrir. Þannig er hann alveg til fyrirmyndar og vill líka vera það. „Ég vil að hjólreiðamenn séu sem öruggastir og þar eru endurskinsmerkin þýðingarmikil. Þeir verða að sjást í myrkri og þegar skyggni er slæmt. Það eru orðnir svo margir hjólum og þetta eru atriði sem þarf að hafa í huga,“ segir hann.

Steingrímur kveðst hafa búið í Danmörku í tíu ár og í Svíþjóð í sex ár. Þar hafi hann hjólað um allt. „Ég hef líka hjólað mikið hér á landi undanfarið,“ segir hann og kveðst mikill áhugamaður um öryggi almennt enda búinn að vera björgunarsveitarmaður síðan 1965. „Ég er að berjast fyrir því að svona glitaugu og endurskinsmerki séu sett líka á hina ýmsu burðarvagna aftan í dráttarbílum. Það eru svo margir gamlir vagnar í umferð sem perur fást ekki í lengur,“ segir hann til skýringar. *- gun*


DANSSKÓLI Heiðars ÁSTVALDSSONAR



**Krakkar**
Frábær 14 vikna námskeið fyrir ykkur. Yngst 5 ára.



**Skemmtileg hjóna- og paranámskeið**
Byrjendur og framhald.
Salsa-merenge, gömlu dansarnir, samkvæmisdansar og upprifjunarnámskeið.

**Keppnisdansar**
Hinn frábæri danskennari Svanhildur Sigurðardóttir sér um þjálfunina.
Mæting 2x eða 3x í viku.



**Salsa**
Kennum Kúbu-salsa

**Freestyle**
Allt það nýjasta.
Yngst 9 ára.
Einnig námskeið fyrir 18+





**Konusalsa**
Sjóðheitt námskeið.
Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.

Reykjavík og Mosfessbær
Innritun og upplýsingar
**www.dansskoliheidars.is**
og í síma **551 3129**
milli klukkan 16 og 20 til 12. sept.
Kennsla hefst mánudaginn 13. sept.

**Systkinaafsláttur 2. barn hálft gjald 3. barn frítt**
**Reykjavík og Mosfellsbær styrkja dansnám barna**



10 ára

**AFMÆLI BANDALAGS ÍSLENSKRA GRÆÐARA**

**Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK 4. OG 5. SEPTEMBER 2010**

BIG
Bandalag íslenskra græðara

**GLÆSILEG AFMÆLISDAGSKRÁ UM ÝMISLEGT SEM VIÐKEMUR BÆTTRI HEILSU**

Fjölbreyttir og áhugaverðir fyrirlestrar báða dagana. Allir velkomnir.

Aðgangseyrir: Laugardagur 4.000 kr. Sunnudagur 3.500 kr. Báðir dagarnir 6.500 kr.

NÁNAR UM DAGSKRÁNA ER Á **www.big.is**

**ÖRNÁMSKEIÐ**

**3. september eru haldin örnámskeið um ýmislegt sem viðkemur heilsu.**

Námskeiðið er frá kl. 13 til kl. 17 og kostar 5000 kr.

**Fyrir framan ráðstefnusalinn verða upplýsingaborð frá aðildarfélögum BIG, með fróðleik og kynningu á starfsemi þeirra.**

**Einnig verða sölu– og kynningarborð með vörum sem tengjast heilsu og heilbrigði og verður það svæði opið öllum, aðgangur ókeypis.**



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Rafvirkjun

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAFNEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@rafneisti.is | www.rafneisti.is

**Salernishús**
Eigum á lager fullbúin salernishús á góðu verði. Ýmsar stærðir. Einnig gámahús og flestar gerðir vörugáma.
Stólpi-Gámar ehf.
Klettagörðum 5 Reykjavík
S. 568 0100 & 841 2040

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Festingaefni**
SINDRI
Bæjarhrauni 12
Hafnarfirði
sími 575 0040

**Fiskeldis-kar**
350 rúmetra fiskeldis-kar úr járni til sölu. Uppl í s. 897 6048

Úrval af yfirförnum þvottavélum, þurrkurum, ísskápum og eldavélum til sölu. Tökum bilaðar vélar uppí. Einnig ódýrir varahlutir í þvottavélar. 12-18 Alla daga. Síðumúla 37 Kjallara 847 5545.



Nuddpottar f.hitaveitu. Á. Óskarsson ehf. S. 566-6600. www.oskarsson.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989
**TAKIÐ EFTIR!**
SPURNINGALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS OG BYLGJUNNAR ER AÐ HEFJAST
SPURNING DAGSINS
Lauflétt spurning alla virka daga, nema föstudaga, hjá Ívari og Rúnari á Bylgjunni, úr Fréttablaði hvers dags. Manstu svarið? Hringdu í 567 1111, þú gætir unnið kassa af Maltesers og 5.000 kr. gjafabréf í Eymundsson.
HELGARGETRAUNIN
Laufléttar spurningar birtast í helgarblaði Fréttablaðsins en svörin leynast í Fréttablöðum liðinnar viku. Þú sendir inn rétt svar á visir.is og gætir unnið tvær ferðir með Icelandair. Dregið úr réttum lausnum í Reykjavík síðdegis og hringt í vinningshafann. Með réttu svari við aukaspurningu tryggir hann sér þriðju ferðina með Icelandair.
Ferðir með Icelandair, kassar af Maltesers súkkulaði og gjafabréf í Eymundsson í vinning.
MUNDU:
Leitin á visir.is vísar líka á efni í Fréttablaðinu
Maltesers Eymundsson ICELANDAIR

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.



**Innihurðir á góðu verð**
Eigum nýjar hvítar 80 x 200 innihurðir með karmi og gerektum á aðeins 24.900 með vsk. Húsgagnasprautun Gjótuhrauni 6 Hafnarfirði Sími 555-3759.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í síma 8916447

Whole body massage 841 8529

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

nudd í tveimur eða fjórum höndum á allan líkamann good massage 693 75 97

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Smáskipanámskeið 2.9. - 16. 10. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins





ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Starts 13. sept. - s. 553 8259, 551 7700.

SCHOOL OF ICELANDIC

**ICELANDIC- NORSKA I og II-ANGIELSKI dla Polaków-ENSKA f. BÖRN-Aukatímar Stærð- og eðlisfræði.**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or 18-19:30 start: 6/9, 4/11. Level II: 4 w: Md to Fr; 16:15-17:45, st: 6/9, 4/10 Level III: 4w: 14-15:30 st: 9/8. NORSKA: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 6/9, stig II: 4/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks. Level I, Md to Thu: 9-10:30 or 17:30-19. st. 27/9. Level II: 11-12:30 st. 1/11. Level III: 17:30-19. st. 6/9. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára; mán 16:30-17:30, 9-12 ára; þri 16:30-17:30byrjar 20 og 21/9 Námsaðstoð allt árið. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Kennsla

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
S 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgangur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Herb. til leigu. Gott húsnæði & allur aðbúnaður. Room for rent, all included. S. 898 8690.

Grafarvogur/Borgir Glæsilega stór 4 herb. íb. m. sér inngangi og garði, leigu S: 899 7012 solbakki.311@gmail.com

Herbergi til leigu í 400fm húsi í 101. Aðgangur að öllu nauðsynlegu innifalinn. Samband í s.865 3407 / e-mail: asg26@hi.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu gott raðhús í Garðabæ. Húsið leigist frá 1. des 2010 í ca. 6 mánuði. Húsið leigist með húsgögnum. Uppl. í símum 565 6501 & 898 0303.

Lítil 2ja herb. íbúð til leigu. Getur leigst með húsgögnum og húsbúnaði. Leigutími til 15. maí. S. 848 5838.

21fm skúr til sölu. Hiti, rafmagn, WC. Hentar sem sumarhús eða vinnuaðstaða. Uppl í s. 821 5222

60 fm 2 herbergja íbúð á Reynimel. Gott svefnherbergi, rúmgóð stofa. Þvottahús í sameign. Leiga 105 þús á mánuði. Upplýsingar í 8672984 eða opv1@hi.is

Room for rent in Reykjavik 107, close to centrum, university, library and swimmingpool. 25000/month. Please contact finnsi@centrum.is / 8611917

Þriggja herbergja íbúð í Hafnarfirði til leigu frá 1.sept. Verð 100 þ. með hita og rafm. Upplýsingar í síma 6901789.

Nálægt Tækniskólanum, herb. með eldunaraðst. fyrir kk. S. 866 4754 & 557 5058.

ATH til leigu nýl 90 m2 Ósamþ íbúð í Garðabæ, dýrahald ok, verð 105þús s 8927858

## Húsnæði óskast

Leita af 3-4 herb. íbúð á sv. 101-105. Skilvirkum Greiðslum heitið Oddur 6973737

Fjölsk. óskar eftir 4 herb. íbúð á leigu í Hfj. til langtíma. Uppl. í S.820 8888

Óska eftir 3 herb. íbúð í mosfellsbæ frá 1 okt. Fyrirframgr. ef óskað er. S. 777 5699.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður til leigu á Laugarvatni. S. 840 6260.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166. Sama verð og í fyrra.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn**
Eigum nokkur laus pláss fyrir veturinn Verð í upphituðu kr 7.500 lengdarmetirinn og 6.500 í kaldri geymslu. Uppl.893-3347/8666610.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Ljósanótt í uppbúnum klassaíbúðum í Reykjanesbæ. S. 698 7626 & 698 3521

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir að ráða mannskap til malbikunarframkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525**

JOLLI

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að starfsmanni í dagvinnu. Aðeins reglusamur og samviskusamur starfsmaður kemur til greina. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir. Í boði er hálfsdags starf og heilsdagsstarf. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína eða á cyrus@simnet.is**

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Fasteignir

**LYNGVÍK FASTEIGNASALA**
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI: 588-9490



**SKÓLAGERÐI - VESTURBÆR KÓPAVOGS**
Falleg og mikið endurnýjuð 120 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, ásamt 32 fm bílskúr. Sér geymslur og þvottahús samt. ca 25 fm. Verð 36,9 m.
**Skipti á rað,par eða einbýlishúsi allt að 50 m koma til greina.**

SIGRÚN GISSURARDÓTTIR LÖGG. FASTEIGNASALI
www.lyngvik.is • lyngvik@lyngvik.is

**Viðskiptahúsið**
FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR



### Er með til sölumeðferðar togaran Lóm II

Skipið er 846 brúttórúmlestir að stærð, LOA 66,6 metrar að lengd og 10,5 metrar að breidd. Í skipinu er Deutz 3.000 hestöfl árgerð 1977 en upptekin 2006. Skipið smíðað í Noregi 1969 og endurbyggt 1984. Skipið er í Det Norske Veritas klassi: A1 FISHING VESSEK, STERN TRAWLER S, ICE A

Skipið þarfnast lagfæringa og er selt í því ástandi sem það er nú.

Skipið er til sýnis í Kópavogshöfn n.k. fimmtudag á milli 13-15 eða eftir nánara samkomulagi.

Tilboðum í skipið skal skila inn til Viðskiptahússins miðvikudaginn 8. September 2010 og er áskilin réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Upplýsingar gefur Jóhann Ólafsson löggiltur FFS í síma 566-8800 og 863-6323 eða johann@vidskiptahusid.is

## Útboð

### Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 6. september 2010 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:**

Bakkavegur 2, fnr. 216-7717, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Mosalind ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Tollstjóri og Vörður tryggingar hf.

Birkihraun 12, fnr. 216-3354,660 Mývatni, Þingl. eig. Hermann Kristjánsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Fjarðarvegur 29, fnr. 216-7784, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Aðalsteinn Herbertsson, gerðarbeiðandi Langanesbyggð.

Garðarsbraut 43, fnr. 215-2618, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Laugarbrekka 9, fnr. 215-3099, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Elías Frímann Elvarsson og Kristjana Lilja Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Trygginga-miðstöðin hf.

Laugasel, jörð 153788, Þingeyjarsveit, Þingl. eig. Byggingarfélagið Óseyri 16 ehf. gerðarbeiðandi NBI hf.

Lágey ÞH-265, skn. 2651, þingl. eig. A300 ehf, gerðarbeiðandi Arion banki hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík
31. ágúst 2010.


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


**KEILUHÖLLIN**
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og veitingasal í dagvinnu, æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.**
**Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni í dag milli kl. 17-20.**

**miðlun**

Óskum eftir að ráða starfsfólk á kvöldin og um helgar í símaver Miðlunar (www.midlun.is). Fjölbreytt verkefni sem felast í kynningu og sölu. Kjörin aukavinna fyrir námsfólk og fullorðið fólk sem vill bæta tekjur sínar. Lámarksaldur 18 ára, stundvísi og dugnaður skilyrði. Uppl. Í s. 5808080 eða andri@midlun.is.

Leita að hressum einstakling til að taka að sér skemmtilegt úthringiverkefni. Föst laun og árangurstengd Áhugasamir endilega hringið í Þorgils í síma 773 1800 eða Rögnvald 777 5777.

Sushibarinn óskar eftir hressu fólki í vinnu, reynsla æskileg. Upplýsingar á staðnum, Laugavegi 2

Vantar vana mannesku í snyrtingu í fiskvinnslufyrirtæki,strax.uppl Inga 8475422 Tor ehf Hafnarfirði

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið frá 3 á daginn.**

48 ára kk. óskar eftir að kynnast konu á svipuðu reki. Möguleiki á sambandi ef allt gengur vel. Svar sendist til FBL merkt Haust 2010.


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Tilkynningar



### AKUREYRARBÆR
### Aðalskipulag.

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018**

### Akureyrarflugvöllur

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að flugvallarsvæðið stækki úr 102,8 ha í 162 ha. Gert er ráð fyrir minniháttar stækkun á landfyllingum og breytingu á umferðartengingum við Eyjafjarðarbraut.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 1. september til 13. október 2010 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: *www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.*

*Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Akureyrarflugvöll.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út miðvikudaginn 13. október 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

1. september 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



### AKUREYRARBÆR
### Deiliskipulag

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Akureyrarflugvöll skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun flugstöðvarbyggingarinnar, nýju flughlaði og breytingu á byggingarreit og lóðamörkum fyrir vöruskemmur. Einnig verða gerðar breytingar á flugbraut og minniháttar stækkun á landfyllingum.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 1. september til 13. október 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: *www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.*

*Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út miðvikudaginn 13. október 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

1. september 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001


„Brúðkaup“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um lítil og stór brúðkaup, veislurnar, borðbúnaðinn, kransakökurnar, og veislugestina – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Lægra vöruverð, sama verð um land allt!
EUROSHOPPER ÁVAXTAMÚSLÍ
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
298
KR.1 KG
EUROSHOPPER ÁVAXTAMÚSLÍ 1 KG
MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR
NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.
GOUDA
AFSLÁTTUR 25%
972
KR. KG
Wokgrönsaker • Wok-vihannessekoitus
Mixed vegetables
298
KR.KG
EUROSHOPPER WOK GRÆNMETISBLANDA 1 KG
Havregryn
Kaurahiutale
Oatflakes
79
KR. 1/2 KG
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g
798
KR.KG
Spaghetti
169
KR.KG
ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !
SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG 169 KR.
FERSKT BLANDAÐ NAUTA/GRÍSAHAKK 798 KR.KG.
Parsakaali
298
KR.KG
EUROSHOPPER BROCCOLI 1 KG
Ali
40%
AFSLÁTTUR
ALI BAYONSKINKA
1198 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
35%
AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
194 kr.kg. MERKT VERÐ 298 KR.KG.
Broccoli vegetable mix
298
KR.KG
EUROSHOPPER BROCCOLIMIX 1 KG
ROOKEE NÚÐLUR 4 TEG
29 KR.PK
40%
AFSLÁTTUR
SS FROSIN ÓSOÐIN LIFRARPYLSA
461 kr.kg. MERKT VERÐ 768 KR.KG
Ali
Grísakjöt
GRÍSAKÓTILETTUR
898
KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
ROOKEE
ROOKEE NÚÐLUR 85G
BÚRFELL
398
KR.KG
BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK
TILBOÐ
KJÖTFARS
259
KR.STK
K.F NÝTT KJÖTFARS
620g
BÓNUS
Kornbrauð
198
KR.KG
BÓNUS KORNBRAUÐ 1000G
HEIMILIS BRAUÐ
198
KR.KG
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
FRISSI FRÍSKI
98
KR.3 STK
FRISSI FRÍSKI 3 x 250ml
Póló
BÓNUS
98
KR. 2 LTR.
Kristall
79
KR.1/2 LTR.
pepsi
MAX
98
KR.1 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur






# Bréf til biskups

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Þegar ég var ungur vann ég í tvö sumur í sumarskóla einum fyrir einhverf börn. Hófst sá stutti starfsferill brösuglega en samstarfsmönnum mínum þótti ég eiga erfitt með að kenna krökkunum góðar umgengnisreglur. Svo keyrði um þverbak þegar kollegar mínir sáu sig nauðbeygða til að kenna mér sjálfum eitt og annað um umgengni.



**MÉR** var umhugað um að krakkarnir fengju að reyna sig í íþróttum og leikjum sem mest þeir máttu. Þær áherslur mættu síðan nokkurri andstöðu hjá samstarfsmönnum og yfirmanni eftir að það varð að tæma eina almenningssundlaug eftir stutta veru okkar þar.

**ÉG UNDI** því hag mínum illa og var eins og hálfdrættingur í starfsliðinu. Þá kemur þar um mitt sumar ný forstöðukona. Fylgdist hún grannt með í byrjun en gerði síðan breytingar á starfseminni með það fyrir augum að nýta áhugasvið hvers starfsmanns. Einnig leysti hún upp ýmsan óþarfa ávana í starfsliðinu sem hreiðra vill um sig í hugsunarleysinu.

**FÉKK** ég þá þann starfa að auka eftir fremsta megni íþróttaástundun og félagslíf krakkanna. Óhappið úr sundlauginni varð ekki til að draga úr þeirri kröfu nýju forstöðukonunnar og varð það guðspjall hvers dags hjá mér eftir það að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem verða á vegi einhverfs barns sem iðka vill íþróttir og tómstundir.

**FRAM** að þessu hafði ég ekki fundið annan tilgang með lífinu en þann að fara í bæinn um helgar, gutla á gítar og reykja Lucky Strike. Með þessari nýju ábyrgð fór hins vegar að örla á lífsgleði og þá teygðist úr tilganginum. Á sömu lund fór með aðra starfsmenn og sumarskólinn tók miklum stakkaskiptum.

**NOKKRUM** árum síðar fór þessi kona, hún Pála, á þinn fund. Erindið var ólíkt því sem hún átti við okkur í sumarskólanum, og þó. Rétt eins og þar ætlaði hún að láta á dyggð ykkar reyna svo að því sem þrifist hafði á þínum „vinnustað“ yrði endanlega úthýst.

**ERINDI** mitt með þessu bréfi er að hvetja þig til að taka Pálu eins og engli, engill þýðir einmitt sendiboði á grísku, og vittu hvort ekki fari fyrir þjóðkirkjunni eins og sumarskólanum í denn.

**E.S.** Um haustið var ég búinn að læra að ganga almennilega um.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Skólatilboðið

## 10 mánaða

skólakort í Sporthúsinu á aðeins 3.890 kr. á mánuði

fyrir 15-25 ára

VISA · MasterCard · Debet

+ Gjafir frá

SAFFRAN · BK Kjúklingur · Salatbarinn · Tennishöllin Kópavogi · serrano · Líkami&sál · Hair Doo · Wellness · Sportsól · Players · maður lifandi

# Dansnámskeið fyrir stráka og stelpur

**Jazz - hiphop - street - broadway - freestyle - modern - break - Michael Jackson dansar**

**HAUSTÖNN DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS Í SPORTHÚSINU HEFST 13. SEPTEMBER!**
**VANDAÐ OG SPENNANDI DANSNÁM**

Glæsileg nemendasýning þar sem allir nemendur koma fram.
Faglærðir kennarar með miklar reynslu sem danshöfundar og atvinnudansarar.
Komdu og vertu með í frábærum tímum með nýjustu dönsunum úr dansheiminum í dag.





**ÚRVAL TÍMA FYRIR ALLA ALDURSHÓPA**

Dansskóli Birnu Björns

**Eftirfarandi námskeið eru í boði haustið 2010**
**ATH! námskeið eru 13 vikur**

| Dagar: | Tími: | Hópar: |
|---|---|---|
| þri + fim | 16:30 - 17:25 | dans 6-8 ára |
| þri + fim | 15:30 - 16:25 | dans 9-11 ára byrjendur + 1 árs reynsla |
| þri + fim | 15:30 - 16:25 | dans 10-12 ára framhald (2-4 ára reynsla) |
| mán + mið | 18:30 - 19:25 | dans 12-15 ára byrjendur + (1-2 ára reynsla) |
| þri + fim | 18:30 - 19:25 | dans 12-15 ára frh. (3-4 ára reynsla) |
| þri + fim | 16:30 - 17:25 | dans 13-15 (6 ára reynsla +) |
| mán + mið | 19:30 - 20:25 | dans 20 ára + |
| mán + mið | 20:30 - 21:25 | dans 30 ára + |

**VERÐ: 24.900 kr.**

**NÝTT - NÝTT - NÝTT**

**Dans fyrir stráka á aldrinum 6-12 ára**
**10 vikna námskeið - 1 x í viku**

Föstudagar kl: 16:30 - 17:25

Michael Jackson / hiphop / street / break

**VERÐ 11.900 kr.**

**Fyrirspurnir og skráning í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is**
**Nánari upplýsingar er að finna á www.sporthusid.is**

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

**DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050**

**Klukkan 22**

*Tónleikar á tónleikastaðnum Faktorý, gamla Grand Rokki. Hljómsveitirnar Draumhvörf, Mikado og Two Tickets to Japan stíga á svið. Draumhvörf leika progressive rokk undir áhrifum frá ýmsum ólíkum tónlistarstefnum, Mikado er progressive rokkhljómsveit og Two Tickets to Japan spilar framúrstefnulega rokktónlist. Frítt er inn á tónleikana.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Leitað til sýningarstjóra

Við opnun sýningarinnar Að elta fólk og drekka mjólk var kynnt nýtt verkefni á vegum Hafnarborgar sem ætlað er að gefa sýningarstjórum tækifæri til að koma fram með nýstárlegar sýningar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem hafnfirska listamiðstöðin sendi frá sér. Þar kemur jafnframt fram að sýningarstjórum verði gefinn kostur á að senda inn tillögur að haustsýningu 2011 og er sérstaklega óskað eftir tillögum að samsýningum. Þá er tekið fram að sérstaklega verði hugað að því að veita sýningarstjórum með stuttan feril að baki tækifæri.

Frestur til að skila inn tillögum rennur út mánudaginn 1. nóvember á þessu ári. Umsóknarferlið er tvískipt og eru þeir sem hafa áhuga á að takast við verkefnið hvattir til að kynna sér það á heimasíðu Hafnarborgar, hafnarborg.is.

Annars er rétt að geta þess að sýningin Að elta fólk og drekka mjólk hefur fengið ákaflega góðar viðtökur. Laugardaginn 25. september verður haldið sérstakt málþing í tengslum við sýninguna hjá Þjóðfræðistofu undir yfirskriftinni „Að grína í samfélagið“.



**GRÓSKA** Mikil gróska er í Hafnarborg um þessar mundir.

**> Ekki missa af …**

Forsala á tónleika Friðriks Ómars í Hofi, menningarmiðstöð Norðurlands, þar sem hann heiðrar minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar, hefst á föstudaginn á vefsíðunni menningarhus.is og í síma 450 1000. Friðrik hefur til fulltingis einvalalið hljóðfæraleikara á tónleikunum sem verða laugardaginn 2. október.




Nýjung!
Ballett-fitness fyrir fullorðna

Kennsla hefst 13. september

Innritun og upplýsingar
í síma 561 5620
á milli kl. 11:00-17:00.



BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

www.schballett.is


# Sjónvarpsveturinn skýrist

**Haustdagskrá sjónvarpsstöðvanna er smám saman að skýrast. Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu er Spaugstofan gengin til liðs við Stöð 2 en tilkynnt hefur verið um fimm aðrar leiknar þáttaraðir.**

Stöð 2 verður sem fyrr með flestar leiknu þáttaraðirnar. Sjónvarpsstöðin stendur auðvitað frammi fyrir þeim „vanda“ að engin vaktar-sería verður í ár en vinsældir þeirra eru einsdæmi í íslenskri sjónvarpssögu. Spaugstofan var flokkuð sem leikið efni hjá RÚV og fellur eflaust undir þann flokk hjá Stöð 2 en auk hennar má nefna Steindann okkar. Tökur á þeim þætti eiga að hefjast á haustmánuðum en þættirnir nuta mikilla vinsælda á síðasta tímabili. Þá má ekki gleyma Mér er gamanmál, nýrri sjónvarpsþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni þar sem hann heimsækir grínista á öllum Norðurlöndunum og í Englandi en Gunnar Hansson verður auðvitað í hlutverki ólíkindatólsins.

Ekkert lát verður heldur á hefðbundnari leiknum þáttaröðum hjá Stöð 2. Hlemma Vídeó er ný þáttaröð með Pétri Jóhanni Sigfússyni, Ágústu Evu Erlendsdóttur og Vigni Rafni Valþórssyni í aðalhlutverki. Tökur á þeim þáttum eiga að hefjast á allra næstu dögum en hún segir frá ungum manni sem erfir myndbandaleigu. Hann sjálfur gengur þó með þann draum í maganum að verða einkaspæjari. Handritsgerðin er í höndum Sigurjóns Kjartanssonar, Maríu Reyndal, Ara Eldjárn, Hugleiks Dagssonar og Péturs Jóhanns en leikstjóri er Styrmir Sigurðsson. Pressan II er einnig í farvatninu en fyrri þáttaröðin þótti heppnast með eindæmum vel. Sigurjón Kjartansson situr sveittur við handritsgerðina en líklegt verður að teljast að stór hluti leikhópsins úr fyrstu þáttaröðinni snúi aftur. Tökur eiga að hefjast í kringum áramótin.

Skjár einn hyggst endurvekja leikið efni hjá sér eftir nokkurt hlé. Baldvin Z framleiðir nýja gamanþáttaröð undir heitinu Hæ Gosi sem er með bræðrunum Kjartani og Árna Pétri Guðjónssonum í aðalhlutverkum. Þættirnir voru teknir upp á Akureyri.

Langt er síðan Skjár einn var með leikið efni, eflaust var það Venni Páer sem hélt þeim fána á lofti, en þessi nýjung stöðvarinnar er mikið fagnaðaraefni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær mun RÚV sýna nýja sjónvarpsþáttaröð úr smiðju Friðriks Þórs Friðrikssonar sem heitir Tími nornarinnar og er byggð á samnefndri bók Árna Þórarinssonar. Ekki liggur fyrir hvort aðrar leiknar þáttaraðir eru í undirbúningi en Skaupið verður að sjálfsögðu á sínum stað í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. freyrgigja@frettabladid.is







**FJÖLBREYTT EFNI**

Fjölbreytt leikið efni verður á dagskrá sjónvarpsstöðvanna í haust. Stöð 2 mun sýna **Steindann okkar**, **Mér er gamanmál**, **Hlemma Vídeó**, Spaugstofuna og **Pressu II**. Skjár einn hefur innreið sína í leikna efnið með Hæ Gosa, gamanþáttaröð með Árna Pétri og Kjartani Guðjónssyni í aðalhlutverkum og RÚV sýnir Tíma nornarinnar, spennuþáttaröð í fjórum hlutum eftir **Friðrik Þór Friðriksson**, sem byggir á samnefndri skáldsögu Árna Þórarinssonar.

**ANNAÐ ÍSLENSKT EFNI**

- Skemmtiþáttur Góa *(RÚV)*
- Logi í beinni *(Stöð 2)*
- Fyndnar fjölskyldumyndir *(Skjár einn)*
- Ameríski draumurinn *(Stöð 2)*
- Nýtt útlit *(Skjár einn)*
- Spjallið með Sölva *(Skjár einn)*
- Spjallþáttur Þórhalls Gunnarssonar *(RÚV)*
- Kiljan *(RÚV)*
- Silfur Egils *(RÚV)*
- Gettu betur *(RÚV)*

Listinn er ekki tæmandi


ÍSLENSKA ÓPERAN

GIUSEPPE VERDI
RIGOLETTO

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON
ÞÓRA EINARSDÓTTIR
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
BERGÞÓR PÁLSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON
LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

FRUMSÝNING 9. OKTÓBER 2010

MIÐASALAN HEFST Í DAG KL. 10
Í SÍMA 511-4200 OG Á WWW.OPERA.IS


# Tvöfalt frá Melchior

Hljómsveitin Melchior hefur gefið út tvöföldu plötuna <1980. Um er að ræða endurútgáfu á vínilplötunum Silfurgrænu ilmvatni og Balapoppi en öll lög þeirra platna voru tekin upp fyrir árið 1980. Sérstaklega má minnast lagsins Alan sem naut verulegra vinsælda. Þá mun hljómsveitin halda útgáfutónleika á Café Rosenberg á fimmtudaginn þar sem lög af plötunni verða leikin.

Melchior var stofnuð árið 1973. Hún starfaði lengst af á seinni hluta áttunda áratugarins. Á þeim tíma gaf Melchior út eina tveggja laga plötu auk Silfurgræns ilmvatns og Balapopps. Þar til í fyrra hafði sveitin ekki komið saman á almennum tónleikum síðan árið 1978. Þá gaf hún út plötuna Melchior, sem innihélt hið vinsæla lag Fiskisúpa Sigríðar í Fjöruhúsinu.



**MELCHIOR** Hljómsveitin Melchior hefur gefið út tvöfalda plötu.

# THE BODY SHOP™

## 25% kynningarafsláttur af verði vörutegunda fyrir húð andlitsins dagana 1.-5. september

Í verslunum The Body Shop fæst mikið úrval vandaðra vörutegunda fyrir húð andlitsins. Veittur verður sérstakur kynningarafsláttur af verði allra vörutegunda innan eftirtaldra vörulína í nokkra daga:

**Aloe, Natrulift, Nutriganics, Seaweed, Tea tree, Vitamin C, Vitamin E og Wise woman.**

Innan allra þessara vörulína fást að sjálfsögðu allar nauðsynlegustu vörurnar, s.s. hreinsimjólk, andlitsvatn, næturkrem, andlitssápa og margt, margt fleira.
**25% afsláttur er gefinn af verði allra vörutegunda innan hverrar línu** þótt hér séu einungis gefin dæmi um dagkrem hverrar vörulínu.






**Natrulift**-vörulínan fyrir þroskaða húð (40 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Natrulift-dagkrem (50ml) **2167 kr.**




**Aloe**-vörulínan fyrir viðkvæma húð
Verðdæmi með afslætti:
Aloe-dagkrem (50ml) **1485 kr.**







**Seaweed**-vörulínan fyrir blandaða/feita húð.
Kemur í veg fyrir gljáa
Verðdæmi með afslætti:
Seaweed-dagkrem (50ml) **1485 kr.**




**Nutriganics**, lífrænt vottuð vörulína (fyrir 30 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Nutriganics-dagkrem (50ml) **1867 kr.**










**Tea tree**-vörulínan fyrir unglinginn
Verðdæmi með afslætti:
Tea tree-dagkrem (50ml) **1035 kr.**

**C-vítamín**-vörutegundirnar mynda meðferðarlínu sem ljær hörundi jafnframt aukinn ljóma
Verðdæmi með afslætti:
C-vítamín-sermi (30ml) **2167 kr.**

**Wise woman**-vörulínan fyrir þroskaða húð (50 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Wise woman-dagkrem (50ml) **3442 kr.**

**E-vítamín**-vörulínan fyrir blandaða/þurra húð
Verðdæmi með afslætti:
E-vítamín-dagkrem (50ml) **1117 kr.**

# THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Glerártorgi

## > LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA

**Elin Nordegren** situr ekki með hendur í skauti þótt erfiður skilnaður við Tiger Woods sé nú að baki. Samkvæmt bandarískum fréttavefjum langar hana að nota peningana frá Tiger til að opna miðstöð fyrir fátæk börn sem þjást af erfiðum geðsjúkdómum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Paris Hilton í vondum málum

Hótelerfinginn Paris Hilton var handtekin í Las Vegas um helgina eftir að fíkniefni fundust í fórum hennar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hilton kemst í kast við lögin því árið 2006 var hún fyrst handtekin fyrir ölvunarakstur og var svipt ökuréttindum auk þess sem hún fékk 36 mánuði á skilorði. Í byrjun árs 2007 var Hilton aftur handtekin, nú fyrir að aka án réttinda og í febrúar sama ár var stúlkan handtekin fyrir of hraðan akstur og fyrir að aka án ökuréttinda. Í júlí í ár var Hilton svo handtekin á flugvelli á eyjunni Korsíku með eiturlyf í fórum sínum.

Lögreglumaðurinn sem handtók Hilton segir hana hafa misst tæpt gramm af kókaíni úr handtösku sinni. Þegar hann spurði hana út í efnið sagðist Hilton ekki kannast við það. Hilton sagði að taskan tilheyrði vinkonu hennar en viðurkenndi að kreditkort, lyfseðilsskyld lyf og annað smádót sem í töskunni var væru hennar eign, en þvertók fyrir að eiga kókaínið.

Sérstakur saksóknari í Las Vegas, David Roger, sem sækir málið, er sá sami og kom O.J. Simpson á bak við lás og slá fyrir stuttu síðan.

„Roger hefur litla þolinmæði fyrir fólki sem kemur til Las Vegas og heldur að það komist upp með að brjóta lögin. Það verður mjög erfitt fyrir Hilton að losna undan þessu máli, jafnvel með aðstoð lögfræðinga sinna,“ var haft eftir heimildarmanni. Verði Hilton fundin sek gæti hún átt yfir höfði sér fangelsisvist, en hún sat inni í tvo sólarhringa árið 2007 eftir að hafa ítrekað brotið skilorð sitt.



**VANDRÆÐAPÉSI** Paris Hilton var enn og aftur handtekin fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum. Verði hún fundin sek á hún yfir höfði sér fangelsisvist. NORDICPHOTOS/GETTY





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhús
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
Stílisti


Helga Sigurbjarnadóttir
Innanhúsarkitekt


Þorsteinn Haraldsson
Byggingafræðingur

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101




**SAMNINGUR Í HÖFN** Spaugstofan og Ari Edwald, forstjóri 365, eftir að samningurinn hafði verið undirritaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spaugstofuhringnum lokað

**Spaugstofan er komin yfir á Stöð 2 eftir tvo farsæla áratugi í Sjónvarpinu. Þátturinn verður með óbreyttu sniði og á sama tíma og áður, eða á laugardagskvöldum klukkan 19.35.**

Meðlimir Spaugstofunnar undirrituðu tveggja ára samning við Stöð 2 í Þjóðmenningarhúsinu í gær um að ástsælasti sjónvarpsþáttur þjóðarinnar undanfarin tuttugu ár yrði þar á dagskrá frá og með 9. október.

Spaugstofan verður áfram á sínum gamalgróna sýningartíma, á laugardögum kl. 19.35, og keppir því við nýjan skemmtiþátt Góa sem verður á sama tíma í Sjónvarpinu. „Þetta er eins og þeir segja í fótboltanum, það er enn þá mikill karakter í liðinu og við teljum okkur eiga mikið inni. Leiktíðinni hjá okkur er bara alls ekkert lokið,“ segir Sigurður Sigurjónsson.

Vangaveltur höfðu verið uppi um hvort og þá hvar Spaugstofan yrði á dagskrá í vetur eftir að Sjónvarpið ákvað að nýta sér ekki krafta hennar lengur. Skjár einn var helst nefndur til sögunnar en ekkert varð úr þeim viðræðum. „Þeirra hugmyndir voru um einfaldari gerð af þætti en við sáum okkar hag bestan í að halda honum óbreyttum með því sniði sem hann var og verður áfram,“ segir Örn Árnason.

Kollegi hans, Pálmi Gestsson, bætir við að margir hafi rætt við þá eftir að þeir hættu hjá Sjónvarpinu. „Það var vítamínsprauta að átta sig á því að þegar við gengum út úr RÚV þá var töluverð ásókn í okkur,“ segir hann. „Það voru aðrir sem vildu gera bíó og alls konar hugmyndir voru í gangi sem fóru ekki lengra,“ segir hann og útilokar ekki að í framtíðinni verði einmitt gerð bíómynd með Spaugstofunni og hugsanlega verði þættirnir einnig gefnir út á mynddiskum. Pálmi segir þá félaga eldhressa og móralinn framúrskarandi góðan sem fyrr. „Það eru til miklu betri grínistar og betri höfundar og leikarar en við en það er hópurinn sem er galdurinn.“

Randveri Þorlákssyni var á sínum tíma sagt upp hjá Spaugstofunni vegna niðurskurðar og þótti mörgum það miður. Aðspurður segir Pálmi það ekki á döfinni að taka hann aftur inn í hópinn nú þegar þátturinn er kominn yfir á Stöð 2. „Það hefur ekki verið raunhæft fyrr en þessi skrítna staða kom upp að RÚV gaf þá frá sér. Ég reyndar skil ekki þá ákvörðun en ég segi að sjálfsögðu „takk“,“ segir Ari. „Það sem skapar tekjurnar í þessari starfsemi er að hafa efni sem fólk vill horfa á. Ég hef engar áhyggjur af því að Spaugstofan muni ekki standa undir sér fjárhagslega.“

Framleiðsla Spaugstofunnar mun fara fram á vegum Sagafilm í gamla sjónvarpshúsinu við Laugaveg 176 þar sem þættirnir voru einmitt framleiddir fyrstu árin sem þeir voru sýndir. Að vissu leyti má því segja að Spaugstofuhringnum hafi verið lokað. freyr@frettabladid.is


Ballettskóli
Guðbjargar Björgvins
Innritun hafin
Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri
Einnig fullorðinsballett
Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399
www.gbballett.is






Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


# Beit annan hund til bana

Hundur plötusnúðsins Samönthu Ronson hefur verið sendur burt af heimili hennar eftir að hann drap hund nágrannans. Ronson á bolabítinn Cadillac og hefur nú þurft að skilja við hundinn eftir að hann réðst á smáhund í eigu nágrannakonu. Hinn hundurinn, lítill Maltesehundur, hafði sloppið fram á gang þegar lætin byrjuðu. Háváðinn vakti athygli nágranna sem þustu þegar fram til að athuga málið en þá hafði Cadillac þegar drepið smáhundinn og síðan bitið eiganda hundsins þegar hann kom askvaðandi.

Ronson sendi frá sér tilkynningu í gegnum Twitter-síðu sína stuttu síðar þar sem hún sagðist ist miður sín eftir atvikið. „Ég er afskaplega leið yfir því sem gerðist og ég vildi að ég gæti gefið annað og meira en samúð mína. Því miður eru engin orð sem geta lýst því hversu sorgmædd ég er yfir þessu atviki,“ skrifaði Ronson á Twitter-síðu sína.



**MIÐUR SÍN** Hundur Samönthu Ronson drap hund nágrannakonu hennar. Hún er miður sín eftir atvikið. NORDICPHOTOS/GETTY


20%
afsláttur af öllum
dömu nærfatnaði
Notar þú rétta stærð?
Komdu í fría mælingu
hjá okkur í undirfatadeildinni.
Eigum stærðir A – H
Restin af
útsöluvörunum:
Kauptu eina
útsöluvöru með 50
eða 70% afslætti
og fáðu aðra
fría.
Tilboðið gildir út mánudag.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


HÁTALARAR • MP3 SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDA
KRABÆRT ÚRVAL!!! HARÐIR DISKAR • TURNKASSAR • LY
MINNI • HÝSINGAR • HLJÓÐNEMAR • MARG
SKANNAR • HEYRNATÓL • AUKAHLUT
HÁTALARAR • MP3 SPILARA
TURNKASSAR • LYK
ÚTSALA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
20,1"
PHILIPS
Philips 201E1SB
20,1" TFT active matrix LCD flatskjár með 1600x900dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub ofl.
LCD BREIÐSKJÁR
24.990
FULLT VERÐ KR. 28.990
UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
720P
HDMI
CARD
United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.
UNITED
MEDIASPILARI
10.990
FULLT VERÐ KR. 14.990
22.5"
acer
Acer V223HQBB
22.5" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma og VGA tengi.
LCD BREIÐSKJÁR
29.990
FULLT VERÐ KR. 32.990
SAMSUNG
500GB
HARÐUR DISKUR
Samsung SA502HJ
500GB 3.5 7200rpm harður diskur.
7.990
FULLT VERÐ KR. 11.990
Logitech
LYKLABORÐ
Logitech UltraX Premium
OEM lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum.
2.990
FULLT VERÐ KR. 4.990
FARTÖLVA
TOSHIBA
14"
Toshiba Tecra M10-17J
2.1GHz Intel Core 2 Duo T6570 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD og CD skrifari • 14" TFT WXGA skjár • Intel GMA 4500 skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika
149.990
FULLT VERÐ KR. 179.990
FARTÖLVA
SAMSUNG
17,3"
Samsung R730-JS04SE
2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA harðdiskur • DVD og CD skrifari • 17.3" WXGA LED skjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél• Windows 7 Home Premium
129.990
FULLT VERÐ KR. 159.990
FARTÖLVA
TOSHIBA
15,4"
Toshiba Satellite PRO S300L-10E
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500MHD skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika
79.990
FULLT VERÐ KR. 119.990
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU – TAKMARKAÐ MAGN!

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

NOKKUR DÆMI UM GÓÐ TÆKIFÆRI

**Vírusvarnir frá 2.990 krónum**
**Allt prentarablek með 10% afslætti**
**Allur prentpappír með 15% afslætti**
**Mýs og lyklaborð á frábæru verði**
**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Þráðlaus netbúnaður frá 2.490 krónum**
**Tölvuíhlutir á fáránlegu verði, skjákort, harðdiskar ofl.**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**....og margt, margt fleira – sjón er sögu ríkari**

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN

EF ÞÚ FÍLAR SO YOU THINK YOU CAN DANCE
ÞÁ ÁTTU EFTIR AÐ ELSKA STEP UP
BESTA DANSMYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ SÍÐAN DIRTY DANCING VAR OG HÉT...

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
CATS & DOGS
ÆÐISLEG FJÖLSKYLDUMYND MEÐ FRÁBÆRUM HÚMOR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 7 - 10 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3 | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 8 - 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP-3D | kl. 8 - 10 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ LEIKSTJÓRA HOT FUZZ OG SHAUN OF THE DEAD KEMUR EIN FYNDNASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS
SCOTT PILGRIM VS. THE WORLD
STALLONE STATHAM LI LUNDGREN COUTURE AUSTIN CREWS ROURKE WILLIS
THE EXPENDABLES LÚXUS
THE HUMAN CENTIPEDE
ANGELINA JOLIE SALT HVER ER SALT?
VAMPIRES SUCK

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM VS THE WORLD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3.30 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10.10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM VS THE WORLD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| SALT | kl. 6 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSÝNING Á STÆRSTA DIGITAL TJALDI LANDSINS KL. 10.15
THE EXPENDABLES
TOPP MYNDIN Í DAG Á ÍSLANDI OG USA!
S.V. - MBL T.V. - kvikmyndir.is E.Þ.E - DV Þ.Þ. -FBL

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM | 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| EXPENDABLES | 5.45, 8 og 10.15(POWER) | 16 |
| SALT | 8 og 10.15 | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 5.45 Gleraugu Seld sér | 10 |

# Cruise varðveitir æskublómið



**YNGIST** Tom Cruise ætlar að koma sér í form fyrir hlutverk sitt í Mission Impossible IV.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikarinn Tom Cruise hefur sett sér takmark sem hann hyggst ná á næstu mánuðum. Samkvæmt tímaritinu In Touch Weekly vill Cruise yngjast um tíu ár áður en tökur á kvikmyndinni Mission Impossible IV hefjast í lok ársins.

„Tom er kominn í stranga líkamsþjálfun og æfir nú í þrjá klukkutíma á dag og borðar aðeins mat sem inniheldur fáar hitaeiningar,“ var haft eftir heimildarmanni. Samkvæmt heimildum blaðsins vildu framleiðendur myndarinnar fá yngri og ódýrari leikara í hlutverk Ethans Hunt en Cruise var ekki á þeim buxunum. „Hann tók á sig launalækkun og er núna staðráðinn í að koma sér í form og útilokar ekki að fara í bótox til að virka enn yngri,“ sagði heimildarmaðurinn.



**GLÆSILEGUR FULLTRÚI** Þessi unga dama sýndi stórkostleg tilþrif fyrir framan tökuvélarnar í Garðabæ þegar ný sjónvarpssería Latabæjar var í tökum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# MIKIÐ LÍF Í LATABÆ

**Mikið líf hefur verið í höfuðstöðvum Latabæjar undanfarna daga. Þar hafa staðið yfir upptökur á nýrri þáttaröð sem verður með eilítið öðruvísi sniði en aðdáendur Latabæjar hafa átt að venjast og svo var tilkynnt um stofnun Íþróttaskóla Latabæjar.**



**ÍÞRÓTTASKÓLI LATABÆJAR** Einar Karl Birgisson og Þröstur Jón Sigurðsson skrifa undir samning um rekstur Íþróttaskóla Latabæjar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það gekk mikið á þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði um hádegisbilið í gær en þá var verið að taka upp dansspor með ungum og efnilegum dönsurum. Fótafimin leyndi sér ekki og einbeitnin skein úr hverju andliti.

Um tvö leytið skrifuðu Einar Karl Birgisson, svæðisstjóri Latabæjar á Íslandi, og Þröstur Jón Sigurðsson, eigandi Sporthússins, undir samstarfssamning milli Sporthússins og Latabæjar um stofnun Íþróttaskóla Latabæjar. Fram kemur í fréttatilkynningu sem var send af þessu tilefni að Íþróttaskóla Latabæjar er ætlað að upplýsa börnin um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls. Þegar hefur verið gengið frá ráðningu skólastjóra Íþróttaskóla Latabæjar en hún heitir Heiða Björk Ásbjönsdóttir. Um miðjan september verður boðið upp á námskeið í Sporthúsinu Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og á Selfossi.

# Færri miðar en meiri gróði

Hagnaður kvikmyndahúsa í Bandaríkjunum jókst um hundrað milljónir dollara, rúma tólf milljarða íslenskra, frá því í fyrra þrátt fyrir að kvikmyndahúsagestum hafi fækkað umtalsvert. Þeir hafa raunar ekki verið færri síðan 2005 en alls voru 552 milljónir bíómiða seldar á þessu ári. Talið er að þar skipti mestu að kvikmyndahúsin eru farin að rukka hærra miðaverð á hinar svokölluðu þrívíddar-myndir en varla hefur verið þverfótað fyrir slíkri kvikmyndagerð á þessu ári eða síðan Avatar sló hvert miðasölumetið á fætur öðru.



**EINA METSÖLUMYNDIN** Toy Story 3 reyndist vera eina metsölumyndin í sumar, en fjöldi misheppnaðra stórmynda leit dagsins ljós.

Samkvæmt frétt á BBC hefur miðaverð hækkað um fimm prósent og borga því kvikmyndahúsagestir að meðaltali 7,88 dollara fyrir miðann eða 955 krónur.

Svipuð þróun hefur verið í gangi í Bretlandi og hefur hún verið rakin beint til þrívíddar-byltingarinnar. Eina myndin sem náði einhverjum verulegum vinsældum var Toy Story 3 en stórmyndir á borð við Sex and the City 2, Prince of Persia og The Sorcerer´s Apprentice náðu engan veginn að standa undir væntingum. „Sem kvikmyndagerðarmaður hlýtur þú að vilja örva aðsókn, ekki draga úr henni,“ segir miðasölusérfræðingurinn Paul Dergarabedian við fréttavef BBC. „Hollywood mistókst að hrífa áhorfendur sem svöruðu kallinu með fjarveru sinni,“ bætir Paul við.

# Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.



Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og færð aðgang í alla opna og LOKAÐA tíma.
Hot jóga - ***innifalið***
Heilsuátak - ***innifalið***
Aðhaldsnámskeið - ***innifalið***
Tabata - ***innifalið***
Afró - ***innifalið***
Magadans - ***innifalið***
Bollywood - ***innifalið***
Les Mills tímar - ***innifalið***
Salsa - ***innifalið***
Flamenco - ***innifalið***
Tæbox - ***innifalið***
*o.mfl.*

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

**Komdu strax í KK klúbbinn,**
**fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!**
Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk

Ljósmyndari Vera Pálsd.

5.590* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir, Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:15-07:15 Morguntími | 06:30-07:15 Spinning | 06:15-07:15 Morguntími | 06:30-07:15 Spinning | 06:15-07:15 Morguntími | 09:05-10:00 Heilsuátak (lok-KK) |
| 07:20-08:20 Aðhaldsnámskeið (lok-KK) | | 07:20-08:20 Aðhaldsnámskeið (lok-KK) | Nánari upplýsingar um tíma www.badhusid.is | 07:20-08:20 Tabata (lok-KK) | 09:10-10:10 MRL |
| 09:45-10:45 MammaShanti-Jóga* | 09:00-10:00 Kvennasmiðjan* | 09:45-10:45 MammaShanti-Jóga* | | | 10:20-11:20 Hot jóga |
| 10:00-11:00 Body Balance | 09:30-10:30 Tækjakennsla | 10:00-11:00 Body Balance | | 10:00-11:00 Body Balance | 10:25-11:25 Body combat |
| 12:00-13:00 MammaShanti-meðgöngu jóga* | 12:00-12:50 Hot Jóga (lok-KK) | 12:00-13:00 MammaShanti-meðgöngu jóga* | 12:00-12:50 Hot Jóga (lok-KK) | | 12:00-13:00 Hot jóga (lok-KK) |
| 12:05-12:55 Hádegispúl | 13:30-14:30 Tabata (lok-KK) | 12:05-12:55 Hádegispúl | 13:30-14:30 Tabata (lok-KK) | 12:05-12:55 Hádegispúl | 12:15-13:05 Stelpujóga (5-7 ára) |
| 16:15-17:15 MammaShanti-meðgöngu jóga* | 15:15-16:15 Heilsuátak-Unglingsstelpur | 16:15-17:15 MammaShanti-meðgöngu jóga* | 15:15-16:15 Heilsuátak-Unglingsstelpur | | **SUNNUDAGUR** |
| 16:20-17:15 Leikfimi | 16:15-17:15 MRL | 16:20-17:15 Leikfimi | 16:15-17:15 MRL | 16:20-17:15 Salsa-leikfimi | 10:15-11:15 Flamenco |
| 17:20-18:20 BodyPump | 17:15-18:00 RPM | 17:20-18:20 BodyPump | 17:15-18:00 RPM | 17:20-18:20 BodyPump | |
| 17:25-18:25 Heilsuátak (lok-KK) | 17:20-18:20 Heilsuátak (lok-KK) | 17:25-18:25 Heilsuátak (lok-KK) | 17:20-18:20 Heilsuátak (lok-KK) | 17:30-18:30 Hot Jóga | |
| 17:30-19:00 Tækjakennsla | 17:30-18:30 Hot jóga (lok-KK) | 17:30-19:00 Tækjakennsla | 17:30-18:30 Hot jóga (lok-KK) | 18:15-19:15 Body Jam | |
| 17:30-18:30 Hot Jóga (lok-KK) | 17:20-18:20 BodyCombat | 17:30-18:30 Hot Jóga (lok-KK) | 17:20-18:20 BodyCombat | **Opið:** | |
| 18:00-18:45 RPM | 18:25-19:25 Tæbox | 18:00-18:45 RPM | 18:25-19:25 Tæbox | Mán.-fimmtud kl. 06:00-21:30* | |
| 18:25-19:25 Bollywood (lok-KK) | 18:30-19:30 Tækjakennsla | 18:25-19:25 Bollywood (lok-KK) | 18:30-19:30 Tækjakennsla | Föstudaga kl. 06:00-20:00* | |
| 18:35-19:35 Heilsuátak (lok-KK) | 18:30-19:30 Magadans (lok-KK) | 18:35-19:35 Heilsuátak (lok-KK) | 18:30-19:30 Magadans (lok-KK) | Laugardaga kl. 09:00-16:00* | |
| 18:40-19:40 Hot jóga | 19:30-20:15 Spinning | 18:40-19:40 Hot jóga | 19:30-20:15 Spinning | Sunnudaga kl. 10:00-14:00* | |
| 19:30-20:40 Afró (lok-KK) | 19:30-20:30 Jóga (lok-KK) | 19:30-20:40 Afró (lok-KK) | 19:30-20:30 Jóga (lok-KK) | **Tækjasal lokað 30 mín. fyrr* | |
| 19:45-20:45 Tabata | 19:35-20:35 Body Jam | 19:45-20:45 Tabata | 19:35-20:35 Body Jam | | |

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími5 151900

Ný og glæsileg stundaskrá hefst 1. september.

## > Tómas Joð í þriggja leikja bann

Tómas Joð Þorsteinsson, leikmaður Fylkis, fékk þriggja leikja bann fyrir að ýta í Örvar Sæ Gíslason dómara í leiknum gegn KR í síðustu viku. Tómas fékk tvö gul spjöld með nokkurra sekúndna millibili og var orðinn ansi heitur þegar hann gekk að Örvari og ýtti í hann. Tómas sagði að um uppsafnaðan pirring hefði verið að ræða. Hann hefur þegar afplánað einn leikinn og getur aðeins tekið þátt í tveimur leikjum til viðbótar í sumar, gegn Haukum og KR. Samherjar hans, Kristján Valdimarsson og Valur Fannar Gíslason, voru dæmdir í eins leiks bann í gær.



# sport

sport@frettabladid.is

ALFREÐ FINNBOGASON: FÓR EKKI TIL PÓLLANDS Í ÆVINTÝRALEIT OG KLÁRAR TÍMABILIÐ MEÐ BLIKUM

## *Pólland var aldrei draumastaðurinn*

Lengi vel leit út fyrir að Alfreð Finnbogason væri á leið til Póllands. Félag þar í landi, Lechia Gdansk, var í viðræðum við Blika um að kaupa Alfreð. Félögin sendu tilboð sín á milli en á endanum var pólska félagið ekki tilbúið til að borga setta upphæð fyrir framherjann.

„Ég er ekkert svekktur. Ég viðurkenni alveg að þetta var aldrei neinn draumastaður til að hefja atvinnumannaferilinn á," sagði Alfreð léttur. En hver er draumastaðurinn? „Manchester United," sagði Alfreð strax, sposkur. Það gæti vel gerst enda United með öllu óútreiknanlegt í félagaskiptum, það keypti til að mynda nýlega framherja úr portúgölsku þriðju deildinni sem var áður heimilislaus, Bebe. „Ef maður lítur á þetta þannig er það alltaf hægt," sagði Alfreð. „Maður verður jú að eiga drauma," sagði Alfreð réttilega.




Pólska félagið dró lappirnar að því er virðist og eðlilega hefði Alfreð ekki samið við félagið án þess að fara út og kanna aðstæður. „Ég fékk eiginlega aldrei tækifæri til að skoða þetta frá Póllandi almennilega, félögin náðu ekki saman og það er lokapunkturinn. Maður verður samt ekkert nær afstöðu með því að lesa netið," sagði Alfreð.

Framherjinn segir að það hafi alltaf verið áætlunin að klára tímabilið með Blikum og hann er ánægður að ná því. „Nú er bara að klára þetta með stæl. Þetta er í fyrsta skipti sem við eigum svona góðan möguleika á titlinum," segir Alfreð.

Hann stefnir nú ótrauður á að komast út í janúarglugganum á næsta ári. „Ég er ekkert að missa svefn yfir þessum hlutum. Góðir hlutir gerast hægt," segir Alfreð.

Næsta verkefni hans er þó að fara með U21 árs landsliði Íslands til Tékklands í næstu viku.



**ÖFLUGUR** Jón fer væntanlega í atvinnumennsku í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Guðni Fjóluson:

## Fer í viðræður við AEK Aþenu

**FÓTBOLTI** Jón Guðni Fjóluson mun halda til viðræðna við AEK frá Aþenu eftir tímabilið hér á landi. Félagið var í viðræðum við Fram í vikunni um kaup á Jóni Guðna en eftir þær var ákveðið að geyma viðræðurnar í bili. Þetta staðfestir þjálfari Fram, Þorvaldur Örlygsson.

„Við ákváðum að bíða fram á haustið en viðræður munu halda áfram seinna. Það er ánægjuefni að Jón Guðni muni klára tímabilið með okkur, en einnig að leikmaður frá okkur skuli eiga möguleika á að komast að erlendis. En það er tími og staður fyrir allt, síðar meir munum við finna tíma fyrir þetta," sagði Þorvaldur.

- hþh

# Eiður fórnar 1,8 milljónum á viku

**Eiður Smári Guðjohnsen gekk í gær í raðir Stoke frá Monaco á eins árs löngum lánssamningi. Eiður tók á sig launalækkun til að komast til Stoke. Hann verður fimmtándi Íslendingurinn til að spila með Stoke.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen gekk frá eins árs löngum lánssamningi við Stoke seinni partinn í gær, rétt áður en félagaskiptaglugganum lokaði á Englandi. Hann verður því án félags eftir tímabilið þar sem hann verður þá samningslaus hjá Monaco. Eiður spilaði aðeins níu leiki fyrir franska félagið, sex í byrjunarliðinu.

Samkvæmt fréttum frá Englandi í gær gekk erfiðlega hjá Eiði og Monaco að ganga frá samningum um launamál. Eiður er talinn fá um 75 þúsund pund í vikulaun frá Monaco en deilur um hvernig Stoke, eða eitthvert annað félag sem hefði áhuga á Eiði, og franska félagið ættu að skipta launagreiðslum á milli sín töfðu samninginn.

Það var ekki fyrr en Eiður gaf eftir tíu þúsund pund, eða 1,8 milljónir króna, af vikulaunum að samningar náðust. Ekki náðist í Arnór Guðjohnsen, föður og umboðsmann Eiðs, til að fá nánari útskýringar á málinu.

Hugsanlegt er að það sé ástæða þess að Eiður gekk ekki frá samningum við neitt félag fyrr en á síðasta degi gluggans. Hann flaug ekki til viðræðna hjá Stoke fyrr en í gær en var á Íslandi á mánudaginn. Fjölmiðlafulltrúi Monaco neitaði að tjá sig um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöldi.

Saga Íslendinga hjá Stoke er mikil. Það var í eigu Íslendinga frá 1999 til 2006. Gunnar Gíslason var stjórnarformaður þess en það kostaði 6,6 milljónir punda. Guðjón Þórðarson tók við félaginu og stýrði því í þrjú ár. Eiður verður fimmtándi Íslendingurinn til að spila með Stoke.

„Ég er í skýjunum með að koma hingað. Þetta er ný áskorun fyrir mig, stór áskorun, en ég hlakka mikið til hennar," sagði Eiður á heimasíðu Stoke í gær.

Eiður sagði að hann hefði rætt við stjórann, Tony Pulis, og sannfærst um að Stoke væri réttur kostur fyrir sig.

„Eftir að hafa talað við hann um félagið og metnað þess sannfærði hann mig alveg og ég er virkilega ánægður með að ganga frá þessu."

Pulis sjálfur sagði að Eiður væri stórkostlegur fengur. „Eiður er magnaður leikmaður sem hefur staðið sig vel á meðal þeirra bestu. Það er hægt að benda á það með sigri Tottenham hérna í apríl þar sem hann skoraði meðal annars. Hann sýndi knattspyrnuheilann sem hann býr yfir og leikskilninginn í hæsta gæðaflokki. Hann mun búa til fleiri mörk fyrir okkur," sagði Pulis.

Eiður sagði sjálfur að hann myndi vel eftir andrúmsloftinu á Britannia-leikvangnum. „Ég get ekki beðið eftir því að byrja að spila. Stuðningsmennirnir hérna eru frábærir og ég man alltaf eftir andrúmsloftinu hérna. Ég skoraði hérna fyrir stuttu fyrir Tottenham, kannski skulda ég stuðningsmönnunum þessvegna eitthvað. Vonandi get ég skorað nokkur mörk fyrir þá," sagði Eiður.

„Ég er metnaðarfullur leikmaður og þetta er metnaðarfullt knattspyrnufélag. Ég vil hjálpa því að komast á næsta stig, það er mitt aðalmarkmið," sagði Eiður.

Stoke hefur tapað öllum þremur leikjunum í deildinni, fyrir Stoke, Tottenham og Wolves. Félagið gekk í gær frá samningum við þrjá aðra leikmenn, Salif Diao, Jermaine Pennant og Marc Wilson.

Eiður hefur á ferlinum leikið með Val, PSV Eindhoven, KR, Bolton, Chelsea, Barcelona, Monaco og Tottenham. Stoke er því níunda félag Eiðs sem verður 32 ára gamall eftir tvær vikur.

hjalti@frettabladid.is




**MEÐ OG MÓTI** Eiður er hér í leik með Tottenham gegn Stoke á síðasta tímabili. Hann skoraði einmitt í leiknum og gantaðist með það í gær að hann skuldaði stuðningsmönnum Stoke mark í staðinn. NORDICPHOTOS/AFP

### Íslendingar hjá Stoke

| Leikmaður | Tímabil | Leikir/mörk |
|---|---|---|
| Bjarni Guðjónsson | 2000-2003 | (161 leikur, sautján mörk) |
| Brynjar Björn Gunnarsson | 1999-2003 | (161 leikur, nítján mörk) |
| Tryggvi Guðmundsson | 2005 | (enginn leikur) |
| Þorvaldur Örlygsson | 1993-1995 | (102 leikir, 21 mark) |
| Lárus Orri Sigurðsson | 1994-1999 | (228 leikir, sjö mörk) |
| Einar Örn Daníelsson | 1999-2000 | (8 leikir, eitt mark) |
| Þórður Guðjónsson | 2004-2005 | (tveir leikir, ekkert mark) |
| Arnar Gunnlaugsson | 2000-2002 | (22 leikir, fimm mörk) |
| Birkir Kristinsson | 2000-2001 | (18 leikir) |
| Pétur Marteinsson | 2001-2003 | (18 leikir, tvö mörk) |
| Sigursteinn Gíslason | 1999-2000 | (átta leikir, ekkert mark) |
| Ríkharður Daðason | 2000-2002 | (42 leikir, 11 mörk) |
| Hannes Þ. Sigurðsson | 2005-2006 | (29 leikir, 1 mark) |
| Stefán Þórðarson | 2000-2002 | (65 leikir, 11 mörk) |

*1994-1995 var Lárus Orri valinn leikmaður tímabilsins og Brynjar Björn tímabilið 2000-2001. Guðjón Þórðarson stýrði liðinu frá 1999 til 2002.*





**STUÐNINGSMENN** Það gengur illa að selja miða á Parken. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Miðasala á Parken:

## Ísland trekkir ekki að á Parken

**FÓTBOLTI Óhætt er að segja að ekki sé slegist um miða á landsleik Danmerkur og Íslands í undankeppni EM sem fram fer á Parken í Kaupmannahöfn næsta þriðjudag.**

**„Það er búið að selja um 15 þúsund miða á leikinn og ég tel ekki möguleika á að það verði uppselt á hann," segir Suzanne Aabo hjá danska knattspyrnusambandinu en Parken tekur 38 þúsund manns í sæti.**

**Síðast þegar Danmörk og Ísland mættust í undankeppni á Parken voru 15.393 áhorfendur. Það hefur gerst ellefu sinnum að Danmörk hefur leikið leik í undankeppni fyrir framan færri en 20 þúsund manns. Aabo býst ekki við tólfta skiptinu á þriðjudag.**

**„Ég vonast til að áhorfendafjöldinn á leiknum verði milli 25.000 og 28.000," segir Aabo.**

- egm

Nokkrir Íslendingar gengu frá samningum fyrir lok félagaskiptagluggans í gær:

## Tveir mánuðir hjá Strømsgodset

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Garðar Jóhannsson gekk frá fjögurra mánaða löngum samningi við norska úrvalsdeildarfélagið Strømsgodset í gærkvöldi. Verið var að ganga frá lausum endum þegar Fréttablaðið ræddi við Garðar.

„Það er verið að ganga frá þessu. Þetta var ekki klárað fyrr en núna í kvöld en það er nokkuð síðan við byrjuðum að ræða saman. Þetta er að verða klappað og klárt," sagði Garðar þar sem hann beið tíðinda í gærkvöldi.

„Þetta hentar mér fínt. Ég þekki ágætlega til félagsins og spilaði meðal annars á móti þjálfaranum. Hann hlýtur því að vita hvað maður getur," sagði Garðar sem lék þrjá leiki með Stjörnunni í sumar.

„Það var fínt að vera hjá Stjörnunni, þetta var skemmtilegur tími," sagði Garðar sem útilokar



**Í BARÁTTUNNI** Garðar náði að koma við sögu í þremur leikjum með Stjörnunni í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ekki að koma aftur heim eftir leikina í Noregi. Strømsgodset á átta leiki eftir í deildinni og er komið í undanúrslit bikarsins.

„Það eru bara tveir mánuðir eftir af tímabilinu. Ég hefði ekki farið út ef ég væri ekki ánægður með samninginn en ég verð ekki áfram úti nema eitthvað bitastætt bjóðist," sagði Garðar.

Emil Hallfreðsson hefur gengið frá samningi við Verona í ítölsku C-deildinni. Hann verður lánaður til liðsins frá Reggina.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson mun leika með Fredrikstad í Noregi þaðan sem hann er lánaður frá Esjberg í Danmörku. Aron Jóhannsson, markahæsti leikmaður 1. deildarinnar á Íslandi, fór til AGF í Árósum.

Þá er Eiður Smári Guðjohnsen kominn til Stoke og Gylfi Þór Sigurðsson til Hoffenheim. - hþh



**FÖGNUÐUR** Stjörnustúlkur gátu fagnað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild kvenna í gær:

## Fimm stjörnu sigur í Árbæ

**FÓTBOLTI** Stjarnan vann öruggan sigur á Fylki í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í gær. Stjörnustúlkur skoruðu fimm mörk gegn engu í Árbænum. Katie McCoy og Inga Birna Friðjónsdóttir skoruðu báðar tvö mörk en eitt marka Stjörnunnar var sjálfsmark.

Með sigrinum er Stjarnan komin með 25 stig og komst því upp fyrir Fylki í fjórða sæti deildarinnar.

- hþh


VESTURLANDSVEGUR
VÍKURVEGUR
HÚSASMIÐJAN
ÞÚSÖLD
ÞJÓÐHILDARSTÍGUR
NÓATÚN
Höfum opnað KFC í Grafarholti
Ískaldur þeytingur með kurli
Fæst aðeins í KFC Grafarholti
KFC
krushers®
HAPPY HOUR
2 fyrir 1 alla virka daga
milli 15–17
Finndu þitt bragð
KYNNINGARVERÐ
399
Karamellu
Súkkulaði
Jarðarberja
Oreo
PIPAR\TBWA • SÍA • 101874
svoooogott™ í 30 ár
www.kfc.is
ÞJÓÐHILDARSTÍG 1 • 113 REYKJAVÍK • S: 588 6959 • OPIÐ FRÁ 11:00–22:00



**FARINN** Gylfi er farinn til Þýskalands.

Gylfi kveður Reading:

## Erfitt að segja bless við alla

**FÓTBOLTI** Gylfi Sigurðsson sagði bless við Reading á mánudaginn, mörgum stuðningsmönnum félagsins til sárra vonbrigða.

„Reading mun alltaf eiga sérstakan stað í mínu hjarta. Ég fór að heiman þegar ég var fimmtán ára til að koma hingað og það var erfitt að segja bless við alla. En ég held að Reading hafi fengið góða upphæð fyrir mig og allt hjá Reading hefur verið fullkomið fyrir mig. Mér líður eins og ég hafi vaxið með klúbbnum og stuðningsmennirnir hafa verið frábærir við mig líka,“ sagði Gylfi.

Hann hefur lýst yfir gríðarlegri ánægju með samninginn sinn við Hoffenheim og félagið sjálft. **- hþh**

Stuðningsmenn Reading eru brjálaðir yfir því að félagið hafi selt sinn besta leikmann:

# Sjö milljónir punda fyrir Gylfa í skuldir

**FÓTBOLTI** Gylfi Sigurðsson varð dýrasti leikmaður sem Reading hefur selt frá sér í vikunni. Hann kostar Hoffenheim sjö milljónir punda. Félagið seldi Gylfa til að geta borgað skuldir en aðeins um 300 þúsund pund fóru í að kaupa nýja leikmenn.

Reading fær tíu prósent af næstu sölu Gylfa líkt og Breiðablik fær fyrir söluna núna.

„Ég hef verið ársmiðahafi í 20 ár og stutt klúbbinn en þetta er það síðasta hjá mér. Fyrir mér er Madjeski orðinn leiður á leikfanginu sínu og hann á að selja klúbbinn einhverjum sem hefur metnað,“ sagði einn stuðningsmanna félagsins í gær, bálreiður yfir sölunni á Gylfa.

Forráðamenn Hoffenheim eru í skýjunum með kaupin. Þeir sögðu á heimasíðu félagsins að þeir væntuðu mikils af Gylfa sem kom til landsins rétt fyrir landsliðsæfingu seinni partinn í gær.

Anthony Smith er blaðamaður hjá staðarblaðinu Reading Chronicle. Hann sagði við Fréttablaðið í gær að stuðningsmenn félagsins væru mjög reiðir út í klúbbinn.




**NÚMER 11** Gylfi verður í treyju númer 11 hjá Hoffenheim. Hér er hann með treyjuna strax eftir undirskriftina. HOFFENHEIM

„Fjárhagur félagsins hefur farið versnandi. Það fær ekki lengur styrk frá ensku úrvalsdeildinni og það þurfti einfaldlega að selja til að grynnka skuldirnar,“ sagði Smith.

„Aðeins 300 þúsund pundum er eytt í nýja leikmenn. Við fáum Zurab Khizanishvili lánaðan frá Blackburn og svo fáum við Ian Harte,“ segir Smith sem er þó ánægður með að klúbburinn græði vel á leikmanni sem kemur í gegnum unglingalið félagsins.

„Hann kostaði okkur ekkert og það var einfaldlega ekki hægt að hafna þessu. Ég talaði við menn hjá klúbbnum í dag [í gær] og þeir staðfestu að hann yrði dýrasti leikmaður í sögu félagsins. Hoffenheim er toppklúbbur og hann gat augljóslega ekki sagt nei heldur,“ segir blaðamaðurinn.

Hann staðfesti einnig að Bolton, Fulham og Newcastle hefðu viljað kaupa Gylfa sem skrifaði undir nýjan þriggja ára samning við Reading fyrir stuttu.

„Stuðningsmennirnir skilja Gylfa ekki allir, þeir segja að hann hafi ætlað að vera áfram. En það eru bara nokkrir hörundsárir, nánast allir samgleðjast honum. Hann er einkar geðþekkur strákur og öllum líkar vel við hann. Stuðningsmennirnir eru brjálaðir út í klúbbinn og segja að það skorti upp á metnað, en í sannleika sagt erum við nokkuð frá því að eiga möguleika á því að komast aftur upp í úrvalsdeildina,“ sagði Smith.

Stjórnarformaður Reading telur að það hafi verið rétt að gera þennan samning fyrir félagið. „Ég er annálaður stuðningsmaður félagsins og á meðan ég er stjórnarformaður geri ég hlutina á réttan hátt. Núna erum við komnir með fjármálin á réttan kjöl,“ sagði hann og óskaði Gylfa velfarnaðar á nýjum vettvangi. **- hþh**





EXPO • www.expo.is

# Nú bjóðum við aðeins íslenskt kjöt í kjötborðum Nóatúns

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

MERKIÐ ER TIL MARKS UM GÆÐIN

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Landssamtök sauðfjárbænda

SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

- Íslenskt kjöt í hæsta gæðaflokki
- Kjötið er meðhöndlað og verkað samkvæmt ströngustu gæðakröfum
- Kaupum íslenskar landbúnaðarafurðir og styrkjum þannig byggðir landsins

DAG Nótt noatun.is 24·7 NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## > Matthew Bomer

„Að vinna hratt er það eina sem virkar. Það sem fólk gerir sér ekki grein fyrir með sápuóperur, er að þú færð einungis eitt tækifæri til þess að gera hlutina rétt.“

***Matthew Bomer fór eitt sinn með hlutverk í sápuóperunni Guiding Light, en fer nú með hlutverk Neils Caffrey í þáttunum White Collar sem eru á dagskrá Stöð 2 Extra kl. 22.15 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON HORFÐI Á ÚRSLITAÞÁTTINN AF BIGGEST LOSER

## *Varasamar megrunaraðgerðir*

Lokaþáttur bandarísku raunveruleikaseríunnar Biggest Loser var sýndur á Skjá einum á föstudagskvöld. Allir keppendurnir sem hófu leik sautján þáttum áður voru mættir í sjónvarpssal til að stíga á vigtina og í framhaldinu var sigurvegarinn krýndur, eða sá sem hafði misst flest kíló.

Ekki hafði ég séð þennan þátt áður og þess vegna var upplifunin eflaust undarlegri en ella að fylgjast með þessari tilfinningaríku úrslitastund. Keppendurnir höfðu aðeins fjórtán vikur til að skera sig niður, úr því að vera sannkallaðar fitubollur í það að ná hefðbundnara mittismáli. Eitthvað segir mér að það sé ekki hollt fyrir fólk að missa tugi kílóa á þremur og hálfum mánuði. Ef allt væri eðlilegt ætti slíkt að taka nokkur ár með breyttu mataræði, hreyfingu og öðru slíku en fyrir svona harða keppni getur ekki dugað að auka hreyfingu og borða hollan mat. Fitubrennsluefni hljóta að hafa verið gleypt í stórum skömmtum, með tilheyrandi áhættu fyrir alla þessa stóru líkama. Það kæmi mér því alls ekki á óvart þótt einhverjir hafi veikst alvarlega eftir þátttöku í Biggest Loser en auðvitað er sú þátttaka alfarið á ábyrgð keppendanna sjálfra.

Það er einfaldlega eitthvað rangt við að keppa um það hver missir flest kílóin. Þrýstingurinn á keppendurna og peningaupphæðin sem er í boði hlýtur að leiða til varasamra megrunaraðgerða.



**BIGGEST LOSER** Bandaríski raunveruleikaþátturinn lauk göngu sinni á Skjá einum á föstudaginn.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00** I Now Pronounce You Chuck and Larry STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** Canada's Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.40** True Blood STÖÐ 2



▶ **22.15** White Collar STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**16.25 Hallbjörg** Þáttur með Hallbjörgu Bjarnadóttur söngkonu.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (2:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Fínni kostur** (22:24)
**18.22 Sígildar teiknimyndir** (23:26)
**18.30 Finnbogi og Felix** (9:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Ljóta Betty** (74:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**21.05 Kokkaþing á Noma** (Looking North) Noma í Kaupmannahöfn var nýlega valið besta veitingahús í heimi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenska golfmótaröðin** (6:6) Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi.
**23.00 Þetta kalla ég dans** Heimildarmynd um Ernu Ómarsdóttur dansara sem hefur getið sér gott orð á sviðum evrópskra leikhúsa. (e)
**23.55 Af fingrum fram** (Elísa Geirsdóttir)
**00.35 Kastljós** (e)
**01.20 Fréttir** (e)
**01.30 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 French Kiss**
**10.00 Murderball**
**12.00 Pokemon 6**
**14.00 French Kiss**
**16.00 Murderball**
**18.00 Pokemon 6**
▶**20.00 I Now Pronounce You Chuck and Larry**
**22.00 Walking Tall: Lone Justice**
**00.00 Take the Lead**
**02.00 The Lost City**
**04.20 Walking Tall: Lone Justice**
**06.00 Old School**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark: The New Adventure** (1:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (12:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (1:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (11:23)
**14.40 E.R.** (14:22)
**15.30 iCarly** (2:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (13:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (17:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (15:20)
**20.10 Pretty Little Liars** (1:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**20.55 Mercy** (19:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
▶**21.40 True Blood** (10:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**22.25 Nip/Tuck** (19:22)
**23.10 NCIS: Los Angeles** (3:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**23.55 The Closer** (9:15)
**00.40 The Forgotten** (6:17)
**01.25 X-Files** (14:24)
**02.10 Grey's Anatomy** (12:17)
**02.55 E.R.** (14:22)
**03.40 Sjáðu**
**04.10 Buena Vista Social Club** Ein rómaðasta tónlistarmynd sögunnar.
**05.50 Fréttir og Ísland í dag (e)**

### SPORT *besta sætið*

**18.00 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótid er hluti af Kraftasportinu, en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**18.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.
**19.00 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.25 Chelsea - Man. Utd.** Sýnt frá leik Chelsea og Man. Utd í baráttunni um Góðgerðaskjöldinn.
**21.15 Prague 3** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker þar sem eru mættir flestir af bestu pókerspilurum Evrópu í dag.
**22.05 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**22.50 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomnir.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Liverpool - WBA** Sýnt frá leik Liverpool og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Sunderland - Man. City** Sýnt frá leik Sunderland og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends – Di Stefano** Að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.55 Blackburn - Arsenal / HD** Sýnt frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (24:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.30 Á allra vörum** (e)
**17.30 Dynasty** (25:30) Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma.
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Million Dollar Listing** (3:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þau í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.
**19.45 King of Queens** (6:25) (e)
**20.10 Top Chef** (14:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Það hitnar í kolunum þegar kokkarnir fjórir sem eftir eru leggja allt undir til að sigra.
▶**20.55 Canada's Next Top Model** (4:8)
**21.40 Life** (20:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Stjórnmálakona sem hefur barist fyrir banni á byssueign er skotin til bana. Slíkt bann hefði kostað byssuframleiðendur milljónir dollara.
**22.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.15 Law & Order** (18:22) (e)
**00.05 Leverage** (4:15) (e)
**00.50 Premier League Poker II** (4:15) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 RVK/ÍSA/RVK** Bregðum okkur á Ísafjörð.
**20.30 Mótoring** Fréttir úr mótorhjólaheiminum.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Bender og félagar eru að fá hann.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Pretty Little Liars

Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Þáttaröðin er uppfull af frábærri nýrri tónlist og er þegar farin að leggja línurnar í tískunni enda aðalleikonurnar komnar í hóp eftirsóttustu forsíðustúlkna allra helstu tímarita vestanhafs.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nip/Tuck**

**Stöð 2 kl. 22.25**

Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Á kerlingaslóðum
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Farkennarinn
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Spjallþættir frá Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (12:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum. Lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (12:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

▶**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**23.00 Gavin and Stacy** (7:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.

**23.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**23.55 The Doctors**

**00.35 Falcon Crest II** (12:22)

**01.25 Fréttir Stöðvar 2**

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** My Family **14.05** The Green, Green Grass **14.35** ,Allo ,Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** My Hero **18.00** Live at the Apollo **18.45** Lead Balloon **19.15** Little Britain **19.45** The Inspector Lynley Mysteries **20.30** Little Britain **21.00** Come Dine With Me **21.25** The Jonathan Ross Show **22.15** EastEnders **22.45** Torchwood **23.35** My Hero

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Kontakt til fortiden **22.10** OBS **22.15** Naruto Uncut **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** NRK nyheter **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Munter mat **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.35** Klippen **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med **22.00** Höök **23.00** Höök **00.00** Svisj gull

## SVT 1

**12.45** Cimarron Strip: Broken Wing **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Drömmen om laxen **15.25** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Flamman och Citronen **19.45** Best of Gabba Gabba **20.00** Hung **20.45** Nurse Jackie **21.15** Leonard Cohen: I'm your man **22.55** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **23.25** Undercover Boss




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þessa dagana hef ég verið að spila tónlist eftir Timber Timbre, Bon Iver og þess háttar rómantík. Svo er ég alltaf með augun opin fyrir nýjum og spennandi flytjendum og er nánast alæta á góða tónlist.“*

Guðbjörg Jakobsdóttir fatahönnuður.

# Ræktuðu kartöflur á húsþaki

„Ég og Sigríður Tulinius, fyrrum bekkjarsystir mín úr Listaháskólanum, bjuggum til lítinn garð fyrir framan gallerí Kaffistofu við Hverfisgötu í fyrrasumar. Það verkefni vatt upp á sig og við sóttum um styrk frá Evrópu unga fólksins til að gera matjurtagarð á þaki gallerísins sem væri opinn almenningi,“ segir Anna Hrund Másdóttir listakona. Þær stöllur komu upp myndarlegum matjurtagarði á húsþaki við Hverfisgötu í sumar og ræktuðu þar meðal annars kál, kartöflur og kryddjurtir.

Anna Hrund segir nágranna Kaffistofunnar hafa tekið vel í verkefnið og nýttu nokkrir aðstöðuna til að rækta eigið grænmeti. „Nágrannarnir tóku mjög vel í þetta og pössuðu vel upp á garðinn þannig að hann fékk alveg að vera í friði fyrir skemmdarvörgum. Í kjölfarið kynntumst við líka nágrönnum gallerísins betur og það var mjög jákvætt. Fólk hefði samt mátt nota garðinn meira, en það breytist kannski í framtíðinni.“

Um síðustu helgi var haldin uppskeruhátíð og buðu stúlkurnar þá nágrönnum sínum, vinum og vandamönnum í bragðgóða grænmetissúpu sem löguð var úr heimaræktuðu grænmeti. Innt eftir því hvort þær hyggist endurtaka leikinn að ári liðnu segist Anna Hrund ekki viss. „Það fer náttúrulega mikill tími í að hugsa um svona garð, það þarf að vökva hann á hverjum degi og sjá um plönturnar. Ég vona frekar að við séum búnar að sá fræjum í huga fólks og að aðrir taki sig til og geri svona garða sjálfir. En maður veit aldrei, ég væri alveg til í að gera tilraun til þess að rækta eplatré næsta sumar.“ - sm



**GRÆNIR FINGUR** Anna Hrund Másdóttir bjó til matjurtagarð á húsþaki við Hverfisgötu ásamt vinkonu sinni, Sigríði Tulinius. Mikil uppskeruhátíð var haldin um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** stækkuðu, 6. klafi, 8. netja, 9. rangl, 11. númer, 12. fáni, 14. lítið glas, 16. gyltu, 17. berja, 18. orga, 20. org, 21. þraut.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, 3. kringum, 4. áttfætla, 5. dýrahljóð, 7. kálsoð, 10. flík, 13. loft, 15. pabbi, 16. haf, 19. tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. júku, 6. ok, 8. mör, 9. ráf, 11. nr, 12. flagg, 14. staup, 16. sú, 17. slá, 18. æpa, 20. óp, 21. raun.
**LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. um, 4. könguló, 5. urr, 7. kálsúpa, 10. fat, 13. gas, 15. pápi, 16. sær, 19. au.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Polar-verðlaunin sænsku.
2. 90 milljónir króna.
3. Nýtt ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

HALLDÓR ÞORGEIRSSON: ÖÐRUVÍSI HEIMILDARMYND UM NÓBELSKÁLDIÐ

# Halldór Laxness hálfgerður Forrest Gump Íslendinga

Afgangurinn af leyniskjölum bandarísku leyniþjónustunnar um Halldór Kiljan Laxness og dvöl hans í Hollywood er kominn í öruggt skjól bandaríska utanríkisráðuneytisins. Og þar með er talið ólíklegt að þau verði einhvern tímann gerð opinber þar sem skjöl í vörslu ráðuneytisins teljast varða þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Þetta segir Halldór Þorgeirsson, kvikmyndagerðarmaður og tengdasonur Halldórs, en hann hyggst gera heimildarmynd um nóbelskáldið. Halldór grunar að Bandaríkjastjórn hafi engra sérstakra hagsmuna að gæta með að breiða yfir skjölin með þessum hætti, þetta sé miklu frekar vinargreiði við einhverja Íslendinga. Fram kom í Fréttablaðinu snemma á þessu ári að bandaríski fræðimaðurinn Chay Lemoine hefði sömuleiðis komið að lokuðum dyrum í utanríkisráðuneytinu en fjölskylda Halldórs hefur fengið að sjá þréttán lítilfjörleg skjöl.

RÚV og sænska ríkissjónvarpið koma að gerð myndarinnar sem og Kvikmyndamiðstöð Íslands. „Svíum virðist einhvern veginn renna blóðið til skyldunnar, þeir hafa alltaf haft áhuga á Halldóri enda eiga þeir Nóbelinn. Í þeirra huga er hann mjög merkilegt, norrænt skáld og vildu gjarnan vera með,“ segir Halldór. Tökuliðið mun ferðast til höfuðborgar Bandaríkjanna sem og annarra Evrópulanda en Halldór skrifar sjálfur handritið ásamt Sigurði Valgeirssyni. Reiknað er með að tökur hefjist á allra næstu vikum.

Halldór segir heimildarmyndina ekki vera dæmigerða heimildarmynd um Halldór, þar sem hann sést iðulega á röltinu kringum heimili sitt að Gljúfrasteini. Myndin eigi að fjalla um skáldið í heimssögulegu tilliti og pólitíkina sem hann lifði og hrærðist í. „Við höfum oft grínast með það að Halldór væri svona Forrest Gump okkar Íslendinga, hann virtist, eins og bandaríska söguhetjan, hafa einstakt lag á að vera viðstaddur heimssögulega viðburði.“ Halldór nefnir til að mynda Búkarín-réttarhöldin í Moskvu 1938 þegar hreinsanir Stalíns stóðu yfir, Ólympíuleikana í Berlín árið 1936, þegar sjálfur Hitler sýndi mátt sinn, og svo var Halldór í Ameríku þegar kreppan mikla reið yfir árið 1929. Að ekki sé minnst á þá miklu örlagatíma sem íslenska þjóðin gekk í gegnum á þessum árum.

Halldór segir mikið til af lifandi myndum af Halldóri, sennilega hafi fáir Íslendingar verið myndaðir jafnmikið og skáldið. „Það er mikið til af myndum í Þýskalandi, sérstaklega í Köln, og þetta eru brot sem hafa aldrei áður komið fyrir augu almennings.“

freyrgigja@frettabladid.is



**HALLDÓR Í HEIMSSÖGULEGU SAMHENGI**
Ný heimildarmynd um nóbelskáldið Halldór Kiljan Laxness er nú í bígerð en hún mun fjalla um stjórnmálaþátttöku Halldórs og nærveru hans í heimssögulegum viðburðum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýr listi yfir væntanleg verkefni hjá íslenskum kvikmyndagerðarmönnum leit dagsins ljós á vefsíðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Athygli vekur að engin ný leikin mynd, er þar á lista yfir verkefni sem fá vilyrði fyrir styrk. Eina íslenska myndin sem hlýtur slíkt vilyrði er Eldfjallið eftir **Rúnar Rúnarsson** en Fréttablaðið greindi frá henni fyrir nokkru. Þrjár myndir fá framleiðslustyrk en það eru Gauragangur, Okkar eigin Osló og Djúpið.



Hins vegar vekur athygli að þrjú handrit upp úr skáldsögum eru nú í vinnslu. Þetta er Aska **Yrsu Sigurðardóttur** sem Sigurjón Kjartansson vinnur að, Garðurinn sem Kristófer Dignus skrifar upp úr samnefndri bók Gerðar Kristnýjar og svo situr Ottó Geir Borg og skrifar handrit eftir bókinni Draugaslóð eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær verður Regnboginn endurnefndur Bíó Paradís: Heimili kvikmyndanna. Nafngiftin hefur mælst ágætlega fyrir nema hjá einum, **Hugleiki Dagssyni.** Hann segist vera ákaflega ósáttur við nafngiftina á bíóbloggi sínu og þykir það tilgerðarlegt og hræðilegt. Bætir því svo reyndar við að hann væri ekki nörd ef hann léti ekki svona smáatriði hafa áhrif á sig. - fgg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
LÚÐUTILBOÐ
25% AFSLÁTTUR AF
LÚÐUSNEIÐUM OG FLÖKUM
tilboðið gildir í dag.
opið alla laugardaga frá 11-14
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Jordan á meðal áhorfenda

„Iðulega á svona bardögum er troðfullt af einhverju frægu fólki. Það væri vel við hæfi ef Jordan myndi fylgjast með kærastanum sínum,“ segir bardagakappinn Gunnar Nelson.

Hann mætir Bretanum Eugene Fadiora í Birmingham 25. september í blönduðum bardagalistum. Á eftir þeim etja kappi þeir Tom Watson og Alex Reid, eiginmaður glamúrgellunnar Jordan, í aðalbardaga kvöldsins. Búast má við mikilli fjölmiðlaumfjöllun í Bretlandi fyrir bardagann og Gunnar býst við fjölda þekktra andlita í áhorfendaskaranum, þar á meðal Jordan.

Hún og Reid hafa verið áberandi á síðum breskra götublaða undanfarin ár. Jordan er þekktust fyrir fyrirsætustörf sín og Reid vakti athygli þegar hann sigraði í raunveruleikaþættinum Celebrity Big Brother. Hann er einnig þekktur fyrir að kalla sig Roxanne og klæða sig í kvenmannsföt.

Gunnar ætlar að fylgjast með bardaga Reids og Watsons en þangað til mun hann einbeita sér að eigin bardaga. Mótherjinn Fadiora hefur barist tíu sinnum og alltaf unnið og því þarf íslenski víkingurinn að taka á öllu sem hann á ætli hann að bera sigur úr býtum. Gunnar hefur gott sjálfstraust um þessar mundir því nýlega vann hann Danny Mitchell eftir tæplega þriggja mínútna bardaga. Mitchell þessi hafði fyrir viðureignina einungis tapað einu sinni á ferlinum og þá fyrir Fadiora.

Gunnar á von á skemmtilegum bardaga og er hvergi banginn, enda í hörkuformi um þessar mundir. „Maður stefnir á að gera líkt og áður og reyna að klára þetta örugglega.“ - fb



**JORDAN** Jordan, sem heitir réttu nafni Katie Price, verður vafalítið á meðal áhorfenda.



**GUNNAR NELSON** Bardagakappinn Gunnar Nelson keppir á undan Alex Reid, eiginmanni Jordan, í Birmingham 25. september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


„Hörkustuð á fjölum Borgarleikhússins... Gauragangur er þéttur og skemmtilegur söngleikur sem höfðar jafnt til ungra sem aldinna.“
I.Þ. Mbl.
„Það var dúndurstuð í Borgarleikhúsinu...“
E.B. Fbl.
GAURA GANGUR
eftir Ólaf Hauk Símonarson
með tónlist eftir Nýdönsk
Kortasala í fullum gangi!
Áskriftarkort fyrir unga fólkið
4 sýningar á aðeins 5.900 kr.
„Frábær skemmtun frá upphafi til enda... Já, það er óhætt að mæla með þessari kröftugu sýningu.“
H.V.H. midjan.is
„Guðjón Davíð er stjarna kvöldsins... vinnur leiksigur í aðalhlutverkinu... Það blómstrar flest í höndunum á Magnúsi Geir.“
J.V.J. DV
„Gauragangur lýsir af mann-kærleika og lífsgleði sem smitar út frá sér... Enda er það aðall þessarar sýningar, hversu allir eru einbeittir og samstilltir. Metnaðurinn skín úr hverju andliti.“
– B.S. pressan.is
Ein vinsælasta sýning síðasta árs snýr aftur!
fös. 3/9 kl. 20 UPPSELT
lau. 4/9 kl. 20 örfá sæti
fös. 10/9 kl. 20 UPPSELT
lau. 11/9 kl. 20 örfá sæti
fös. 17/9 kl. 20 örfá sæti
lau. 18/9 kl. 20
sun. 26/9 kl. 20
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skárri eða verri?

Eins og kom fram í fjölmiðlum í gær tók **Björk Guðmundsdóttir** við Polar-verðlaununum úr hendi Karls Gústafs Svíakonungs. Björk er að sjálfsögðu heimsfrægur listamaður og hefur þegar skapað sér ákveðinn orðstír með vali sínu á klæðnaði við opinberar athafnir líkt og í Svíþjóð í gær. Einhverjir erlendir fjölmiðlar voru efins um ágæti fjólubláa kjólsins og töldu hann jafnvel verri en svanakjólinn fræga sem öðlaðist mikla frægð þegar íslenska söngkonan klæddist honum við Óskarsverðlaunin.



### Brenglaður borgarstjóri býður góðan dag

„Góðan daginn"-dagurinn er haldinn hátíðlegur í Reykjavík í fyrsta sinn í dag. Dagurinn er hugarsmíð **Jóns Gnarr** og hann lýsir tilurð hans í grein í blaðinu í dag. Í tilefni dagsins sendi borgarstjórinn samstarfsmönnum sínum í Ráðhúsinu myndskilaboð í gær, þar sem hann fer yfir hugmyndina að baki deginum og ólíkar leiðir til að bjóða góðan daginn. Hægt er að nálgast myndbandið á Youtube, og glöggir taka eftir því að líkast til hefur borgarstjórinn átt eitthvað við höfuðlagið á sér með hjálp tölvutækninnar. Fyrir áhugasama er slóðin á myndbandið http://www.youtube.com/watch?v=Qnxu-YzIs_eY.

**- fgg, sh**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Var með unnustu Hannesar um nóttina
2. Spaugstofan á Stöð 2
3. Barbie stungið í steininn í Mexíkó
4. Prestar grétu og báðust fyrirgefningar
5. Brasilísk djass-söngkona svipt atvinnuleyfi vegna atvinnuleysis
6. Síðbúin hitabylgja á leiðinni







